

Bliki

12

DESEMBER 1992

MARIT UM FUGLA





BLIKI er gefinn út af dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í samvinnu við Fuglaverndarfélag Íslands og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmlegt er að fuglum lýtur.

Ritið kemur út a.m.k. einu sinni á ári. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með gíróseðli. Þeir sem þessa óska geta látið skrá sig á útsendingarlista og fá þá ritið við útgáfu.

Ritnefnd Blika skipa: Ævar Petersen (formaður), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Kjartan G. Magnússon.

Afgreiðsla ritsins er á Náttúrufræðistofnun Íslands, Hlemmi 3, pósthólf 5320, 125 Reykjavík. Sími (91)-629822.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar formanni ritnefndar á Náttúrufræðistofnun. Höfundar fá 25 sérprent af greinum sínum endurgjaldslaust.

Ábyrgðarmaður: Ævar Petersen.

Setning: BLIKI.

Spaltagerð: Prentsmiðjan Oddi hf.

Umbrot: BLIKI / Prentþjónustan hf.

Filmugerð: Prentþjónustan hf.

Litgreining: Prentþjónustan hf.

Prentun: Prentsmiðjan Edda.

Bókband: Prentsmiðjan Edda.

© 1992 BLIKI
ISSN 0256-4181

Forsíðumynd:

Æðarkóngur í æðarhópi.

Viðeyjarsund við Reykjavík.

21. mars 1990.

Ljósm. Jóhann Óli Hilmarsson.

BLIKI is published by the Icelandic Museum of Natural History, Department of Zoology, in cooperation with the Icelandic Society for the Protection of Birds, and bird observers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries in English are provided, except for some shorter notes.

The bulletin appears at least once a year. Each issue is priced separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the bulletin, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice or postal giro (account no. 29822-0).

Editorial board: Ævar Petersen (chairman), Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson, and Kjartan G. Magnússon.

All enquiries, including potential contributions, should be submitted to the chairman, at the Icelandic Museum of Natural History, PO Box 5320, 125 Reykjavík, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered. Authors are provided with 25 reprints of their contributions, free of charge.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý), are used in all Icelandic and foreign texts. In the references "HEIMILDIR" Icelandic authors are listed by their Christian name, as is customary in Iceland.

Fitjatíta finnst hér á landi

Inngangur

Pann 1. október 1989 var undirritaður ásamt þeim Gauki Hjartarsyni, Gunnlaugi Þráinssyni og Ólafi Einarssyni að skoða fugla á Suðurnesjum. Í þeirri ferð fannst fitjatíta *Calidris pusilla* í fyrsta sinn á Íslandi (1. mynd). Þessi fugl er amerískur vaðfugl og verður hér greint nánar frá tegundinni, greiningu hennar og ferðum öðru hvoru austur yfir Atlantshaf.

Ætterni fitjatítu

Fitjatíta er af ættkvíslinni *Calidris* eins og 17 aðrar tegundir. Þær hafa verið nefndar „títur“ á íslensku ásamt nokkrum náskyldum tegundum í öðrum ættkvíslum. Títurnar eru vaðfuglar af snípuætt (*Scolopacidae*) og teljast þar af leiðandi til ættbálks strandfugla (*Charadriiformes*).

Í Evrópu verpa eða eru umferðarfuglar alls 7 *Calidris* tegundir, spóatíta *C. ferruginea*, lóupræll *C. alpina*, bakkatíta *C. temminckii*, veimiltíta *C. minuta*, rauðbrystingur *C. canutus*, sanderla *C.*

alba og sendlingur *C. maritima*. Lóupræll og sendlingur verpa hér á landi, rauðbrystingur og sanderla eru hér umferðarfuglar, en spóatíta og veimiltíta flækjast hingað endrum og eins.

Allmargar tegundir af þessari ættkvísl verpa í N-Ameríku auk sendlings, rauðbrystings, lóupræls og sanderlu, s.s. fitjatíta *C. pusilla*, hólmatíta *C. mauri*, mærutíta *C. minutilla*, vaðlatíta *C. fuscicollis*, leirutíta *C. bairdii*, roðatíta *C. ruficollis* og rákatíta *C. melanotos*. Allar þessar tegundir sjást annað slagið í Evrópu, þó í mismiklum mæli. Að auki hafa sést í Evrópu asísku tegundirnar sportíta *C. subminuta*, ósatíta *C. acuminata* og grátíta *C. tenuirostris*. Hér á landi sjást vaðlatíta og rákatíta nær árlega, en mærutíta eru mun sjaldséðari.

Auk ofangreindra tegunda telst einnig hleintíta *C. ptilocnemis* til þessarar ættkvíslar, en hún verpur á eyjum í Beringshafi. Grátíta og hleintíta eru nýn efni á viðkomandi tegundum (en að undirlagi höfundar hefur nafnið „dreyr-


1. mynd. Fitjatítan í Fuglavík á Miðnesi, Gull., 1. október 1989. – *The Semipalmated Sandpiper in F. glavík á Miðnesi, Gull., 1 October 1989.* – Ljósm. Gunnlaugur Þráinsson.



brýstingur“ birst áður fyrir tegundina *C. tenuirostris*, en það á alls ekki við, enda eru fuglarnir aldrei rauðir á bringu).

Útbreiðsla

Fitjatíta verpur á tundra-svæðum N-Ameríku frá norðausturströndum Labrador, Baffinslandi, Hudsonsflóa og Viktoríueyjar vestur til Alaska og þaðan suður að Yukonfljóti (2. mynd). Fitjatítur eru algjörir farfuglar. Vetrarstöðvarnar eru á strandsvæðum S-Ameríku, suður að Perú og Úrúgvæ og norður til V-Indía (Haítí) að austanverðu og Mið-Ameríkulanda (Gvatemala) að vestanverðu (2. mynd). Varpsvæðin skiptast í þrjá meginhluta: Alaska, Mið-Kanada og Austur-Kanada, en hver þessara varpstofna hefur mismunandi farleiðir



2. mynd. Varpútbreiðsla (rautt svæði) og vetrarstöðvar fitjatítu (blátt svæði). – Breeding (red) and winter (blue) distribution of the Semipalmated Sandpiper.

til S-Ameríku þar sem þeir blandast meira eða minna saman á veturna (Cramp & Simmons 1983).

Fitjatítur velja sér oft hreiðurstæði nærri tjörnum og pollum, en hafa meiri tilhneigingu en aðrir vaðfuglar til að verpa á berangri í nágrenni þeirra. Í júlí og ágúst eru þær við tjarnir og ár. Á farleiðum leita þær oftast fæðu í pollum sem verða til eftir háflæði, eða ofarlega í fjörum (ekki við sjávarborð) þar á meðal í þangi og þara í leit að skordýrum. Á vetrarstöðvum eru fitjatítur tíðum við sjávarlón eða á leirum, en sjást sjaldan inn til lands. Fitjatítur fljúga yfirleitt lágt, jafnvel á biðilsflugi á vorin (Cramp & Simmons 1983).

Fitjatítur í Evrópu

Til ársloka 1989 hafa alls um 76 fitjatítur sést í Evrópu. Fuglar frá Azoreyjum eru taldir með, en ekki fuglar frá Madeira og Ísrael. Í Bretlandi og á Írlandi hafa sést 57 fuglar, eða um 75% allra fuglanna:

Írland: 32 fuglar, þar af 7 fullorðnir, 22 ungfuglar og 3 óaldursgreindir (Mullarney 1987, Rogers o.fl. 1979, 1981-1990).

Bretland: 25 fuglar, þar af 5 fullorðnir, 4 á fyrsta vetri og 16 ungfuglar (Rogers o.fl. 1979, 1981-1990, Peter Fraser og Steve Gantlett, bréfl. uppl.).


Azoreyjar: Um 10 fuglar, flestir ótímasettir, en einn 1963, einn 1978, einn 1. okt. 1988 og annar 8.-9. okt. 1988 (Cramp & Simmons 1983, Anon 1988, Hirschfeld & Oreel 1988, Lewington, Alström & Colston 1991).

Frakkland: 3 fuglar, sá fyrsti 15. sept. 1930, annar 9. sept. 1982 og hinn þriðji 12.-13. sept. 1988 (Dubois & C.H.N. 1987, 1989).

V-Pýskaland: Athugun á fugli, sem getið er frá árinu 1970 í BWP (Cramp & Simmons 1983), er í endurskoðun (Peter H. Barthel, samtal).

Austurríki: Einn 3.-9. nóv. 1985 (Anon 1987).

3. mynd. Fjöldi fitjatítna sem sést hafa í Evrópu eftir vikum til loka 1989. Dökku súlurnar sýna fyrstu athuganir, en þær hvítu allar athuganir. – *The number of Semipalmated Sandpipers seen in Europe up to and including 1989 on a weekly basis. The dark columns show the first observation for a given bird, but the white columns all observations.*



Noregur: Einn 10.-12. ágúst 1987 (Bentz 1989).

Danmörk: Einn 18. sept. 1987 (Olsen 1991).

Holland: Einn 12.-13. júní 1989 (van der Berg o.fl. 1991).

Ísland: Einn ungfugl 1. okt. 1989.

Portúgal: Einn ungfugl 18. okt. 1989 (Anon 1989).

Á línuriti (3. mynd) sést hvenær fitjatítur hafa fundist í Evrópu. Þær sjást nær eingöngu á haustin frá ágúst til október, langflestar í september. Stöku fuglar hafa sést frá maí til júl og í nóvember. Ein fitjatíta dvaldist í Bretlandi veturinn 1982-83. Af þessum ca. 76 fitjatítum sem fundist hafa í Evrópu hafa a.m.k. 57 sést frá og með 1980, eða á undanförunum tíu árum, enda hefur þekking fuglaskoðara aukist verulega á síðasta áratug í kjölfar ýmissa tímaritsgreina og bóka um vaðfuglagreiningar.

Hve margir amerískir vaðfuglar finnast í Bretlandi og á Írlandi er sennilega nokkuð góður mælikvarði á hlutfallslega tíðni þeirra í V-Evrópu. Eins og áður segir hafa þar sést 57 fitjatítur til og með 1989. Af öðrum litlum titum sem þar hafa sést (til og með 1989) má nefna 32 mærutítur og 6 hólmatítur. Einungis ein roðatíta hefur sést í Bretlandi (Dymond, Fraser & Gantlett 1989).

Fuglinn á Miðnesi

Fitjatítan í Fuglavík á Miðnesi sást fyrst með lóuprælum og sanderlum í sandfjöru syðst í vikinni, en var ekki greind frekar þá. Nokkru síðar fannst hún við fjörupoll efst í vikinni upp af þeim stað þar sem hún sást fyrst. Var hún að leita ætis ásamt lóuprælum. Hún var fremur gæf og náðust af henni nokkrar myndir (m.a. 1. mynd). Þess má geta að sama dag sást rákatíta við Hvalsnes nokkru sunnar og krúnuskríkja *Dendroica coronata* í Höfnum. Nokkrum dögum áður höfðu sést tvær fléttuskríkjur *Parula americana* við Eyrarbakka og á Heimaey. Skömmu síðar sáust einnig vaðlatíta og rákatíta á Suðvesturlandi (GP, GP & EÓ 1991), og í síðari hluta október fannst amerískur smyrill dauður *Falco c. columbarius* á Akranesi (Ævar Petersen 1992). Svona margir amerískir fuglar á skömmum tíma er heldur óvenjulegt hér á landi, enda má sennilega rekja komu flestra þeirra til fellibylsins Hugo, eða leifa hans, sem hér fór norðaustur um Vestfirði þann 26. október. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem leifar fellibyls flytja ameríska fugla hingað til lands. Ein fitjatíta sást á Englandi og önnur á Írlandi haustið 1989, báðar í lok ágúst, eða mánuði fyrr en hér.

Þeir sem fundu fitjatítuna töldu að

Tafla 1. Nokkur greiningareinkenni títna af ættkvíslinni *Calidris*: **S** = stærð, **L** = lappalitur (*D* = dökkur, *L* = ljós), **G** = gumplitur (*D* = dökkur, *L* = ljós), **N** = neflengd (meðaltal kynja). Byggt á Cramp & Simmons (1983). – *Some identification features of the Calidris species*: **S** = size, **L** = colour of legs, **G** = colour of rump (*D* = dark, *L* = pale), **N** = length of bill (mean of sexes). Based on Cramp & Simmons (1983).

Heiti	Tegund	S cm	L	G	N mm
Grátíta	<i>tenuirostis</i>	26-28	D	D	43
Rauðbrystingur	<i>canutus</i>	23-25	D	D	34
Hleintíta	<i>ptilocnemis</i>	20-23	L	D	?
Sendlingur	<i>maritima</i>	20-22	L	D	32
Rákátíta	<i>melanotos</i>	19-23	L	D	29
Sanderla	<i>alba</i>	20-21	D	D	25
Ósatíta	<i>acuminata</i>	17-20	L	D	26
Spóatíta	<i>ferruginea</i>	18-19	D	L	38
Lóupræll	<i>alpina schinzii</i>	16-20	D	D	30
Vaflátíta	<i>fuscicollis</i>	15-17	D	L	24
Leirutíta	<i>bairdii</i>	14-16	D	D	23
Hólmatíta	<i>mauri</i>	14-17	D	D	25
Róðatíta	<i>ruficollis</i>	13-16	D	D	18
Fitjatíta	<i>pusilla</i>	13-15	D	D	19
Bakkatíta	<i>temminckii</i>	13-15	L	D	17
Sportíta	<i>subminuta</i>	13-14	L	D	18
Veimiltíta	<i>minuta</i>	12-14	D	D	18
Mærutíta	<i>minutilla</i>	11-12	L	D	19

hér gæti verið um veimiltítu að ræða, en höfðu þó uppi efasemdir vegna þess hve títu greiningar geta verið torveldar, eins og vikið verður að hér á eftir. Þess vegna var fuglinum safnað (nú varðveittur á Náttúrufræðistofnun Íslands, RM 10190). Samkvæmt búningi er fuglinn ungfugl (á fyrsta hausti), en kyn varð ekki greint í krufningu.

Greining á titum

Margar tegundir af ættkvíslinni *Calidris* er mjög erfitt að greina sundur. Sumar tegundir eru þó auðgreindar, eins og sendlingur, rauðbrystingur og jafnvel sanderla, þótt sanderla geti stundum vafist fyrir mönnum. Auðveldast er að greina fugla í sumar búningi, enda eru þá margar tegundanna meira eða minna roðalitar. Hins vegar sjást sjaldgæfari tegundirnar yfirleitt í Evrópu á haustin, mest ungfuglar, en einnig fullorðnir fuglar sem eru komnir í vetrarbúning og eru þá gráir að mestu leyti. Það getur því verið hin mesta þraut fyrir fuglaskoðara að greina litlar titur til tegundar, enda hafa menn verið óþreytandi að skrifa um greiningu þeirra í ým-

is erlend fuglatímarit og bækur (sjá t.d. Jonsson & Grant 1984, Grant 1986, Hayman o.fl. 1986, Alström & Olsson 1989 og Chandler 1990).

Jafnan er stærð títna gott greiningareinkenni, svo og einhver líkamseinkenni önnur svo sem neflengd, lappalitur, litur á gumpi og rödd. Lappa- og tálengd er einnig gott greiningareinkenni nokkurra títna. Auk þess er mjög farið að nota kollrákir, lit á axlarfjöðrum („scapulars“) og baklit. Einkum er það liturinn á miðju og jöðrum fjaðranna sem er nokkuð breytilegur milli tegunda og myndast því mismunandi mynstur á baki þeirra í sumar-, vetrar- og ungfuglabúningi. Of langt mál er að fara út í þessa hluti hér.

Í töflu 1 er yfirlit yfir nokkur greiningareinkenni vaðfugla af ættkvíslinni *Calidris*, og er tegundunum raðað þar nokkurn veginn eftir stærð. Neðan striksins eru minnstu titurnar, svokallaðar smátítur (kallaðar „stints“ eða „peeps“ á ensku). Stærð og væng- og neflengd, er nokkuð breytileg milli kynja, og eru kvenfuglar flestra tegundanna væng- og neflengri en karlfuglar.


Kvenfuglar rákatítu og ósatítu eru þó nokkru minni en karlfuglarnir. Þær tegundir sem hafa lengst nef eru spóatíta, lóupræll, grátíta, hólmatíta og mærutíta (kvenfuglar), en styst nef hafa sanderla, roðatíta og bakkatíta. Fitjatíta og hólmatíta eru einu títurnar sem hafa vott af fitjum milli tána, sérstaklega milli miðtáar og ytri táar. Þessar fitjar sjást yfirleitt ekki úti í náttúrunni og eru því ónothæfar sem greiningareinkenni, nema fuglinn náist.

Greining fitjatítu

Fitjatíta hefur satt að segja engin áberandi greiningareinkenni. Hún telst til smátítu (sjá töflu 1), hefur dökkan gump og dökkar lappir eins og margar aðrar títur, og er hvorki neflöng né nefstutt. Sama er að segja um lappa- og tálengd. Fitjatíta er að vísu sú títa sem hefur einna minnstan ryðlit í sumarbúningi, en það kemur lítið að gagni í Evrópu að haustlagi.

Eitt helsta greiningareinkenni fitjatítu er stærðin, en til þess að fuglaskoðarar átti sig á henni þarf helst einnig að vera til samanburðar einhver vaðfugl sem menn þekkja vel og er ekki of stór í samanburði við fitjatítu, svo sem lóupræll. Fitjatíta er mun minni en lóupræll. Síðan er helst til ráða að útiloka aðrar smátítur í sama stærðarflokki, s.s. bakkatítu, sportítu og mærutítu, sem eru allar með ljósar lappir. Hvað lappalit varðar þarf að gæta varúðar, þar sem ljósar lappir geta sýnst dökkar (og dökkar lappir ljósar), jafnvel á stuttu færi, ef birtuskilyrði eru þess eðlis, t.d. í sterku sólskini.

Þá eru eftir roðatíta, veimiltíta og hólmatíta, sem allar eru mjög líkar fitjatítu, bæði í stærð og útliti. Þær hafa allar dökkar lappir eins og hún. Hólmatíta er nokkuð neflengri en hinar títurnar (4. mynd), og því auðgreindust, ef ekki er um sérstaklega nefstutta karlfugla að ræða. Neflangar fitjatítur geta haft jafnlangt nef og nefstuttar hólmatítur.



4. mynd. Nefflengd fitjatítu borin saman við nefflengd hólmatítu, roðatítu, veimiltítu og íslenskra og grænlandska lóupræla. Nefflengd í mm er á lárétta kvarðanum. Ferlarnir (staða fráviksdreifingar) sýna hlutfallslegan fjölda fugla með viðkomandi nefflengd. Flestir einstaklingar hafa þá nefflengd þar sem ferillinn er hæstur, en tiltölulega fáir þar sem ferillinn er lægstur. Mismunandi hæð ferla ræðst einungis af því að flatarmálið undir þeim er ávallt hið sama. Dreifingar eru unnar upp úr tölum um meðaltal og staðalfrávik nefflengda í Cramp & Simmons 1983. L = heildarlengd tegunda í cm (skv. Hayman o.fl. 1986). – Length of bill (in mm) of Semipalmated Sandpiper, Western Sandpiper, Red-necked Stint, Little Stint and Dunlin (both *C. a. schinzii* and *C. a. arctica*), based on mean and SD values in Cramp & Simmons 1983. L = total length of the species in cm, based on Hayman et al. 1986.

Tafla 2. Helstu greiningareinkenni fitjatítu og veimiltítu (skv. Hayman o.fl. 1986 og Jonsson & Grant 1984). – *Principal field characters of Semipalmated Sandpiper and Little Stint (based on Hayman et al. 1986 and Jonsson & Grant 1984).*

	Fitjatíta	Veimiltíta
Einkenni:	<i>Calidris pusilla</i>	<i>Calidris minuta</i>
Á öllum timum:		
Neflögun:	Beint, þykkar í broddinn	Nærri beint, broddur finn
Tær:	Fitjar að hluta	Fitjalausar
Rödd:	Lágt "tsrúp" eða "krít"	Stutt, mjóróma "stít-tít"
Skögun handflugfj.: *)	Stutt	Löng
Varpbúningur:		
Kverk, brúnarák:	Hvítleit	Hvítleit
Axlafjaðrir, bakfjaðrir:	Svartar, jaðrar gráir, lítill ryðlitir	Svartar, jaðrar ryðlitir og hvítir
Bak/axlafjaðra-línur:	Nánast engar	Áberandi
Bringa:	Hvít, fremur áberandi rákótt	Lítillega bleiklituð, litlar rákir
Síðurákir:	Mjög litlar	Engar
Vetrarbúningur:		
Bak- og vænglitur:	Brúngrár	Brúngrár
Bringumynstur:	Ógreinilegar rákir á hliðum, ná ekki saman að framan	Sumar hafa grátt, fínt rákabelti á bringu
Ungfuglar:		
Klofin brúnarák:	Sjaldséð	Ljósar hliðarkollrákir meðfram dökkum kolljöðrum
Bak/axlafjaðra-línur:	Nánast engar	Áberandi
Bakfjaðrajaðrar:	Ljósugulir eða ryðlitir	Aðallega ryðlitir
Axlafjaðrir (scapulars):	Dökkar; neðri hafa ljósa miðju og dökkkan akkerislaga framhluta, hvítleitir broddur, ljósryðlitir jaðrar; Hreistruð áferð	Allar með dökka miðju, ryðlita og hvíta jaðra
Alnarfjaðrir (tertials):	Gráar miðjur, gulleitir eða ljósrauðleitir jaðrar	Svartleitir miðjur, jaðrar yfirleitt ryðlitir
Vængþökur:	Grábrúnar, hvítir eða ljósgulleitir jaðrar	Brúnar, dökkgulleitir eða ryðlitir jaðrar
Bringa:	Ljósgulleit, margar óljósar rákir	Rauðgulleit, hliðar greinilega rákóttar

*) Hve langt handflugfjaðrir ná aftur fyrir alnarfjaðrir ("tertials") á sitjandi fugli.

Roðatíta hefur sterkan ryðlit í sumar-búningi, en fitjatíta hefur mun minni eða nær engan ryðlit. Fullorðnir fuglar í vetrarbúningi (frá og með sept.) eru nánast gráir á baki og vængjum eins og fitjatítur. Ungar roðatítur á haustin (fram til nóv.) eru nokkuð ryðlitar á baki, en ungar fitjatítur síður eða ekki. Sama lýsing á raunar við um veimiltítur og roðatítur, en veimiltítur eru þó ekki eins ryðlitar í sumar-búningi. Miðað við stærð hafa roðatítur að jafnaði heldur

styttra nef en veimiltítur og fitjatítur. Sennilega er því erfiðara að greina fitjatítur frá veimiltítum en roðatítum, þar sem veimiltítur hafa nánast sömu hlutföll milli nefs, skrokks og lappa og fitjatítur. Veimiltítur á fyrsta hausti hafa þó V-laga rákir á baki, sem fitjatítur hafa ekki eða þá fremur ógreinilegar rákir. Meiri nefhæð við nefrót hefur stundum verið notuð til að greina fitjatítur frá roðatítum og veimiltítum.

Veimiltítur eru að jafnaði aðeins minni en fitjatítur, roðatítur og hólmatítur. Þar sem munurinn er sáralítill og breytilegur milli einstaklinga er stærðin ekki gott greiningareinkenni, nema þessar tegundir sjáist saman, sem er ekki líklegt að eigi sér stað hér á landi. Samanburður á lengd nefs og heildarlengd dökkfættra smátítna (og lóupræls) er sýndur á 4. mynd. Þar sést vel að nokkur munur getur verið á neflengd milli kynja. Í töflu 2 eru skráð helstu einkenni sem greina að fitjatítu og veimiltítu, en það eru þær tegundir sem ætla má að séu hér algengastar af ofangreindum smátítum.

Rödd fitjatítu hefur verið tilgreind sem greiningareinkenni, en henni er erfitt að lýsa í orðum (einshljóða „r“, „tjsryp“, „tjserk“ eða „krít“). Hún er talin mjög frábrugðin rödd hólmatítu, og minnir fremur á lóupræl en veimiltítu (þ.e. eitt eða endurtekið mjóróma „stit“). Fitjatítur hafa tilhneigingu til þess að standa uppréttari en veimiltíta, sérstaklega ef þær verða fyrir áreitni. Því má einnig bæta við að mönnum hefur fundist fitjatítur fara hægar í fæðuleit (það er ganga hægar fram á við) og leita betur að ætinu en veimiltítur og vaða minna en hólmatítur.

Sennilegt er að þær fitjatítur sem kunna að finnast hér á landi haldi sig ofarlega í fjörum fremur en við fjöruborð, og þá við fjörupolla eða í fjörugrjóti, þangi og þara, og líklega ekki mikið ofan fjörunnar eða inn til lands, eins og til dæmis grastíta *Tryngites subruficollis* virðist gera.

Niðurlag

Fyrir utan ofangreinda fitjatítu frá 1989 má geta þess að önnur fitjatíta sást í júlí 1990 og sú þriðja í október 1991, báðar á Suðvesturlandi. Til er birt heimild um fitjatítu á Melrakkasléttu í júlí 1986 (Whitfield & Magnússon 1987), en þar sem engar frekari upplýsingar hafa borist um hana þrátt fyrir eftir-

grennslan, hefur hún ekki verið tekin til greina.

Hér á landi hafa náðst sjö veimiltítur til og með 1989, auk þriggja sem ekki náðust, en voru greindar sem veimiltítur. Engin veimiltíta sást á árunum 1985-89. Menn þurfa því að hafa fitjatítu einnig í huga þegar þeir sjá litla títu, sem þeir telja vera veimiltítu. Einnig er rétt að gleyma ekki öðrum smátítum, en samkvæmt tölum frá Bretlandi og Írlandi ætti hólmatíta að vera hér um 10 sinnum sjaldgæfari en fitjatíta, og roðatíta um 50 sinnum sjaldgæfari. Mærutítan ætti að vera hér um helmingi sjaldgæfari en fitjatíta (hefur sést hér þrisvar til og með nóvember 1991). Miðað við þá tegund ættu því fleiri fitjatítur að hafa sést hér en raun ber vitni.

Lítið sem ekkert hefur verið skrifað á íslensku um greiningareinkenni smátítna, og það sem hér hefur verið rætt er aðeins ágrip af stærri meiði í greiningarfræði þessara tegunda. Alltaf verður mjög erfitt að greina ýmsar títur til tegundar, sérstaklega þær minni. Það sést best á því að ekki er langt síðan að Bretar og Írar endurskoðuðu allar sínar athuganir á fitjatítum og roðatítum og neyddust til að draga til baka margar athuganir sem áður höfðu birst á prenti (Wallace 1979, Mullarney 1987). Enginn hér á landi hefur viðunandi kunnáttu eða reynslu í greiningu smátítna. Hér er sennilega enginn sem kann full skil á búningum veimiltítu, sem er þó að mörgu leyti viðmiðunartegund hvað smátítugreiningar varðar.

ÞAKKIR

Ég vil þakka samferðamönnum mínum þann 1. október 1989, og þeim sem lásu greinina yfir fyrir birtingu. Bretarnir Peter Fraser í Bristol og Steve Gantlett í Norfolk veittu mér mikilvægar upplýsingar um fitjatítur í Bretlandi og Írlandi, leiðréttu og skýrðu meðal annars ósamræmi og villur í flækingsfuglaskýrslum tímaritsins „British Birds“ og bókinni „Rare Birds of Britain and Ireland“ (Dymond, Fraser & Gantlett 1989). Peter H. Barthel gaf mér upplýsingar um athugun frá Þýskalandi.

HEIMILDIR

- Alström, P., & U. Olsson 1989. The identification of juvenile Red-necked and Long-toed Stints. *Brit. Birds* 82(8): 360-372.
- Anon 1987. European news. *Brit. Birds* 80(7): 321-330.
- Anon 1988. Western Palearctic News. *Birding World* 1(10): 343-344.
- Anon 1989. Western Palearctic News. *Birding World* 2(10): 352-353.
- Bentz, P.-G., 1989. Sjældne fugler i Norge i 1987. Rapport fra Norsk sjældenhetskomité for fugl (NSKF). NZF og NOF. *Vår Fuglefauna* 12(2): 101-108.
- van den Berg, A.B., R.A. de By & CDNA 1991. Rare Birds in the Netherlands in 1989. *Dutch Birding* 13(2): 41-57.
- Chandler, R.J. 1990. Mystery photographs. *Brit. Birds* 83(2): 67-69.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1983. *The Birds of the Western Palearctic (BWP)*. Vol.3. Oxford University Press. Oxford.
- Dubois, P.J. & C.H.N. 1987, 1989. Les Observations d'Espèces Soumises à Homologation en France en 1986, 1988. *Alauda* 55(4): 325-355, 57(4): 263-294.
- Dymond, J.N., P.A. Fraser & S.J.M. Gantlett 1989. *Rare Birds of Britain and Ireland*. Poyser, Calton.
- Grant, P.J. 1986. Four problem stints. *Brit. Birds* 79(12): 609-621.
- Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson & Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1989. *Bliki* 11: 31-63.
- Hayman, P., J. Marchant & T. Prater 1986. *Shorebirds: an Identification Guide to the Waders of the World*. Helm, London.
- Hirschfeld, E. & G.J. Orrel 1988. Recent WP Reports. *Dutch Birding* 10(4): 192-194.
- Jonsson, L. & P.J. Grant 1984. Identification of stints and peeps. *Brit. Birds* 77(7): 293-315.
- Lewington, I., P. Alström & P. Colston 1991. *A Field Guide to the Rare Birds of Britain and Europe*. Domino Books. HarperCollins Publishers, England.
- Mullarney, K. 1987. Irish Rare Birds Committee report. *Irish Birds* 3: 491-494.
- Olsen, K.M. 1991. Sjældne fugle i Danmark og Grønland i 1989. *Dansk Orn. Foren. Tidsskr.* 85(1): 20-34.
- Rogers, M.J. & the Rarities Committee 1979. 1981-1990. *Brit. Birds* 72: 503-549, 74: 453-495, 75: 482-533, 76: 476-529, 77: 506-562, 78: 529-589, 79: 526-588, 80: 516-571, 81: 535-596, 82: 505-563, 83: 439-496.
- Wallace, D.I.M. 1979. Review of British records of Semipalmated Sandpipers and claimed Red-necked Stints. *Brit. Birds* 72(6): 264-274.

Whitfield, J.P. & J. Magnússon 1987. The migration of wader through north-east Iceland. *Wader Study Group Bull.* 49, Suppl.: 85-89.

Ævar Petersen 1992. Amerískur smyrill finnst hérlandis. *Bliki* 12: 11-14.

SUMMARY

The first Semipalmated Sandpiper *Calidris pusilla* found in Iceland

The first Semipalmated Sandpiper was recorded in Iceland when a single juvenile was observed and photographed at Fuglavík á Miðnesi, Gull. (SW Iceland) on 1 October 1989 (Fig. 1). The bird was collected due to the great identification difficulties of small stints and is now preserved as study skin at the Icelandic Museum of Natural History in Reykjavík (cat. no. RM 10190). It is most likely that the remains of the hurricane Hugo that passed NW Iceland on 26 October with strong SW wind, brought this bird to Iceland, along with a number of other nearctic vagrants reported at the end of September and the beginning of October. The second Semipalmated Sandpiper in Iceland was found in July 1990 and the third in October 1991. A record of a Semipalmated Sandpiper in NE Iceland in July 1986 has been published (Whitfield & Magnússon 1987) but not accepted by the rarities committee as no detailed information has been available.

In this paper major identification features of the *Calidris* species are outlined together with some comparison of Dunlin *C. alpina*, Semipalmated Sandpiper, Western Sandpiper *C. mauri*, Red-necked Stint *C. ruficollis*, and especially Little Stint *C. minuta*, which is also a rarity in Iceland (7 specimen records and 3 sight records up to 1989).

The ca 76 European records of Semipalmated Sandpipers up to and including 1989 are briefly discussed (including the Azores, but excluding Madeira and Israel), 75% of which are from Britain and Ireland (Fig. 3). About ten birds have been seen in the Azores, three in France, and one in each of Austria, Norway, Denmark, the Netherlands, Portugal and Iceland. A record from Germany in 1970 (Cramp & Simmons 1983) is under review by the German rarities committee (Peter H. Barthel, *pers. comm.*). Peter Fraser and Steve Gantlett explained and corrected some British records.

Gunnlaugur Pétursson, Gautlandi 21, 108 Reykjavík.


Brandendur í Eyjafirði 1990

Þann 24. maí 1990, er ég var að huga að æðarvarpi í hólum við ósa Hörgár í landi Skipalóns í Eyjafirði, sá ég tvær brandendur *Tadorna tadorna* (1. mynd). Ég hafði áður séð brandönd við Akureyri (sjá Gunnlaug Pétursson & Erling Ólafsson 1985, bls. 18) og einnig einn fugl síðan við Hörgárósa 27. maí 1985. Greindi ég strax hvaða fuglar voru hér á ferð, enda sáust þeir mjög vel í sjónauka, undan sól og ofan af háum melhól sem er neðst í árhólmunum. Fuglarnir voru í ætisleit á sjávarleirum, sem eru milli hólmanna og sandeyrar við sjóinn. Sjávarföll voru þannig, að leirurnar voru nýkomnar undan vatni. Ég sá að hér var um par að ræða, þar sem karlfuglinn var með áberandi rauðan hnúð

við nefrótina. Fuglarnir styggðust ekki.

Ég sá brandendurnar aftur þremur dögum síðar (27. maí) á flæðarbökkum sunnan Hörgár, skammt frá þeim stað er ég sá þær fyrst. Dagana 2. og 4. júní sá ég þær á flugi yfir þessu svæði, í fyrra skiptið flugu þær yfir sjónum inn fjörðinn, en í hitt skiptið flugu þær inn yfir ósasvæðið til norðurs.

Ég sá síðan ekkert til þeirra, þrátt fyrir nokkrar ferðir á þessar slóðir, fyrr en 1. júlí, að ég var á ferð við grasigrónar tóftir hins forna Gásakaupstaðar. Þá var háttalag þeirra eins og hjá öndum sem eiga egg eða unga. Þær flugu hvað eftir annað nálægt mér og báru sig illa, einkum kvenfuglinn. Ég hóf leit að hreiðri eða ungum en án árangurs. Þar sem kalt



1. mynd. Brandendur *Tadorna tadorna*. Teikning: Jón Baldur Hlíðberg.

var í veðri yfirgaf ég svæðið fljótlega og hélt áfram för minni út að Hörgárósum. Ég kom svo í bakaleiðinni á sama stað og ætlaði þá að sjá hvaðan fuglarnir kæmu, en þá bar svo við að ég sá engar brandendur og undraðist það mjög. Ég fór því af svæðinu en ákvað að kanna þetta nánar næsta dag.

Ég var spenntur að vita hvers ég yrði vísari á þessum slóðum að kvöldi 2. júlí. Og ekki varð ég fyrir vonbrigðum. Við mér blöstu brandendurnar með 6 unga á vatni sem er við Gáseyri. Ég sótti fólk heim í Skipalón til að vera vitni að þessari sýn með mér, en þá höfðu fuglarnir fært sig lengra út á vatnið, og vildum við ekki styggja þá. Þá sá ég að blikinn flaug að máfi sem renndi sér í átt að ungunum og rak hann á brott. Næsta morgun tilkynnti ég þessi tíðindi til Náttúrufræðistofnunar Íslands, ef áhugi væri fyrir hendi að sjá endurnar. Mér var mikið í mun, að þær yrðu ekki fyrir styggð og fengju að vera í friði á þessu svæði.

Dagana 3. og 6. júlí sá ég úr fjarlægð, að endurnar voru á sömu slóðum með ungana. Ólafur Einarsson kom að parinu með ungana á sömu slóðum um þetta leyti eftir að ég hafði látið Náttúrufræðistofnun vita, og var það enn með sína 6 unga. Gunnlaugur Pétursson, Arndís Ö. Guðmundsdóttir og Pétur Gunnlaugsson komu 14. júlí og sáu parið með 5 eða 6 unga. Fuglarnir voru mjög styggir og sáust aðeins á 200-300 m færi.

Vegna annríkis og fjarveru sá ég brandendurnar aðeins einu sinni enn. Það var 16. júlí og þá úr það mikilli fjarlægð, að ég gat ekki talið ungana. Gunnlaugur kom hins vegar aftur á svæðið 21. júlí ásamt Gunnlaugi Þráinsyni og náðu þeir að sjá parið en ekki telja ungana. Elti karlfuglinn máf sem var of nærgöngull við ungana. Þetta var í síðasta sinn sem brandandarparið sást, að því er vitað er.

Þetta er fyrsta varp brandandar sem

kunnugt er um hér á landi. Tegundin er fremur sjaldséð á Íslandi, en fram til og með 1989 höfðu aðeins sést 36 fuglar (Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1991, Gunnlaugur Pétursson o.fl. 1992).

Í bókinni „Fuglar Íslands og Evrópu“ (Peterson o.fl. 1962) er sagt, að kjörlendi brandanda sé láglendar, sendnar sjávarstrendur og sjávarleirur. Þær fara sjaldan langt frá sjó, og þær verpa í kanínuholum og öðrum fylgsnum, stundum í gróðurþykkni.

EKKI ER MÉR KUNNUGT UM AÐ HREIÐUR ANDANNA HAFI FUNDIST, ÞRÁTT FYRIR HVE ÁBERANDI ÞÆR ERU Í UMHVERFINU. MÉR ÞYKIR TRÚLEGGT, AÐ HREIÐRIÐ HAFI EKKI VERIÐ LANGT FRÁ ÞEIM STAÐ ER ÉG SÁ ENDURNAR Á ÞANN 1. JÚLÍ, ÞÓ EKKERT SÉ HÆGT AÐ FULLYRÐA UM ÞAÐ.

ÞAKKIR

Ég vil þakka Ævari Petersen fyrir upplýsingar og aðstoð við gerð þessa pistils.

HEIMILDIR

- Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1985. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1983. Bliki 4: 13-39.
Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1991. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1988. Bliki 10: 15-50.
Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson & Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1989. Bliki 11: 31-63.
Peterson, R.T., G. Mountfort & P.A.D. Hollom 1962. Fuglar Íslands og Evrópu. Almenna bókafélagið, Reykjavík. 384 bls. Finnur Guðmundsson íslenskaði og staðfærði.

SUMMARY

First breeding record for Shelduck in Iceland

Shelducks *Tadorna adorna* are relatively rare vagrants in Iceland. Only 36 birds had been seen up till (and including) 1989 (Gunnlaugur Pétursson & Erling Ólafsson 1991, Gunnlaugur Pétursson *et al.* 1992). In summer 1990 this species was recorded breeding for the first time in this country, in the region of Eyjafjörður, North Iceland. A pair was present on the river Hörgá delta from 27 May until 21 July. On 2 July the birds were seen with six young for the first time, again with five or six on 14 July, and at least some of the young were still alive on the 21 July.

Þórir Snorrason, Ósi, 603 Akureyri.

Amerískur smyrill finnst hérlandis


Eins og margir vita, er smyrill *Falco columbarius* allalgengur varpfugl hérlandis (Kjartan G. Magnússon & Ólafur K. Nielsen 1982). Þetta er útbreidd tegund í heiminum, sem finnst á breiðu belti á norðlægum slóðum allt umhverfis hnöttinn. Vídáttumestu svæðin sem smyrila vantar á eru heimskautaeyjar Kanada og Sovétríkjanna, Grænland og Svalbarði (Cramp & Simmons 1980).

Tegundinni er skipt í margar deilitegundir sem hver hefur sitt útbreiðslusvæði. Sumir fræðimenn telja deilitegundirnar vera níu (Mayr & Cottrell 1979, Palmer 1988), aðrir tala um tíu (Vaurie 1965, Cramp & Simmons 1980), eða jafnvel átta (Howard & Moore

1991). Heimsútbreiðsla þeirra er sýnd á 1. mynd.

Eining ríkir að mestu milli höfunda um níu deilitegundanna. Það er einkum deilitegundin *bendirei* í norðvestanverðri N-Ameríku, sem sumir efast um að eigi rétt á sér (Temple 1972a). Í Evrópu og Asíu eru sex deilitegundir og þrjár í N-Ameríku, en fjórar, ef *bendirei* er talin góð og gild. Hér á landi er sérstök deilitegund, *subaesalon*, en fuglar af þeirri deilitegund verpa hvergi nema hér og í Færeyjum (Bloch & Sörensen 1984).

Íslenskir smyrilar eru að meðaltali nokkuð stærri og dekkri að lit en fuglar af evrópsku deilitegundinni *aesalon*.



1. mynd. Útbreiðsla deilitegunda smyrils í heiminum. – The worldwide distribution of Merlin subspecies. Eftir/From Temple (1972a).

Báðar deilitegundirnar eru þó áberandi brúnar að ofan. Það þótti því nokkuð einkennilegur smyrill sem Náttúrufræðistofnun var sendur haustið 1989, en hann var nánast svartur á baki og stéli, auk þess að vera mjög lítill. Eftir að fuglarit höfðu verið skoðuð, þótti enginn efi á því, að þarna væri kominn smyrill af deilitegundinni *columbarius*, sem verpur í austurhluta N-Ameríku. Upplýsingar um fuglinn eru eftirfarandi:

Akranes. Seinni hluti okt. 1989. Fundinn dauður við hús í bænum, hafði flogið á. Hannes Forsteinsson. Fuglinn er varðveittur á Náttúrufræðistofnun (RM 10222).

Fuglinn var sjónarmun minni en þeir smyrlar sem Íslendingar eiga að venjast, áberandi dekkri að ofan, svartbrúnn en ekki ljósbrúnn, eins og íslenskir fuglar. Samkvæmt stærð og krufningu reyndist fuglinn vera karlfugl. Þverrákir á stéli eru ljósgráar en ekki ljósbrúnar, sem bendir til ungfugls (Temple 1972b).

Stærð fuglsins er sýnd í 1. töflu samanborið við íslenska smyrila. Nef og vængir ameríska fuglsins eru snöggjum minni, en stél hans er hlutfallslega langt, lengra en á stærstu íslensku fuglum.

Ástæður fyrir komum flækingsfugla

hingað til lands eru ekki alltaf eins augljósar og fyrir komu ameríska smyrilsins. Skömmu áður, eða 26. september, fóru leifar af fellibylnum Hugo um Ísland, þegar snörp suðvestanátt, og síðar vestanátt, gekk yfir landið (Veðráttan 1989). Hugo olli miklu tjóni á suður- og austurströnd Bandaríkjanna en gekk niður á leið sinni norðaustur yfir Atlantshaf. Ég tel lítinn vafa á því, að Hugo hafi verið ábyrgur fyrir komu ameríska smyrilsins haustið 1989.

Um svipað leyti, og einnig af völdum Hugos, fundust hér aðrir amerískir smáfuglar, þ.á m. tvær fléttuskrákrjur *Parula americana*, en sú tegund hafði ekki sést hérlandis síðan árið 1962. Einnig sást ein krúnuskrákja *Dendroica coronata*, sem sást síðast hér árið 1980 (Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1982), svo og nokkrar títur af ættkvíslinni *Calidris* þ.á m. ný tegund fyrir landið, fítjatíta *Calidris pusilla*, sem Gunnlaugur Pétursson (1992) gerir nánari grein fyrir. Amerískir flækingsfuglar eru flestir sárasjaldséðir hér, hvað þá svo margir um sama leyti.

Aðeins hefur mér tekist að grafa upp eitt dæmi um amerískan smyril í Evrópu áður. Einn fugl fannst á Suðureyjum undan vesturströnd Skotlands í nóvember 1920 (British Ornithologists' Union 1971).

1. tafla. Stærð ameríska smyrilsins *Falco c. columbarius* (þurr hamur) í samanburði við íslenska smyrila *F. columbarius subaesalon* (fullorðna karlfugla). – *Measurements of the Falco c. columbarius found in Iceland (study skin). Comparison is made with Icelandic adult male subaesalon.*

		Amerískur smyrill <i>F. c. columbarius</i>	Íslenskir smyrlar* <i>F. c. subaesalon</i> *
Nef (frá vaxhúð)	<i>Culmen (from cere)</i>	11,7 mm	12,0 - 12,5 mm
Hægri vængur	<i>Right wing</i>	195 mm	201 - 211 mm
Stél	<i>Tail</i>	127 mm	117 - 126 mm
Hægri rist	<i>Right tarsus</i>	37,2 mm	---

* Tölur úr *From Cramp & Simmons (1980).*



2. mynd. Ameríkur smyrill af deilitegundinni *columbarius*. – *An American Merlin of the subspecies columbarius*. Cape May, New Jersey, USA. Ljós. Ólafur K. Nielsen, okt. 1982.



3. mynd. Samanburður á íslenskum smyrli (ofar) og þeim ameríska. – *A comparison of an Icelandic Merlin (subaeson) (upper) and the American Merlin (columbarius) (lower)*. Ljós. Erling Ólafsson, 30.11.1991.

Eins og flestum er kunnugt, berast árlega fjölmargar tegundir erlendra flækingsfugla hingað til lands. Þarf ekki annað en að fletta ársskýrslum um flækingsfugla í Blika til að sjá það. Í hugum flestra eru dæmigerðir flækingsfuglar tegundir sem verpa ekki hér á landi. Fólk gerir sér síður grein fyrir, að í þeirra hópi eru einnig fuglar af tegundum sem verpa hérna, og er ameríski smyrillinn gott dæmi. Í mörgum tilfellum eru þessir erlendu gestir lítt frábrugnir íslenskum fuglum, svo koma þeirra vekur litla eftirtekt. Það er t.d. vitað, að skógarprestir *Turdus iliacus* frá Norðurlöndum lækjast til Íslands. Hins vegar eru þeir svo nauðalíkir íslenskum skógarbröstum, þótt þeir séu taldir til annarrar deilitegundar, að þeir verða ekki greindir með vissu nema við nákvæma skoðun.

HEIMILDIR

- Bloch, D. & S. Sörensen 1984. Yvirlit yfir Föroya Fuglar. Föroya Skúlabókagrunnur. Tórshavn. 84 bls.
- British Ornithologists' Union 1971. The Status of Birds in Britain and Ireland. Blackwell Sci. Publ., Oxford. London & Edinburgh. XVIII + 333 bls.
- Cramp, S. & K.E.L. Simmons (eds) 1980. The Birds of the Western Palearctic. Vol. 2: Hawks to Bustards. Oxford University Press. Oxford. 695 bls.
- Gunnlaugur Pétursson 1992. Fitjatíta finnst á Íslandi. Bliki 12: 1-8.
- Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1982. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1980. Náttúrufræðistofnun Íslands. Fjölrit. 51 bls.
- Howard, R. & A. Moore 1991. A complete Checklist of the Birds of the World. 2. útg. Academic Press, London. 622 bls.
- Kjartan G. Magnússon & Ólafur K. Nielsen 1982. Ránfuglar og uglur. Bls. 165-180 í: Fuglar. Rit Landverndar 8. Reykjavík. 216 bls.
- Mayr, E. & G.W. Cottrell (eds) 1979. Check-list of Birds of the World. Vol. 1., 2. ed. Museum of Comparative Zoology, Cambridge. XVII + 547 bls.

- Palmer, R.S. 1988. Handbook of North American Birds. Vol. 5. Yale University Press. New Haven & London. V + 465 bls.
- Temple, S.A. 1972a. Systematics and evolution of the North American Merlins. Auk 89(2): 325-338.
- Temple, S.A. 1972b. Sex and age characteristics of North American Merlins. Bird-Birding 43 (3): 191-196.
- Vaurie, C. 1965. The Birds of the Palearctic Fauna. Non-Passeriformes. H.F. & G. Witherby Ltd, London. XX + 763 bls.
- Veðráttan 1989. Október. Veðurstofa Íslands.

SUMMARY

American Merlin visits Iceland

During the latter part of October 1989 a small falcon was found dead in the town of Akranes, West Iceland. It had apparently been killed when flying into a house. This bird turned out to be an American Merlin, *Falco c. columbarius*. Size and dissection revealed it to be a male while light-grey (not buff) tail bands indicates a juvenile (Temple 1972b).

This bird is considerably smaller than Icelandic Merlins (subspecies *subaesalon*), and noticeably darker dorsally (Table 1, Fig. 3).

The bird was found just after what was left of the hurricane „Hugo“, which ravaged the south- and east coasts of N-America reached Iceland on 26 September 1989 (Veðráttan 1989). North-American vagrants are relatively rare in Iceland, not the least compared to European ones. After „Hugo“ two Northern Parula Warblers *Parula americana* were also found (not seen since 1962) and a Yellow-rumped Warbler *Dendroica coronata* (last seen in 1980, Gunnlaugur Pétursson & Kristinn H. Skarphéðinsson 1982) besides some *Calidris* sandpipers, including a „first“ for Iceland, Semipalmated Sandpiper *Calidris pusilla* (Gunnlaugur Pétursson 1992). So many North-American vagrants at the same time is very unusual.

The American Merlin is preserved as study skin at the Icelandic Museum of Natural History (catalogue no. RM 10222).

Ævar P. ersen, Náttúrufræðistofnun Íslands,
pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1990

Eins og lesendur Blika hafa tekið eftir hefur útgáfa á þessum skýrslum um sjaldgæfa fugla á Íslandi dregist um of á langinn. Á undanförnum árum hafa gögnin verið orðin um þriggja ára gömul þegar þau hafa loksins komist á prent. Þetta er önnur skýrslan sem birtist á þessu ári og hefur því tekist að stytta þennan tíma nokkuð. Markmið okkar höfundanna er þó að gera enn betur og ætlum við okkur í framtíðinni að gefa ársskýrslurnar út áður en næsta almanaksár á eftir er liðið.

Yfirlit

Í þessari skýrslu er getið 82 tegunda sem sáust á Íslandi og innan efnahagslögsögunnar árið 1990. Auk þess er getið fimm tegunda sem ekki sáust 1990. Það eru akurgæs og hvítönd frá 1984, förufálki frá 1986, turnfálki frá 1988 og tígulþerna frá 1989.

Að þessu sinni sátu eftirfarandi níu menn í dómnefnd: Arnþór Garðarsson, Björn Hjaltason, Einar Þorleifsson, Erling Ólafsson, Erpur Snær Hansen, Jóhann Óli Hilmarsson, Jón Baldur Hlíðberg, Kjartan G. Magnússon og Ólafur K. Nielsen.

Sjaldgæfir varpfuglar. Brandönd varp við Gásir í Eyjafirði og klöktust út sex ungar. Brandönd er fremur sjaldgæfur flækingur og hefur ekki áður fundist verpandi á Íslandi (Þórir Snorrason 1992). Annar nýr varpfugl er hrókönd sem varp við Mývatn. Þar fannst hreiður með fjórum eggjum en síðar fundust þrír dauðir ungar við hreiðrið og engir ungar sáust yfirgefa það. Vepja varp við Torfastaði í Biskupstungum. Þar fannst hreiður með fjórum eggjum en varpið

misfórst. Við Laugaland í Eyjafirði varp vepja einnig. Hreiður með þremur eggjum fannst en ungar komust ekki á legg. Fjöruspóar voru um vorið á Melrakka-sléttu þar sem þeir hafa orpið á undanförnum árum. Að þessu sinni tókst þó ekki að finna hreiður. Þeir sáust víðar á Norðausturlandi á varptíma. Landsvala varp að Kálfafelli í Fljótshverfi og kom upp þremur ungum. Þetta er þriðja árið í röð sem landsvala verpur hér og tekst að koma upp ungum. Varp landsvölu byggist á því að þær berist hingað sem flækingar á vorin. Strandtittlingur varp að öllum líkindum í Ingólfshöfða annað árið í röð. Þar fannst að vísu ekki hreiður en einn af þremur fuglum sem þar voru sást bera æti. Strandtittlingarnir virðast halda til í Ingólfshöfða allt árið. Í næsta nágrenni er annar lítill varpstofn. Á Hofi í Örafum urpu nokkur pör af gráspörvum. Þeir hafa orpið þar frá árinu 1985. Gráprastarpar varp að Laugarási í Biskupstungum, en þar fannst hreiður með þremur ungum og a.m.k. tveir urðu fleygir (Tómas G. Gunnarsson 1992).

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingar. Óvenjumikið kom af gráhegrum á árinu. Fjöldi ædarkóna var hins vegar í meðallagi, en dreifing þeirra innan ársins var þó óvenjuleg þar sem tiltölulega margir sáust um vorið og sumarið. Hvinendur höfðu vetursetu í Árnessýslu, á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Nokkrar voru einnig á Mývatni og Brúará um sumarið. Fáir lappajaðrankar sáust um haustið en fjöldi fjöruspóa var svipaður og undanfarin ár. Nokkrir ískjóar sáust að venju við landið á fartíma. Dálítið kom af silkitoppum

í janúar en í október og nóvember komu margir tugir. Á sama tíma um haustið komu hópar af bláhröfnum og dvöldust margir þeirra fram á vor 1991. Í júní komu hundruð krossnefja og hafa sennilega aldrei sést eins margir áður. Þeir sáust í öllum sýslum landsins en fór fækkandi er leið á sumarið. Krossnefir sáust þó til ársloka.

Undirtegundir. Austræn undirtegund blesgæsar sást í þriðja sinn. Einnig sást austræn undirtegund margæsar í þriðja sinn. Fimm amerískar urtendur sáust, en það er óvenjumikið. Einnig er getið einnar sem sást 1986. Þrír hvítfálkar sáust á árinu.

Nýjar tegundir. Engin ný tegund fyrir landið sást árið 1990. Það er óvenjulegt því allt frá 1930 hefur sést hér a.m.k. ein ný tegund á ári.

Sjaldgæfir flækingsfuglar. Mjög sjaldgæfir flækingar sem sáust voru mandarinönd, blikönd, hjálmönd, dílar-ella, gulllóa, fitjatíta, mærutíta, díla-stelkur, þernumáfur, mýrerla, þyrnis-varri, hörputittlingur og hettutittlingur. Einnig er getið hvítandar frá 1984, förfálka frá 1986 og tígulþernu frá 1989. Sjaldgæfir flækingar sem sáust voru hringönd (3 fuglar), gunnfálki, veimil-títa, efjutíta (2), rósamáfur (3) og söng-lævirkí. Fremur sjaldgæfir flækingar voru dvergsvanur (3 fuglar), brúnönd, krákönd (2), korpönd (5), hrókönd (11), engirella, spóatíta, tyrkjadúfa (2), mánaþröstur (3), netlusöngvari og grænsöngvari. Einnig er getið akurgæsar frá 1984 og turnfálka frá 1988.

Annáll ársins

Janúar: Í fyrri hluta mánaðarins barst nokkuð af silkitoppum til landsins, en þær sáust á allnokkrum stöðum á sunnan- og austanverðu landinu allt fram eftir mánuðinum. Það voru einkum stakir fuglar sem sáust, flestir 4 saman á Skógum undir Eyjafjöllum. Ýmsar tegundir aðrar sáust, en flestar þeirra eru hefðbundnir miðsveitragestir hér á

landi. Tíu gráhegrar voru í Ölfusforum í byrjun mánaðarins og 1 sást í Kjós. Grálóa og lappajaðrakan sáust í Sandgerði, keldusvín í Bjarnarfirði á Ströndum, skógarsnípa á Stórhöfða og vepja á Höfn. Ismáfur og dvergmáfur sáust í Hafnarfirði. Þá var bláhrafn á Blöndu-ósi, mánaþröstur í Norðfirði og hettusöngvari og hörputittlingur á Höfn í Hornafirði.

Febrúar: Fátt bar til tíðinda í mánuðinum að þessu sinni. Enn ein silkitoppa sást í Hveragerði í byrjun mánaðarins. Strandtittlingur sást í Ingólfs-höfða 14. febrúar, eflaust einn innfæddra. Gráhegri sást í Kollafirði í Kjósarsýslu, keldusvín á Heimaey og ismáfur á Halamiðum.

Mars: Enn sáust silkitoppur, að þessu sinni 2 á Akureyri. Fjórir bláhrafnar voru í Fljótshlíð og 1 í Þistillfirði. Skutulönd sást á Úlfjótssvatni, vepja í Tálknafirði, skógarsnípa í Ölfusi og stakir glóbrýstingar í Örafum, á Höfn og í Álftafirði.

Apríl: Apríl var óvenju tíðindalítil að þessu sinni, enda veðurskilyrði í mánuðinum þess eðlis að þau stuðluðu ekki að vegvillum hjá farfuglum. Mestallan mánuðinn réktu útsynningur og vestlægir vindar. Þann 25. apríl lágu þó skil á milli Íslands og Skotlands, en þá var 970 mb lægð yfir Íslandi. Nokkrum dögum síðar, 30. apríl, var kominn hæð yfir Norðursjó og 975 mb lægð var djúpt suðvestur í hafi. Á milli þeirra streymdi loftmassi til norðurs, kominn langt úr suðri. Þessi skilyrði vörðu til næsta dags. Það fer þó aldrei svo að ekki berist einhverjir útlendir fuglar til landsins á þessum mikla ferðatíma farfuglanna þó að vindum verði ekki um kennt. Í byrjun mánaðarins sáust lappajaðrakan í Melasveit, eyruglur á Bíldudal og Siglufirði, vepja að Kristnesi í Eyjafirði, korpönd við Hvalnesskriður og snjógæs í Breiðdal, S-Múl. Um miðbik mánaðarins sáust silkitoppa á Eskifirði, skutulönd á Höfn, amerískar urtendur á

Stokkseyri og í V-Landeyjum, glóbrystingur í Suðursveit, austræn blesgæs í Þykkvabæ, en hún er mjög fátíð hér, 2 gráhegrar í Ölfusforum, syngjandi fjallafinka í Fossvogi og rósamáfur á Höfn. Á síðasta þriðjungi mánaðarins bættust enn nokkrir fuglar við. Glókollur og skógarsnípa sáust í Suðursveit, brandönd við Hvolsvöll, skutulönd í Þykkvabæ, ljóshöfði á Höfn, eyrugla á Húsavík, mánaþröstur í Fellabæ og hringmáfar, 1 á Heimaey og 2 í Hafnarfirði.

Maí: Þau veðurskilyrði sem komu upp um mánaðamótin og lýst var hér að framan ollu þáttaskilum. kjölfarið bárust hingað fyrstu svölur vorsins. Fyrstu vikuna sáust bæjasvölur á 7 stöðum á sunnanverðu landinu, frá Hafnarfirði og austur til Egilsstaða. Ávallt var um staka fugla að ræða nema á Heimaey, en þar sáust 7 bæjasvölur 2. maí. Síðan sáust bæjasvölur ekki fyrr en undir lok mánaðarins, 1 á Garðskaga og 3 að Skógum undir Eyjafjöllum. Landsvölur sýndu svipað mynstur, en þær sáust á 8 stöðum frá Reykjanesskaga og austur í Hamarsfjörð, 1-3 fuglar á hverjum stað. Þær sáust síðan áfram allan mánuðinn um sunnanvert landið, þó einnig á Skarðsströnd og Reyðarfirði. Alls sáust 32 landsvölur með vissu í maí. Einnig sást fjöldi annarra áhugaverðra fugla sem nú verður fjallað frekar um eftir skyldleikahópum. Gráhegri settist á bát vestur af Reykjanesi 15. maí og annar sást um svipað leyti í Hraunfirði á Snæfellsnesi. Mjög andríkt var í maí að þessu sinni eins og stundum áður. Dvergsvanir sáust í Flóa, Óxarfirði og við Höfn. Stakar snjógæsir sáust í Breiðdal, Biskupstungum og á Langadalsströnd við Djúp. Kviðökk margæs (*B. b. bernicla*) var með hefðbundnum kviðljósum margæsum við Bessastaði á Álftanesi. Brandönd sást á Barðaströnd í byrjun mánaðar, og par í Eyjafirði síðar í mánuðinum. Blikönd og mandarínönd sáust á Berufirði, hringendur í Breiðdal, Reyðarfirði og á Mývatni, 2

skutulendur á Mývatni, brúnönd við Kolviðarnes í Hnappadal, amerískar urtendur í Svarfaðardal og á Laugarvatni, ljóshöfði í Ölfusi, hrókandarpar við Glaumbæ í Skagafirði og kolla á Akureyri, og að lokum krákönd við Lagarfljótsvirkjun. Af vaðfuglum sáust vepjur í Vopnafirði og Hornafirði og pör með hreiður í Biskupstungum og Eyjafirði. Rúkragi var við Laxá á Ásum og annar á Sléttu, en þar sáust einnig lappajaðrakan og rákatíta. Annar lappajaðrakan sást í Sandgerði. Þá mætti efjutíta á hefðbundinn stað á Tjörnesi, 4. árið í röð, og söng. Fjórir fjallkjóar og 4 ískjóar sáust á Garðskaga í lok mánaðarins. Dvergmáfur sást á Húsavík og annar í Borgarey í Héraðsvötnum. Mjög fáir spörfuglar sáust að svölunum undanskildum. Fjallafinka sást í Suðursveit, 3 sportittlingar í Flóa, glókollur fannst dauður í Hjaltadal, 2 strandtittlingar sáust á varpstað í Ingólfshöfða og bláhrafn var í Miðfirði.

Júní: Töluvert sást af flækingsfuglum í mánuðinum. Nokkrar landsvölur sáust fyrstu dagana, flestar 5 í Ölfusi. Fyrstu vikuna sáust allmargir fuglar í Mývatnsveit eða 6 skutulendur, hrókönd, 3 rúkragar, fjallkjói og syngjandi garðsöngvari og fjallafinka. Þá sást hjálmönd þar 9. júní. Hringdúfa sást í Lóni og bleshæna á Þórshöfn. Efjutítur á Tjörnesi voru nú orðnar tvær. Fyrsti mürsvölungur sumarsins sást í Reykjavík 9. júní. Um miðbik mánaðarins gaf Suð-austurland best af sér. Gunnfálki sást í Nesjum, 3 hringmáfar og amerísk urtönd á Höfn, 3 fullorðnir strandtittlingar á varpstað í Ingólfshöfða, 2 bæjasvölur og landsvala í Öræfum. Fljótshlíð sást bókfinka, korpönd og ljóshöfði í Öndarfirði, og rósamáfur í Núpasveit. Í síðasta þriðjungi mánaðarins sáust eyrugla í Fossvogi, gráhegri og landsvala í Kelduhverfi, gunnfálki í Fljótshlíð, rósamáfur á Húsavík, 2 ískjóar á Breiðafirði.

Júlí: Óvenju mikið sást af fuglum í

júlí að þessu sinni og dreifðust þeir nokkuð jafnt á mánuðinn. Annan dag mánaðarins sást brandandarpar mjög óvænt með 6 unga í Eyjafirði, og er það fyrsta staðfesta varp hér á landi. Þrír gráhegrar sáust í Kelduhverfi. Á Mývatni sáust alls 7 skutulendur og hrókandarpar sem varp þar síðar og að auki stök kolla. Krákönd sást með hrafnsöndum undan Hvalnesskriðum. Dílarella sást og lét í sér heyra í Öræfum. Bleshæna sást í Viðvíkursveit í Skagafirði. Á Reykjanesskaga sáust rúkragi, fitjatíta og vaðlatíta og önnur vaðlatíta á Seltjarnarnesi. Vepja var að Laugalandi í Eyjafirði. Fjallkjói sást við Langeyjarnes í Dalasýslu og annar í Hrutafirði. Tyrkjadúfa settist á bát suður af landinu. Landsvölur sáust á nokkrum stöðum, alls 6 í Reykjavík, 1 á Álftanesi, 1 í Landmannalaugum og þar varp í Fljótshverfi. Alls sáust 11 múrsvölungar á sunnanverðu landinu í seinni hluta mánaðarins, þar af 7 á Heimaey. Þyrnisvarri hélt sig um tíma í Fossvogi, laufsöngvari sást í Bæjarstaðaskógi og tveir karlfuglar af fjallafinku við Mývatn.

Ágúst. Fátt óvænt bar á göma í mánuðinum. Mesta athygli vöktu hrókendur á Mývatni, en þar sáust alls 6 fuglar fyrir utan 3 nýklakta unga sem fundust dauðir. Þar sást einnig skutulandargestgur. Gráskrofur sáust að venju í seinni hluta mánaðarins, 4 fyrir sunnan land og 1 norðaustur af Grímsey. Vepja sást í Álftafirði, fjallkjói í Landssveit, þernumáfur við Vestmannaeyjar, tyrkjadúfa í Skaftafelli og landsvala í Neskaupstað.

September: Fyrstu dagana sáust gráhegrar á nokkrum stöðum á austan- og norðaustanverðu landinu. Koma þeirra verður ekki skýrð með veðurfari þá dagana. Aðrir fuglar sem sáust í fyrstu viku mánaðarins voru hringmáfur og lappajaðrakan á Höfn og veimiltíta á Melrakkaslétu. Gráskrofa sást norðvestur af Grímsey og önnur í mynni Breiðafjarðar. Alls 4 ískjóar sáust út af

Vestfjörðum. Dagana 7.-8. september var um 990 mb lægð yfir Hvarfi og lágu þá skil frá Nýfundnalandi til Íslands. Næsta dag var lægðin yfir Austur-Grænlandi og orðin 975 mb. Þann 10. september var 1030 mb hæð austur af Nýfundnalandi og enn ríkti því stíf suðvestanátt allt frá Nýfundnalandi til Íslands. Svipuð skilyrði mynduðust aftur 15. september. Þá var 1025 mb hæð norðvestur af Nýfundnalandi og 990 mb lægð yfir Austur-Grænlandi. Samspil þeirra leiddi til suðvestan 8 vindstiga yfir hafinu. Við þessar aðstæður má búast við því að amerískir fuglar berist til landsins. Þann 8. september sást gulllóa á Garðskaga, dílastelkur við Grindavík þann 15., rákatíta í Garði þann 17. og mærutíta þann 23. september á sama stað. Annars voru veðurskilyrði í mánuðinum ekki þess eðlis að fuglar hrektust til landsins. Það var aðeins 18. september að 970 mb lægð við suðurströndina fylgdi skilum sem lágu yfir Norðursjó, um Færeyjar til Íslands. Þá voru austan 8 vindstig í Færeyjum. Sú lægð virtist þó ekki hafa haft merkjanleg áhrif á fuglalíf hér á landi. Flestir fuglar sem sáust voru tegundir sem fara hér um á farflugi sínu eða berast hingað meira eða minna óháð veðri. Gráhegrar sáust nokkuð víða um land, flestir 6 á Siglufirði 17. september, og annar lappajaðrakan kom til Hafnar í Hornafirði. Í V-Landeyjum sást snjógæsarpar með 2 unga 14. september, sennilega komnar frá varpstöðvum í N-Ameríku. Alls 6 ískjóar sáust langt norður af landinu. Tveir sportittlingar sáust á Miðnesi 15. september. Af evrópskum smáfuglum sáust aðeins laufsöngvari í Suðursveit 8. september og annar í Öræfum þann 15., grænsöngvari á Selfossi 29. september, og mjög óvæntur hettutittlingur á Heimaey 15. september.

Október: Mánuðurinn var tiltölulega rólegur framan af, enda lægðir aðgerðalítlar á þeim tíma. Þann 1. október var 985 mb lægð suðvestur af Íslandi og skil

lágu um Írland, Skotland og Færeyjar til Íslands, en vindur var hægur, aðeins um 4 vindstig. Þann 12. október var 965 mb lægð milli Íslands og Skotlands og vindur blés úr suðaustri, allt að 6 vindstig, og 14. október var 960 mb lægð suður af Íslandi, skil yfir Norðursjó með sunnan og suðaustan vindum, allt að 6 vindstig milli Skotlands og Íslands. Daginn eftir var enn suðaustlæg átt en mun hægari. Þetta voru allt skammvinnar lægðir, sem báru mun færri fugla til landsins en búast hefði mátt við á þessum árstíma. Þennan fyrri helming mánaðarins sást einna mest af gráhegrum. Alls var tilkynnt um 17 fugla víða að af landinu. Kanadagæs sást á Síðu og snjógæs í Ölfusi. Af vaðfuglum sáust aðeins rákatíta og vaðlatíta á Reykjanesskaga 6. október. Aðeins 3 hettusöngvarar sáust, 2 á Höfn og 1 í Neskaupstað, 2 fjallafinkur, glókollur og gransöngvari sáust á Höfn og ógreindir *Phylloscopus*-söngvarar á Selfossi og Þórshöfn. Engirella sást í Suðursveit 17. október. Þegar hér var komið sögu urðu þáttaskil. Þann 18. október var komin 980 mb lægð djúpt suður í hafi og á undan henni blésu suðsuðaustan og suðaustan vindar, allt að 8 vindstig. Næsta dag var lægðin 970 mb og stödd austur af Hvarfi og önnur 1000 mb suðvestur af Írlandi. Þá var 1025 mb hæð á milli Íslands og Noregs. Þetta ástand leiddi til suðaustan 8 vindstiga suður af Íslandi. Áttin hélst að mestu óbreytt alla næstu daga en vindur varð þó heldur hægari. Þann 28. október ágerðist vindurinn aftur. Þá var 970 mb lægð komin suður af Íslandi og önnur jafndjúp yfir Norðursjó. Þá voru suðaustan 8 vindstig yfir Norðursjó, en þó öllu hægari er nær dró Íslandi. Það var fyrst 30. október að suðaustanáttin lét undan síga. Það má nærri geta að fuglar hröktust til landsins í umtalsverðum mæli við þessar aðstæður. Það voru þó fyrst og fremst 3 tegundir sem mikið kvað að, þ.e. silkitoppa, hettusöngvari og gransöngvari, en verulegur fjöldi

þessara tegunda sást víða um land. Mun minna fór fyrir öðrum tegundum. Alls sáust 5 gráhegrar, 1 á Þingvöllum og annar í Flóa og 3 á Seyðisfirði. Dvergsnípa sást í Örafum, ískjóí á Skjálfanda og hringmáfur á Seltjarnarnesi. Á Reykjanesskaga sáust mýrerla, garðaskotta, 2 garðsöngvarar, 2 glókollar, glóbrystingur og sportittlingur. Glóbrystingur sást á Höfn og fyrsti bláhrfn haustsins kom til Hvolsvallar 29. október, en fleiri fylgdu í kjölfarið.

Nóvember: Þann 1. nóvember ríkti norðanátt á Íslandi eftir hina langvinnu suðaustanátt í seinni hluta október. En hún entist ekki lengi því að dagana 3.-8. nóvember streymdi loft langt úr suðri til Íslands vegna hæðar á milli Íslands og Skotlands sem færðist hægt til norðvesturs. Þann 9. nóvember var svo komin 985 mb lægð suður í hafi með suðaustanátt frá Bretlandseyjum. Dagana 12.-13. nóvember var enn 980 mb lægð suðvestur í hafi og suðaustan 6-8 vindstig á skilum milli Skotlands og Íslands, sem síðan færðust út yfir Norðursjó. Suðlæggar áttir héldu áfram allt til 15. nóvember. Að lokum var dagana 22.-23. nóvember 970 mb lægð vestur og síðar suður af landinu með sunnan 8 vindstigum vestan Skotlands til Íslands. Það þarf ekki að fjölyrða um afleiðingar veðráttu þessa mánaðar. Fjöldi fugla barst til landsins og tiltölulega margar tegundir, en það er óvenjulegt þegar svo áliðið er hausts. Nokkrar tegundir voru þó mun meira áberandi en aðrar. Bláhrafnar sáust mjög víða um sunnanvert landið, einnig á Akureyri og í Kollsvík á Barðaströnd. Flestir sáust þeir 6 saman en alls var tilkynnt um 69 fugla. Dvergkrákur fylgja oft komum bláhrafna, en að þessu sinni sáust aðeins 2, á Heimaey og í Kópavogi. Silkitoppur sáust einnig víða um landið, en alls var tilkynnt um 65 fugla, flestar 10 við Egilsstaði og 10 á Akureyri. Í október sást nokkur fjöldi hettusöngvara, eins og fyrr var getið, og áframhald varð á því í nóvember en þá

sáust þeir víða um sunnanvert landið, einnig á Húsavík og á Rauðasandi, alls 27 fuglar. Sömu sögu er að segja af gransöngvurum, en alls sáust 26 gransöngvarar, auk 4 ógreindra *Phylloscopus*-söngvara. Gráhegrar sáust víða um sunnanvert landið, einnig í Bjarneyjaál á Breiðafirði og á Rauðasandi. Alls sáust 24 gráhegrar, flestir 12 við Grindavík. Af öðrum tegundum sáust aðeins 1-3 fuglar. Brandönd sást á Seyðisfirði, keldusvín í Borgarfirði eystra, lappajaðrakan í Sandgerði, 3 skógarsnípur í Suðursveit, dvergmáfur í Hafnarfirði og eyrugla á Kjalarnesi. Af spörfuglum sáust múrsvölungur, sönglævirkir og netlusöngvari í Öræfum, glókollur í Suðursveit, 2 mánaðrestir í Vopnafirði, bókfinka og 2 fjallafinkur í Neskaupstað, glóbrýstingur á Akureyri og garðsöngvari í Reykjavík.

Desember: Nú fór heldur að fækka í fuglaheiminum eins og við mátti búast. Nokkuð sást áfram af þeim tegundum sem komu í hvað mestum mæli í nóvember. Alls sáust 21 bláhrfn til viðbótar við þá sem áður höfðu sést, flestir í Reykjavík og nágrenni. Í Reykjavík sáust 6 silkitoppur og 1 í Hafnarfirði, hettusöngvarar sáust í Borgarfirði eystra, Öræfum og á Snæfellsnesi, gransöngvarar í Reykjavík og Fljótshlíð. Á Höfn sáust 2 lappajaðrakanar og 1 í Sandgerði, en þar sást einnig grálóa, og dvergsnípa í Jökulsárhlíð. Þá sáust nokkrir áhugaverðir fuglar í fuglatalningu í lok mánaðarins, 7 gráhegrar, grálóa og ísmáfur á Reykjanesskaga og annar á Akureyri, hjálmönd á Sogi og skógarsnípa í Fljótshlíð.

Skýringar við tegundaskrá

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri athugun eru annað hvort finnendur eða hafa tilkynnt fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafir þeirra sem koma oftast en fimm sinnum fyrir. Ef annað er ekki tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða. Sýslur eru

í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Við gerð súlurita og korta yfir fundartíma og fundarstaði nokkurra vetrargesta eru notuð gögn úr síðustu flækingaskýrslu. Mánaðanöfn eru skammstöfuð.

☆ merkir að fugli hafi verið safnað eða hann fundist dauður, og ef hann er geymdur á Náttúrufræðistofnum Íslands er skráningarnúmers getið [RMxxxxx]. „fd“ merkir af fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu dauður. Hvað máfa varðar merkir „á fyrsta sumri“ að viðkomandi fugl sé u.þ.b. árgamall, og „á öðru sumri“ að hann sé u.þ.b. 2ja ára.

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 1989. (3) Fjöldi fugla sem sást 1990. – Þessar tölur eru *lágmarksfjöldi* einstaklinga að mati skýrsluhöfunda.

Tegundaskrá 1990

Gráskrofa *Puffinus griseus* (52,47,7)

Suðurrhvel. – Leitar til N-Atlantshafs utan varptíma og sést árlega hér við land.

Á sjó: 4-5 sjóm. SA af Ingólfshöfða, um 20. ágúst (Elías V. Jensson).

Háfadýpi SA af Heimaey, 22. ágúst (Jón H. Sigurbjörnsson).

Breiðamerkurdýpi um 15 sjóm. SA af Ingólfshöfða, tvær 26. ágúst (BA).

Um 12 sjóm. NA af Grímsey, 31. ágúst (Ólafur Sigurðsson).

Um 12 sjóm. NV af Grímsey, 1. sept (Ólafur Sigurðsson).

65°16'N, 24°44'V, 4. sept (MKP).

Gráhegri *Ardea cinerea* (-,484,83)

Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka. –

Nokkrir tugir fugla sjást á hverju hausti og sumir fram eftir öllum vetri. – 1. mynd.

Árn: Ölfusforir, tíu 2. jan, níu 27. jan, tveir 16. apríl til 5. maí (EÓP, Helgi Guðmundsson, JÓH ofl).

Selfoss, 26. sept til 29. des (ÖÓ).

Pingvellir, 20. okt (KM).

Hamar í Flóa, 31. okt (Elvar I. Ágústsson).

Arnarbæli í Ölfusi, tveir 9. nóv (JÓH).

A-Barð: Bjarneyjaáll á Breiðafirði, 11. nóv (Hafsteinn Guðmundsson).

V-Barð: Stakkavatn á Rauðasandi, haust (Ástþór Skúlason).

Lambavatn á Rauðasandi, 6.-21. nóv (Tryggvi Eyjólfsson), líklega sami og við Stakkavatn.

Eyf: Siglufjörður, sex 17. sept (Ingvar Hreinsson, Örlygur Kristfinnsson).

Laugaland í Eyjafirði, tveir 4. okt (Helgi Þórsson).

Gull: Laxá í Kjós, jan til apríl (Sigþór Gíslason).

Laxeldisstöðin í Kollafirði, 18. feb (Hörður Karlsson).

Hurðarbakssæf í Kjós, mánaðamót ágúst/sept (Sigþór Gíslason).

Kalmanstjörn við Hafnir, 5. okt ★ [RM10397] (Sveinbjörn Guðmundsson).

Hafnir, tveir 3. nóv (HG).

Vogar á Vatnsleysuströnd, 29. des (Aðalsteinn Snæþórsson).

Grindavík, fjórir 11. nóv (GPH, GP, GP, KM), 23. nóv ★, sjö 24. nóv, sex 29. des (Óskar Sævarsson ofl).

Sandgerði, tveir 12. nóv (GPH, HG).

A-Hún: Ártún í Blöndudal, 14. okt (Sigurður Georgsson).

N-^{sf}: Kaldalón við Ísafjarðardjúp, sept (Páll Sturlaugsson).

Ögur við Ísafjarðardjúp, sept (Páll Sturlaugsson).

N-Múl: Gagnstöð í Hjaltastaðapinghá, 7.-11. sept (Kristmundur Skarphéðinsson ofl).

Seyðisfjörður, þrír 22. okt til loka nóv og þ.a. einn til 5. mars 1991 (Rúnar Eiríks-son).

S-Múl: Egilsstaðir, 1. sept, tveir 7.-11. sept, þrír 12. sept, tveir 22. sept Kristmundur Skarphéðinsson, SP ofl).

Eskifjörður, 5. okt, þrír 11. okt (Thor Klausen).

Seljateigur í Reyðarfirði, haust (Þóroddur Helgason).

Rang: Holtsós undir Eyjafjöllum, 9. nóv (Haukur Brynjólfsson).

Rvík: Fossvogur, 3. nóv (GPH, HG).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, sjö 4. sept, 10. sept, 5.-7. okt, tveir 12.-18. okt, 6. nóv, tveir 7. nóv, þrír 17. nóv til 3. des, tveir 6.-8. des, 10.-26. des (EP, Gísli Aðalsteinsson, Hilmar Árnason, Karl Sigurðsson).

Sléttaleiti í Suðursveit, 27. sept (BA).

Bjarnanes í Nesjum, 13. okt (Karl Skírnisson).

Skag: Áshildarholtsvatn í Borgarsveit, lok sept, þrír okt til 26. nóv (Heiðbjört Kristmundsdóttir).

Snæf: Hraunsfjörður, um 20. des 1989 til 8. jan (Ellert Vigfússon), einn um miðjan maí (Trausti Tryggvason), sjá einnig skýrslu 1989.

Rif, um 20. sept til 1. okt, fjórir 1.-3. okt (Sæmundur Kristjánsson).

Strand: Árnes í Árneshr., haust (Anon.).

Kjörvogur í Árneshr., haust, sennilega sami og við Árnes (Anon.).

Vestm: Heimaey, 12. nóv (SS).


N-Fing: Hóll í Kelduverfi, 22.-28. júní (EÓP, ÓKN ofl), tveir 6. júlí (DW), þrír 7. júlí, 13. júlí (GH, HE ofl).

Vogur við Raufarhöfn, 1. sept (BB, GH, HE).

Árdalur í Kelduhverfi, tveir 7.-9. sept (Gústav Guðmundsson).

Keldunes í Kelduhverfi, 17. sept (Haraldur

1. mynd. Fjöldi gráhegra sem sáust í hverri viku milli 1.8.1989 og 31.7.1990. – Number of *Ardea cinerea* seen each week from 1.8.1989 to 31.7.1990.





2. mynd. Dvergsvanur *Cygnus columbianus bewickii*. Villingaholt í Flóa, 6. maí 1990. Ljósmynd. Jóhann Óli Hilmarsson.

Pórarinsson).

Sævarland í Pistilfirði, 22. sept (GG).

Á sjó: 20 sjóm. V af Reykjanesi, Gull., 15. maí (Sigurður Gíslason).

1988:

S-Múl: Eskifjörður, 29. nóv 1988 ☆ (Hávarður Bergþórsson).

1989:

Árn: Fóroddsstaðir í Ölfusi, tveir 1. mars 1989 (Ingólfur Arnarson, Samson Harðarson), sennilega sömu og í Ölfusforum, sjá skýrslu 1989.

Dvergsvanur *Cygnus columbianus bewickii* (1,8,3)

Síbiría (*C.c. bewickii*) og N-Ameríka (*C.c. columbianus*). – *C.c. bewickii* er fremur sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Árn: Villingaholt í Flóa, 6. maí (JÓH, Nigel S. Jarrett, Stephanie Warren), 2. mynd.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 19. maí (AG, GAG, KL).

N-Ling: Gilsbakki í Öxarfirði, 14. maí (ÓKN).

Akurgæs *Anser fabalis* (5,40,0)

N-Evrópa og N-Asía. – Fremur sjaldgæfur

flækingur hér á landi.

1984:

S-Ping: Hólmar við Mývatn, 1. júní 1984 (DW).

Blesgæs *Anser albifrons albifrons* (0,2,1)

Þessi undirtegund verpur í norðanverðum Sovétríkjunum. – Hefur sést hér með vissu tvisvar áður.

Rang: Eykkvibær, 14. apríl (Alyn Walsh, JÓH, Nigel S. Jarrett, ÓE).

Snjógæs *Anser caerulescens* (-,94,9)

N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbiría. – Lifir sums staðar hálfvilt í Evrópu. Árviss hér á landi, oftast í fylgd með blesgæsum. Ef annað er ekki tekið fram er um hvítar gæsir að ræða.

Árn: Kjóstaðir í Biskupstungum, 3. maí (Anthony D. Fox, Hugh Boyd, Ian Francis, ÓE).

Núpar í Ölfusi, 13. okt ☆ [RM10402] (Jóhann Brandsson ofl).

N-Sf: Hallstaðir á Langadalsströnd, 16. maí (AG, GAG, KL).

S-Múl: Fell í Breiðdal, 9. apríl (Jón Þórðarson).

Innri Kleif í Breiðdal, maí (Gunnlaugur Ingólfsson, Ingólfur Reimarsson, Ingunn Gunnlaugsdóttir), sennilega sú sama og við Fell.

Rang: Grímsstaðir í V-Landeyjum, par (önnur þeirra blágæs) og tveir ungf 14.-20. sept 2☆ [RM10394, 10395] (Jóhann Brandsson ofl).

Hella, 20. sept til 13. okt (Brynjar Svansson ofl).

Kanadagæs *Branta canadensis* (-,45,1)

Norðurlhuti N-Ameríku. – Verpur víða villt og hálfvillt í Evrópu. Árviss hér á landi, og eiga í hlut bæði amerískir og evrópskir fuglar.

V-Skaft: Þverá á Síðu, 6. okt ☆ [RM10398] (Jóhann Bjarnason), var af undirtegundinni *hutchinsii*.

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,2,1)

Túndrur Síbiríu. – Þessi undirtegund margæsar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-Englandi og Frakklandi. Hún hefur sést hér tvisvar áður.

Gull: Bessastaðir á Álftanesi, 17. maí (GAG).

Brandönd *Tadorna tadorna* (26,10,5)

NV-Evrópa, slitrótt í S-Evrópu og Mið-Asía. – Fremur sjaldséð hér á landi, en óvenju margar saúst þetta ár.

V-Barð: Brjánslækur á Barðaströnd, karlf 2.-3. maí (Rósa Ívarsdóttir).

Eyf: Gásir við Eyjafjörð, par frá 24. maí, parið með sex unga 2.-6. júlí, með 5-6 unga 14. júlí, saúst síðast með óþekktan fjölda unga 21. júlí (Þórir Snorrason ofl).

N-Múl: Seyðisfjörður, kvenf/ungf 23. nóv til 3. jan 1991 (Valgeir Sigurðsson ofl).

Rang: Stóri Moshvoll við Hvolsvöll, 23. apríl (EÓP, JÓH, Nigel S. Jarrett).

Mandarínönd *Aix galericulata* (0,2,1)

Austast í Asíu, Japan og innfluttur stofn á Bretlandseyjum (nú um 1000 pör). – Mjög sjaldséð hér. Fuglar sem sjást hér eru frá Bretlandseyjum.

S-Múl: Lindarbrekka í Berufirði, fullu karlf 10. maí ☆ [RM10475] (Reimar Ásgeirsson, SP).

Ljóshöfði *Anas americana* (28,41,3)

Norðurlhuti N-Ameríku. – Árviss hér á

landi og víðar í Evrópu. Sumir ljóshöfðasteggir, sem sjást hér, eru paraðir rauðhöfðakollum.

Árn: Arnarbæli í Ćlfusi, karlf 15. maí (HPH, JÓH).

V-Sf: Holt í Önunðarfirði, karlf 18. júní (DW).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 26. apríl (BP ofl).

1984:

Skag: Haganesvík í Fljótum, karlf 21. júní 1984 (DW).

S-Þing: Mývatn, karlf 1.-5. júní 1984 (DW), sjá einnig skýrslu 1984.

Urtönd *Anas crecca carolinensis* (6,25,5)

Norðurlhuti N-Ameríku. – Ameríska undirtegund urtdanarinnar er árviss í Evrópu og nær árviss hér á landi.

Árn: Hraunsárós við Stokkseyri, karlf 12. apríl (Alyn Walsh, ÓE, Nigel S. Jarrett, Stephanie Warren).

Laugarvatn, karlf 30. maí til 5. júní (EÓP, JÓH).

Eyf: Friðlandið í Svarfaðardal, karlf 12. maí (AG ofl).

Rang: Siglúvík í V-Landeyjum, karlf 19. apríl (Alyn Walsh, EÓP, JÓH).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 14.-21. júní (EP, BP).

1986:

Vestm: Heimaey, 31. maí til 1. júní 1986 ☆ [RM10542] (Jón K. Jónsson, SS).

Brúnönd *Anas rubripes* (4,15,1)

Norðaursturlhuti N-Ameríku. – Sjaldgæf í Evrópu. Fremur sjaldgæf hér á landi.

Snæf: Kolviðarnesvötn í Hnappadal, kvenf 11. maí (JÓH).

Skeiðönd *Anas clypeata*

Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. – Sjaldgæfur varpfugl.

Árn: Baugsstaðir í Flóa, tveir karlf 5. maí (GAG, KL).

S-Múl: Egilsstaðir, par 5. maí (SP).

N-Þing: Víkingavatn, karlf 5. júní (KL, ÖKN), þrír karlf 6. júlí (DW).

S-Þing: Mývatn, tvö pör í Helgavogi 22. maí, báðir karlf saúst til 2. júní (BB ofl), karlf við Geitey 2. júní, karlf við Hrauney 7. júní (ÁE), karlf 12. júní (DW).

Skutulönd *Aythya ferina* (-,54,8)

Miðbik Evrópu og Asíu. – Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum hér á landi.

Aín: Úlfjótuvatn, kvenf 5. mars (ÆE).

Rang: Pykkvabæjarvatn, karlf 24. apríl (EÓP, JÓH, Nigel S. Jarrett).

S-Ping: Mývatn, karlf á Ytriflóa 10. maí (AG), karlf við Geitey 31. maí, karlf við Sviðinsey 1. júní, karlf við Neslandatanga 1.-3. júní, karlf við Kiðey 2. júní, þrír karlf á Ytriflóa 7. júní (AE ofl), fjórir karlf við Neslandatanga 1. júlí (Greet Boomhouwer), tveir karlf og kvenf 7. júlí (DW), karlf í Byrgishólma 26. ágúst (ÓKN).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, karlf 12.-19. apríl (EP, BP ofl).

Hringönd *Aythya collaris* (3,10,3)

N-Ameríka. – Sjaldgæfur flækingur hér á landi, en er nú algengasta ameríska öndin í V-Evrópu.

S-Múl: Kleifarvatn í Breiðdal, karlf 10. maí (SP).

Slétta í Reyðarfirði, karlf 10. maí (PL).

S-Ping: Mývatn, karlf á Álum 11. maí (AG).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

(-,380,37)

Nyrstu héruð N-Ameríku og Síbiríu, Grænland og Svalbarði. – Sést hér allt árið, en er algengastur seinni part vetrar.

A-Barð: Kvígindisfjörður, fullu karlf 16. maí (AG, GAG, KL).

Skáleyjar á Breiðafirði, karlf fyrri hluta júní (Eysteinn Gíslason).

V-Barð: Fossfjörður í Suðurfjörðum, karlf 8. júní (Jón B. Hlíðberg).

Borg: Kalastaðir á Hvalfjarðarströnd, fullu karlf 3. maí (Jóhann G. Gunnarsson).

Gull: Arnarnesvogur, fullu karlf 21. okt 1989 til sumars 1990 (JÓH ofl), sjá einnig skýrslu 1989; sást aftur 29. des (Arnar Helgason).

Hvalfjarðareyri, karlf 15. mars (BH).

Hafnir, fullu karlf og kvenf 29. des (ÆP).

Keflavík, fullu kvenf 29. des (GP).

N-Ísf: Hrafnarfjarðareyri í Hrafnfirði, fullu karlf 16. maí (AG, GAG, KL).

Arngerðareyri við Ísafjörð, karlf og kvenf 16. júní (DW).

Melgraseyri á Langadalstönd, tveir karlf 16. júní (DW).



3. mynd. Kynblendingur æðarfugls *Somateria mollissima* og æðarkóns *S. spectabilis*, full-orðinn bliki. Flatey á Skjálfanda, miður júní 1990. Ljós. Gunnar Gunnarsson.

Hestfjörður, ungur karlf og tveir ungir kvenf 17. júní (DW).

Seyðisfjörður, ungur kvenf 17. júní (DW).

Hamar á Langadalsströnd, fullu karlf 8.-9. júlí (ÆP), sennilega annar fuglanna við Melgraseyri.

Æðey, karlf í æðarvarpinu um sumarið (Jónas Helgason).

V-*sf*: Súgandafjörður, kvenf 18. júní (DW).

Önundarfjörður, karlf 18. júní (DW).

Hrafnseyri við Arnarfjörð, karlf 19. júní (DW).

Sveinseyri við Tálknafjörð, karlf um sumarið (skv Ib Petersen).

S-Múl: Eskifjörður, fullu karlf 18. mars til 2. apríl, ungf 29. mars til 29. apríl (PL).

Engjabakki í Eskifirði, fullu karlf 7. apríl ☆ [RM10309] (Jón Steinsson ofl).

Breiðdalsvík, fullu karlf 10. maí (PL).

Rvík: Grafarvogur, fullu karlf um 15. feb til 23. mars (Jóhannes Jensson).

Sundahöfn, fullu karlf 9. mars til 11. apríl (JÓH ofl).

A-Skaft: Hvalnesskriður, karlf 8. apríl (BB).

Snæf: Búðir, fullu karlf 9. júní (Jóhann Þórsson).

Stakkhamar í Miklaholtshr., kvenf 25. júní (DW).

Srand: Grænanes í Steingrímsfirði, fullu karlf 18. maí (AG, GAG, KL).

Valdasteinsstaðir í Hrutafirði, fullu karlf 18. maí (AG, GAG, KL).

Hrutafjarðarbotn, fullu karlf 18. maí (AG, GAG, KL).

S-Ping: Húsavík, fullu karlf 10.-30. júní (BB, SSI ofl).

Héðinshöfði á Tjörnesi, karlf 6. júlí (DW).

Mánárbakki á Tjörnesi, kvenf 30. des (Hermann Bárðarson).

1989:

Árn: Eyrarbakki, kvenf 4. mars 1989 (AG).

V-*sf*: Sveinseyri í Tálknafirði, karlf um sumarið 1989 (skv Ib Petersen).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóns

Somateria mollissima × *spectabilis* (-,13,3)

N-*sf*: Æðey, karlf um sumarið (Jónas Helgason).

Strand: Hólmavík, fullu karlf 15.-16. júní (DW).

S-Ping: Flatey á Skjálfanda, fullu karlf um miðjan júní (Gunnar Gunnarsson), 3. mynd.



4. mynd. Krákönd *Melanitta perspicillata*, steggur. Lagarfljótsvirkjun, 7. júní 1990. Ljósm. D. Waring.

Blíkönd *Polysticta stelleri* (0,3,1)

NA-Síbería og Alaska. – Sjaldséð en árviss í Evrópu. Mjög sjaldgæf hér.

S-Múl: Framnes við Berufjörð, karlf 6. maí (BA, Eyjólfur Guðjónsson, HB).

Krákönd *Melanitta perspicillata* (5,14,2)

Norðurhluti N-Ameríku. – Árviss í Evrópu en fremur sjaldgæf hér á landi.

N-Múl: Lagarfljótsvirkjun, fullu karlf 28. maí til 23. júní (Hjálmar Ö. Arnarson, Pálmi H. Sigurðsson, Örn Þorleifsson ofl), 4. mynd.

A-Skaft: Hvalnesskriður, karlf 2.-3. júlí (DW, Greet Boomhouwer).

Körpönd *Melanitta fusca* (10,18,5)

N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og N-Ameríka. – Fremur sjaldséður, en þó nær árviss flæk-ingur.

V-*sf*: Flateyri, fullu karlf 18. júní (DW).

A-Skaft: Hvalnesskriður, tveir karlf og tveir kvenf 8. apríl (BB).

Hjálmönd *Bucephala albeola* (1,1,0)

Norðanverð N-Ameríka. – Mjög sjaldséð í Evrópu, sem og hér á landi. Talið er að um einn og sama fugl sé að ræða, sem flakkar á milli Mývatns og Sogs árlega.

Árn: Sogið, fullu karlf 29. des (ÁE).

S-Ping: Mývatn, karlf 9. júní til 11. ágúst (DW ofl).

1988:

S-Ping: Mývatn, kvenf eða karlf í felubúningi 1. júlí til 14. ágúst 1988 við Vindbelg



5. mynd. Hvitönd *Mergus albellus*, steggur. Mývatn, 3. júní 1984. Ljósm. D. Waring.

(Steinar Eldøy, Sten Asbirk ofl), sjá einnig skýrslu 1988.

Hvinönd *Bucephala clangula*

N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka. – Vetrar-gestur, einkum á SV-landi og Mývatni. Sést hér einnig á sumrin. Einnig er getið ógreindra hvinanda/húsanda (ógr *Bucephala*) utan Sogs, Mývatns og Gullbringusýslu.

Árn: Sogið, sex 1. jan (ÖÖ), þrettán fullo karlf, tveir fullo kvenf, ungur karlf og tveir ókyng. 5. mars (ÁE ofl), fjórir karlf og tveir kvenf 11. apríl (KM), fullo karlf 17. júní (JÓH), ungur karlf 3. nóv (GT, TGG), átta karlf og þrír kvenf 3. nóv (KM), fjórtán fullo karlf, ungur karlf og fimm kvenf 29. des (ÁE, AG).

Brúará, karlf 28. jan við Reykjanes (GT, TGG), karlf 25. feb við Spóastaði (IG), par og fjórir ungir karlf 25. maí við Mosa (EÓP, IG, JÓH), par og tveir karlf 27. maí við Reykjanes (GT, TGG), fullo karlf og fjórir ungir karlf 28. maí við Spóastaði (EÓP, IG, JÓH), þrír ungir karlf 31. maí við Spóastaði (GT, TGG), fullo karlf 7. júní við Reykjanes (EÓP, IG, JÓH), fjórir karlf 12. júní við Spóastaði (ÆP).

Selfoss, tveir karlf og kvenf 9. des (ÖÖ).

A-Barð: Gilsfjörður, ungur karlf 22. júní (DW).

Gull: Arnarnesvogur, tveir karlf og kvenf 9. jan (HG), karlf og kvenf 25. jan (HG), karlf 2.-8. feb (Helgi Guðmundsson), karlf og þrír kvenf 17. mars (GP), karlf

og kvenf 1. apríl (HG), karlf og tveir kvenf 16. apríl (ÆP), tveir fullo karlf 12.-26. des (Arnar Helgason ofl).

Útskálar í Garði, tveir ungir kvenf 27. okt, ungur kvenf 11. nóv (EÓ, GPH, GP, GP, HG).

Meðalfellsvatn í Kjós, kvenf 8.-10. nóv og ungur karlf 10. nóv (BH).

S-Múl: Reyðarfjörður, tveir karlf 2. mars (PL).

Egilsstaðir, kvenf/ungf 8. des (SP).

Rvík: Skerjafjörður, fjórir fullo karlf, þrír ungir karlf, sex kvenf 2. jan (GAG), tveir fullo karlf, tveir ungir karlf, tíu kvenf og ókyng 27. jan (JÓH), tveir fullo karlf, tveir ungir karlf og átta kvenf 17. mars (GP), fullo karlf og níu ungir karlf 1. apríl (KM), tveir fullo karlf, þrír ungir karlf og tveir kvenf 7. apríl (BB). Tveir fullo karlf, sex ógr 18. nóv (JÓH), tveir fullo karlf, þrír ungir karlf, þrír fullo kvenf og fimm kvenf 24. nóv (GP), þrír fullo karlf, tveir ungir karlf og sjö kvenf 26. nóv (JÓH), tveir karlf og sjö kvenf/ungf 29. des (Árni W. Hjálmarsson), fullo karlf, ungur karlf og tveir kvenf 30. des (KM).

Ellidavatn, fullo karlf 24. mars (JÓH, EÓP), þrír karlf og tveir kvenf 15. apríl (HG).

Tjörninn, karlf 21. apríl (GP), fullo karlf 1.-3. des (GPH ofl).

N-Þing: Lón í Kelduhverfi, þrír karlf og kvenf 27. okt til 30. des (SG ofl).

S-Þing: Mývatn, ungur karlf við Sviðinsey,

tveir fullu karlf á Bekraflóa og fullu karlf á Neslandavík 1. júní, fullu karlf og ungur karlf á Grænalæk 3. júní (ÁE), þrír karlf 10. júní (DW), fjórir karlf 7. júlí (DW), karlf 15. ágúst (ÓKN).

Hvítönd *Mergus albellus* (2,4,0)

Nyrst í Evrópu og N-Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur, en sumir fuglanna sem hafa komið hingað hafa dvalið hér árum saman.

1984:

S-Ping Mývatn, fullu karlf 3. júní 1984 (DW), 5. mynd, kvenf 12. okt 1984 eftst á Laxá, kvenf 21. okt 1984 á Kálfastrandarvogum, karlf 17. nóv 1984 (ÓKN), sjá einnig skýrslu 1984.

Hrókönd *Oxyura jamaicensis* (2,20,11)

Vestanverð Norður- og Suður Ameríka. – Flutt til Evrópu og verpur nú víða á SV-Englandi. Fremur sjaldséð hér á landi og talin koma frá Englandi.

Eyf: Akureyri, kvenf 27. maí til 15. júní (ÆP, STh ofl).

Skag: Glaumbær í Seyluhr., par 12.-14. maí (Eileen C. Rees, ÓE).

S-Ping: Mývatn: Dauðanes, karlf 3. júní. Höfði og nágr., par frá 7. júlí, hreiður með 4 eggjum fannst 25. júlí, karlf fundinn dauður við Mikley 10. ágúst ☆ [RM10371], þrír ungar fundnir dauðir við hreiðrið 23. ágúst 3☆ [RM10368, 10369, 10370], kvenf síðast séður 26. ágúst (á Stakhólstjörn með öðru pari). Krikatjörn við Álftagerði, kvenf 31. júlí til 4. ágúst. Neslandavík, karlf 3. ágúst, tveir karlf og kvenf 6.-15. ágúst, karlf 25. ágúst. Stakhólstjörn, karlf og kvenf 10.-26. ágúst (ýmsir). Það er amk fjórir karlf og fjórir kvenf á vatninu þetta sumar, 6. mynd.

Turnfálki *Falco tinnunculus* (26,19,1)

Evrópa, Asía og Afríka. – Fremur sjaldgæfur flækingur.

Á *sjó:* Um 100 sjóm VNV af Garðskaga, Gull, kom um borð í skip og drapst haustið 1990 ☆ (Pétur Pétursson).

1988:

Á *sjó:* Halamið (66°40'N, 24°00'V), 20. okt 1988, merktur „Stockholm 6102546“ sem ungi 25. júní 1988 í Dalarna í Svíþjóð (Hliðar Kjartansson).



6. mynd. Hrókönd *Oxyura jamaicensis*, steggur. Kálfaströnd í Mývatnssveit, 22. júlí 1990. Ljós. Frank-Ulrich Schmidt.

Gunnfálki *Falco subbuteo* (1,6,2)

Mið- og S-Evrópa, V-Asía til Kyrrahafs. – Sjaldgæfur flækingur.

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, 23. júní (ÓÓ).

A-Skaft: Dynjandi í Nesjum, 11. júní ☆ [RM10377] (BA).

Fálki *Falco rusticolus candicans* (-,21,4)

Grænland, Kanada og Alaska. – „Hvítfálkar“ sjást hér árlega.

Arn: Selfoss, 12. jan (GT, TGG).

Mýr: Helgrindur á Mýrum, 2. júní ☆ [RM10316] (Guðmundur K. Stefánsson).

Á *sjó:* Út af Breiðafirði (64°40'N, 27°20'V), 9. apríl (merktur „19794“ og sleppt í Reykjavík 15. apríl) (Jón Þorbergsson). 30-40 sjóm. N af Skaga, 27.-29. sept (Björn Þ. Kristjánsson).

Förufálki *Falco peregrinus* (1,3,0)

Evrópa, N-Asía, norðanverð N-Ameríka og víðar. – Mjög sjaldgæfur flækingur.

1986:

A-Skaft: Kvísker í Örafum, 16. okt 1986 (HB).

Keldusvín *Rallus aquaticus* (-,51,3)

Evrópa og Asía. – Keldusvín eru sennilega hætt að verpa hér á landi. Sjást þó árlega, en það eru líklega flækingsfuglar.

N-Múl: Hvannstöð í Borgarfirði, 1. nóv ☆ [RM10520] (Anna Jónsdóttir).

Strand: Svanshöll í Bjarnarfirði, 26. jan (Ólafur Ingimundarson).

Vestm: Heimaey, 19.-25. feb (SS ofl).



7. mynd. Gulllóa *Pluvialis dominica* ásamt heiðlóum *Pluvialis aprinaria* við Garðskaga á Miðnesi, 8. september 1990. Gulllóan er grárri en heiðlóurnar og með áberandi brúnarák. Ljós. Gunnlaugur Práinsson.

Dílarella *Porzana porzana* (2,3,1)

Evrópa og vestanverð Asía. – Mjög sjaldgæfur flækingur.

A-Skaft: Fagurhólmýri í Örafum, 3. júlí (HB), heyrð í fugli á svipuðum slóðum og árið áður.

Engirella *Crex crex* (19,7,1)

Evrópa til Mið-Asíu. – Fremur sjaldsæður flækingur.

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, 17. okt ☆ [RM10614] (BA).

Bleshæna *Fulica atra* (129,47,2)

Evrópa, Asía og Ástralía. – Árviss og hefur orpið hér.

Rvík: Tjörnin, 14. des 1989 til 9. jan (Ari M. Bragason ofl), sjá einnig skýrslu 1989.

Skag: Syðri-Hofdalir í Viðvíkursveit, 20. júlí (ÓE).

N-Þing: Þórshöfn á Langanesi, 2. júní (GG).

1984:

N-Þing: Víkingavatn í Kelduhverfi, 6. júní 1984 (DW), sjá einnig skýrslu 1984.

Gulllóa *Pluvialis dominica* (0,6,1)

N-Ameríka. – Sést árlega í Evrópu, en er mjög sjaldgæf hér á landi.

Gull: Garðskagi, fullu 8.-15. sept (GP, GP, Magnus Brandel ofl), 7. mynd.

Grálóa *P. u. squatarola* (16,47,2)

Nyrstu héruð Síbíríu og N-Ameríku. – Ár-

viss að haust- og vetrarlagi, en sést einnig á sumrin.

Gull: Sandgerði, 6.-10. jan, sennilega frá hautinu áður (GAG, KL), 25. des (JÓH).

Nausthólsvík á Vatnsleysuströnd, 29. des (Margrét Blöndal, ÓE).

Vepja *Vanellus vanellus* (-,440,9)

Evrópa og N-Asía. – Árviss og hefur orpið hér.

Árn: Torfastaðir í Biskupstungum, par 26. maí til 9. júní, hreiður með 4 eggjum fannst 28. maí, eitt egg í hreiðrinu 5. júní, kvenf lá á 9. júní, stakur fugl 27. júní en engin merki um unga (EÓP, IG, JÓH).

V-Barð: Lambeyri við Tálknafjörð, mars til apríl (Stefán Kristjánsson).

Eyf: Kristnes, 5. apríl (Pór Aðalsteinsson). Laugaland, par og hreiður með 3 eggjum 28. maí, stakur fugl 26. júlí (Leifur Guðmundsson ofl).

N-Múl: Búðaröxl í Vopnafirði, 5. maí (PL). Hvannstöð í Borgarfirði eystri, okt til des (Anna Jónsdóttir).

S-Múl: Blábjörg í Álftafirði, 12. eða 13. ágúst (Helmut Hinrichsen).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, lok jan (Gróa Eyjólfssdóttir).

Þinganes í Skarðfirði, 19. maí (AG, GAG, KL).



8. mynd A. Fitjatíta *Calidris pusilla*, fullorðin. Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, 8. júlí 1990. Ljós. Gunnlaugur Práinsson.



8. mynd B. Fitjatíta *Calidris pusilla*. Sami fugl og á myndinni til vinstri. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.

9. mynd. Mærutíta *Calidris minutilla* ásamt lóupræli *C. alpina* (til hægri). Gerðar í Garði, 23. september 1990. Ljós. Gunnlaugur Práinsson.



10. mynd. Rákatíta *Calidris melanotos*. Miðhús í Garði, 23. september 1990. Ljós. Gunnlaugur Práinsson.



1985:

Vestm. Heimaey, 10. feb 1985 ☆, merktur „Brit. Mus. DN05612“ sem ungi 1983 á Orkneyjum (Ingi Sigurjónsson).

1988:

Rang: Hella, okt 1988 ☆, merktur „Brit. Mus. 2074909“ sem ungi 1976 við Leadburn Moor á Skotlandi (Ingi Sigurjónsson, SS).

Fitjatíta *Calidris pusilla* (0,1,1)

Kanada og Alaska. – Fremur sjaldgæf í Evrópu og hefur sést einu sinni áður hér á landi. Gull: Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, fullu 8. júlí (GP, GP, JÓH), 8. mynd.

Veimiltíta *Calidris minuta* (2,8,1)

Nyrsti hluti Evrópu og Asíu. – Algeng um fartímann í Evrópu, en sjaldgæf hér á landi. N-ling: Harðbaksvík á Melrakkaslétu, 1. sept ☆ [RM10449] (BB, GH, HE), var í fylgd með tveimur öðrum sem e.t.v. hafa verið sömu tegundar.

Mærutíta *Calidris minutilla* (2,0,1)

Kanada og Alaska. – Sjaldséð í Evrópu og mjög sjaldgæf hér á landi. Gull: Gerðar í Garði, 23. sept ☆ [RM10514] (Broddi R. Hansen, ESH, GPH, GP, GP, HG), 9. mynd.


Vaðlatíta *Calidris fuscicollis* (11,24,3)

Kanada. – Algengasti ameríski vaðfuglinn hér á landi og nær árviss. Alltíð í Evrópu. Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, fullu 28.-30. júlí (GP). Sandgerði, fullu 29. júlí (GP). Arfadalsvík við Grindavík, 6. okt (ESH, GP, GP).

Rákatíta *Calidris melanotos* (2,16,2)

Kanada, Alaska og NA-Síbería. – Algengasti ameríski vaðfuglinn í Evrópu, sjaldgæfari en vaðlatíta hér á landi, en er þó orðin nær árviss. Gull: Miðhús í Garði, ungf 17.-23. sept (JÓH, ÓE ofl), 10. mynd. Garðskagi, 6. okt (GP), líklega sama og í Garði. N-ling: Ásmundarstaðir á Melrakkaslétu, fullu 22.-23. maí (Jón Magnússon, STH ofl).

Amerískir vaðfuglar *Nearctic waders*
1979-1990



11. mynd. Fjöldi einstaklinga og tegunda amerískra vaðfugla sem sáu á árunum 1979 til 1990. – Number of birds and species of nearctic waders seen from 1979 to 1990.

Spóatíta *Calidris ferruginea* (3,16,1)

N-Síbería. – Algeng um fartímann í V-Evrópu, en fremur sjaldgæf hér. A-Skaft: Höfn í Hornafirði, fullu 14. júlí 1987 (BA).

Efjutíta *Limicola falcinellus* (0,7,2)

N-Evrópa og N-Asía. – Fer um Mið-Evrópu til vetrarstöðva í Afríku. Sjaldgæf í V-Evrópu, og sjaldgæf hér á landi. Allar nema tvær hafa sést á Tjörnnesi, en þar er e.t.v. um sömu fugla að ræða frá ári til árs. S-ling: Hóll á Tjörnnesi, syngjandi fugl 16. maí til 8. júní, önnur að auki 8. júní, stakur fugl 14. júní (EÓP, HE, ÓKN).

Rúkragi *Philomachus pugnax* (26,30,6)

N-Evrópa og Asía. – Árviss flækingur, sem sést helst að vorlagi. Gull: Miðhús í Garði, ungur karlf 17. sept (JÓH, ÓE). A-Hún: Laxá á Ásum, karlf 15.-31. maí (Vignir Björnsson). N-ling: Gegnisvík á Melrakkaslétu, karlf 19. maí (AG, GAG, KL). S-ling: Neslandavík við Mývatn, karlf 1.-2. júní (KL, ÓKN ofl). Skútustaðir í Mývatnssveit, karlf 3.-6. júní og annar karlf 4.-5. júní (ÁE).

Dvergsnípa *Limnodytes minimus* (32,36,3)

N-Evrópa og Asía. – Nær árviss, einkum að vetrarlagi, en þó mun sjaldgæfari en skógar-snípa. Gull: Kópavogur, 18. nóv 1989 til 15. apríl

A-Skaft: Breiðamerkurfjara, 31. okt (HB).

(119,153,8)

Evrópa og Asía. – Árviss flækingur, sem sést einkum að vetrarlagi.

Árn: Reykir í Ölfusi, lok mars (Jóhanna B. Magnúsdóttir).

Gull: Kiðafell í Kjós, feb eða mars (Sigurbjörn Hjaltason).

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, 29. des
(Hrafn Óskarsson).

A-Skaft: Reynivellir í Suðursveit, lok apríl
☆ [RM10382] (BA), tvær 24. nóv (BA).

Kvísker í Örafum, 9.-20. nóv (HB ofl).
Vestm: Stórhöfði á Heimaey, fd 30. jan ☆
 (Óskar J. Sigurðsson, SS).

 $(105, 122, 5)$

Skandinavía, Sibiría og Alaska. – Haust- og vetrargestur á SA- og SV-landi, en mun sjaldgæfari en fjöruspói.

Borg: Bakki í Melasveit, 1. apríl (Jóhann G. Gunnarsson).

Gull: Sandgerði, 10. jan (GAG, KL), 7.-11. maí (GAG), 11. nóv (GP, GP, GP, KM), 25.-29. des (JÓH ofl).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 1.-8. sept, tveir
10.-21. sept, einn 25. sept, tveir 7. des til
28. mars 1991 (BP, EP).

N-Ping: Hraunhafnarvatn á Melrakkaslétu, 21.-22. maí (Jón Magnússon, STh, ÆP), 12. mynd.



12. mynd. Lappjaðrakan *Limosa lapponica*.
Hraunhafnarvatn á Melrakkaslétu, 22. maí
1990. Ljós. Jón Magnússon.

Fjöruspói *Numenius arquata* (-,704,58)

Evrópa og Asía. – Vetrargestur, einkum á SA- og SV-landi, og hefur orpið hér. – 13. mynd.

Gull: Sandgerði, tveir 2. jan, sex 10. jan, 5.-9. ágúst, tveir 8. sept, sex 23. sept, tólf 29. sept, tveir 20. okt, tveir 27. okt, fjórir 31. okt, tíu 2. nóv, sextán 11. nóv, tíu 25. des, átta 29. des, einn 31. des (ýmsir).

Arfadalsvík við Grindavík, 29. apríl (EÓP, JÓH, ÓE ofl).



Hvaleyrarlón í Hafnarfirði, 9. okt (EÓP, GPH, JÓH).

N-Múl: Þorvaldsstaðir í Bakkafirði, fjórir 2. maí (PL ofl).

Húsey í Hróarstungu, 17. júní (GPH).

Rvík: Laugarnes, 9. jan (GH).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, (framhald frá 1989), einn 22. feb, sextán 29. mars, 23 fuglar 1. apríl, 22 fuglar 6. apríl, átján 7. apríl, þrettán 8.-10. apríl, fimm 12.-18.



apríl, fjórir 19.-28. apríl, þrír 29. apríl, tveir 30. apríl (BA, EP). Átta 2. júlí (DW), sextán 30. júlí, 25 fuglar 31. júlí, sáust síðan mismargir allt haustið, allt að 23 fuglar í ágúst, 24 í sept, 18 fuglar í okt og 23 fuglar í byrjun des, 26 fuglar 20. des, 24 fuglar 21. des, tuttugu 22. des, átta 31. des. (BP, EP). (Athugunum sem ekki sýndu fækkun eða fjölgun er sleppt).

Skeiðarársandur, 2. okt (HB).

N-Fing: Melrakkaslétta, tveir 22.-24. maí sennilega óorpnir, amk tveir 11. júní e.t.v. með hreiður (Jón Magnússon, STh, ÆP ofl).

Fórhöfn á Langanesi, 1. sept (GG).

S-Fing: Héðinshöfði á Tjörnesi, tveir komu fljúgandi af hafi úr VSV 17. maí (Heimir Bessason, SG).

Húsavík, tveir 26. maí (BB, SSI).

Bakkahöfði við Húsavík, 29. maí (BB, SSI).

1989:

N-Múl: Steintún í Bakkafirði, 10. júlí 1989 (AG).

N-Fing: Heiðarnes á Langanesi, 17. sept 1989 (GG).

Núpskatla á Melrakkasléttu, vetur 1989 til 1990 (Sigurður Haraldsson).

Dílastelkur *Actitis macularia* (1,1,1)

Norðanverð N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi, en sést árlega í V-Evröpu.

Gul: Arfadalsvík, ungf 15. sept ☆ [RM10513] (Broddi R. Hansen, ESH, GPH, GP, GP, HG).

Ískjói *Stercorarius pomarinus* (88,275,17)

Íshafslönd N-Ameríku og Síbiríu, einnig Grænland. – Einhver hluti stofnsins fer hér um vor og haust.

A-Barð: Bjarneyjar á Breiðafirði, tveir 29. júní (Magnús Magnússon, STh, ÆP).

Gull: Garðskagi, þrír fullu og ungf 31. maí (Áke Lindström, GAG).

Á sjó: 66°39'N, 26°44'V, fullu 4. sept (MKP).

66°30'N, 26°27'V, fullu 4. sept (MKP).

67°08'N, 22°43'V, tveir fullu 5. sept (MKP).

68°19'N, 17°14'V, fullu 9. sept (MKP).

67°30'N, 24°23'V, þrír fullu 20. sept (MKP).

67°28'N, 24°22'V, tveir fullu 20. sept

(MKP).

Á Skjálfanda um 6 sjóm. NV af Húsavíkurhöfða, ungf 24. okt (SG).

Fjallkjói *Stercorarius longicaudus* (97,39,8)

Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evröpu og Síbiríu, einnig Grænland. – Fargestur, sjaldsédari en ískjói hér við land, og sést stundum inni í landi.

Dal: Langeyjarnes við Klofning, 12. júlí ☆ [RM10405] (PL).

Gull: Garðskagi, fjórir fullu 31. maí (Áke Lindström, GAG).

V-Hún: Þóroddsstaðir í Hrutafirði, fullu 19. júlí (HPH).

Rang: Lambhagi í Landsveit, 4.-5. ágúst (GPH).

S-Fing: Haganes í Mývatnssveit, 1. júní (AE).

Dvergmáfur *Larus minutus* (28,45,4)

Austanverð Evrópa og Mið-Asía. – Árlegur flækingur. Sést hér á öllum tímum árs, en þó einna helst snemma sumars.

Gull: Brúsastaðir í Hafnarfirði, á fyrsta vetri 27. jan (GP).

Hvaleyrri í Hafnarfirði, á fyrsta vetri 23. nóv (Arnór P. Sigfússon, Þorvaldur Björnsson).

Skag: Borgarey í Héraðsvötnum, fullu 16. maí til 12. júní (Eileen C. Rees, ÓE).

S-Fing: Húsavík, ársgamall 10.-17. maí (BB, HE).



14. mynd. Ísmáfur *Pagophila eburnea*, ungfugl. Hafnarfjörður, 9.-22. janúar 1990. Ljósm. Ólafur Torfason.



15. mynd. Tígulþerna *Chlidonias leucopterus*. Þórshöfn á Langanesi, 28. júní 1989. Ljós-
Guðjón Gamalielsson.

Þernumáfur *Larus sabini* (16,4,1)

Grænland og íshafslönd N-Ameríku og Asíu. – Mjög sjaldséður hér, en sést oft um fartímann að hausti við V-Evrópu.

Vestm: Bjarnarey, 25. ágúst ☆ [RM10467]
(Hermann Einarsson).

Hringmáfur *Larus delawarensis* (1,27,7)

N-Ameríka. – Nær árlegur flækingur. Algengasti ameríski máfurinn hér við land, sem og annars staðar í Evrópu.

Gull: Hvaleyrarlón í Hafnarfirði, ársгамall
28. apríl, tveir árgamlir 29. apríl (GP).

Bakkagrandi á Seltjarnarnesi, fullu 18. okt
(BH, JÓH).

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, einn á öðru
sumri 8. júní til 7. okt (BA ofl), annar á
öðru sumri að auki 15.-28. júní og 1. sept,
þriðji fuglinn 22.-25. júní (BP, EP ofl).

Vestm: Heimaey, fullu 25. apríl ☆
[RM10471], merktur „Stavanger 550081“
sem fullu 21. nóv 1983 í Bergen í Noregi
(Ingi Sigurjónsson, SS).

Rósamáfur *Rhodostethia rosea* (12,5,3)

NA-Síbería. – Sést nær árlega við strendur
V-Evrópu, allt suður fyrir Bretlandseyjar.

Sjaldséður hér við land.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, amk tveggja ára
17. apríl (BA).

N-Fing: Brekka í Núpasveit, fullu 20. júní
(EÓP, ÓKN).

S-Þing: Húsavík, fullu 26.-30. júní (BB,
GH, HE, SSI, SG).

Ísmáfur *Pagophila eburnea* (62,60,4)

Íshafseyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði
og Grænland. – Íshafsfugl, sem leitar lítið
suður á bóginn á veturna. Sést hér þó ár-
lega, einkum við Norðurland.

Eyf: Akureyri, ungf 29. des (GP ofl).

Skál á Söðu, átta um 20. júlí (Gísli Vigfússon).

Skag: Hofsó, þrír 9.-10. júní, um tuttugu 13. júní (Gísli Kristjánsson ofl).

Hólar í Hjaltadal, amk fjórir 11. júní (Pétur Brynjólfsson), einn 10. ágúst (Wilhelm Woodtli).

Varmahlíð, einn 30. júní, 10-15 fuglar 1. júlí (ÓE).

Brekka í Seyluhr., fd í júní ☆ (Herfríður Valdimarsdóttir).

Snæf: Hellissandur, um 30 fuglar 19. júní (Sy Baldwin).

Ólafsvíkurenni, um tólf 20. júní (Sy Baldwin).

Stykkishólmur, 6-8 fuglar 17. júní, einn 24. júní ☆ [RM10627], 19-20 fuglar 28. júní (Trausti Tryggvason), nokkrir til um miðs sept (Hermann Guðmundsson).

Hjarðarfell í Miklaholtsh., sex um 7. júlí, þrettán 16. júlí (Harpa Jónsdóttir).

Strand: Hólmavík, 7. júní (Stefán Gíslason).

Munaðarnes í Árneshr., þrír 20. júní, einn

21. júní, tekinn í hald (Jón E. Jónsson).
Vestm. Heimaey, tólf 7. júní en sennilega mun fleiri viðsvegar um Heimaey þá og dagana á eftir (SS ofl), *3l. mynd*, einn fd 7. júní ☆ (Jón H. Sigurbjörnsson), einn fundinn lifandi 8. júní (dó daginn eftir) ☆ [RM10332] (Sveinn Hjálmarsson), einn fd 9. júní ☆ [RM10331] (Óskar Friðriksson), einn fundinn nær dauður 11. júní ☆ [RM10503] (SS), einn fd 12. júní ☆ [RM10333] (Gylfi Sigurjónsson).

Surtsey, rytja fannst í fæðuleifum máfa 11. júlí ☆ (JÓH).

N-Fing: Þórshöfn á Langanesi, sex 8. júní, þrír 9. júní, fimm 13.-16. júlí (GG).

Árbyrgi í Kelduhverfi, fd 9. júní ☆ [RM10337] (Einar T. Finnsson).

S-Fing: Baldursheimur í Mývatnssveit, 6. júní (skv AE).

Végeirsstaðir í Fnjóskadal, tveir 7. júní (Sth).

Húsavík, 15-20 fuglar 8. júní, 22 fuglar 19. júní, um 30 fuglar 3.-17. júlí, sex 28. júlí, fimm síðast í ágúst, tveir 27. sept, þrír 22.-26. okt, fjórir 2. nóv, þrír 3. nóv, tveir til ársloka, tveir, annar fundinn nær dauður 30. des ☆, einn 14. jan 1991 (BB, GH, HE, Hjörtur Tryggvason, Jónas G. Jónsson, SG, SSI).

Höfði í Mývatnssveit, 22. júní (Sth).

Hagi í Aðaldal, fjórir 24.-26. júní (Jón Fornason).

Grímshús í Aðaldal, tveir 26. júní (Baldur Kristinsson).

Halldórsstaðir í Bárðardal, sex 27. júlí, einn náðist og var merktur „842601“ (Sth).

Sólvangur í Fnjóskadal, 1. ágúst (Sth).

Á *sjó:* Við Ingólfshöfða, 7. júní ☆ [RM10334] (Gísli Ingólfsson).

„Fjöllin“ 65 sm frá Garðskaga, 8. júní ☆ [RM10351] (Einar Þórðarson).

Milli Heimaeyjar og lands, 8. júlí ☆ (Örn Ólafsson).

30-40 sjóm undan Eystrahorni (64°10'N, 13°30'V), júní/júlí ☆ [RM10564] (skv Örygi Kristfinnssyni).

Hörputittlingur *Zonotrichia albicollis* (2,3,1)
 N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækíngur hér á landi sem og annars staðar í Evrópu.

A-Skaft: Höfn í Hornafirði, 18.-20. jan ☆ [RM10586] (BA).

Sportittlingur *Calcarius lapponicus* (-,89,6)

Skandinavía, Íshafslönd Asíu og Ameríku, V- og SA-Grænland. – Sennilega óreglulegur fargestur hér á landi á leið sinni milli Grænlands og Evrópu.

Árn: Fljótshólar í Flóa, karlf og tveir ógr 6. maí (Anthony D. Fox).

Gull: Hafurbjarnarstaðir á Miðnesi, kvenf/ungf 15. sept (GPH, GP).

Hvalsnes á Miðnesi, 15. sept (GP, GH).

Staður við Grindavík, ungur karlf 20.-27. okt (BH, ESH, GPH, GP, GP, HG ofl).

Hettutittlingur *Emberiza melanocephala* (2,0,1)

SA-Evrópa og SV-Asía. – Mjög sjaldgæfur flækíngur hér á landi. Fuglar, sem sjást annað slagid í V-Evrópu, hafa oft verið taldir sloppnir þar úr haldi, enda er tegundin algengur búrfugl.

Vestm: Heimaey, karlf um 15.-20. sept, tekinn í búr og dó síðar, ☆ [RM10623] (Ólafur Óskarsson).

ATHUGENDUR OBSERVERS

Åke Lindström.

Aðalsteinn Snæþórsson, Alfríð Hilmarsson, Alyn Walsh, Anna Harðardóttir, Anna Jónsdóttir, Anthony D. Fox, Ari M. Bragason, Ari Magnússon, Arnar Helgason, Arndís Ö. Guðmundsdóttir, Arnór Sigfússon, Arnþór Garðarsson (AG), Auður Hannesdóttir, Ágúst E. Vilhjálmsson, Álfheiður Jónsdóttir, Árni Einarsson (ÁE), Árni Elfasson, Árni Guðmundsson, Árni W. Hjálmarsson, Árni J. Óðinsson, Árni Óskarsson, Ásgeir Erlendsson, Ásta Njálisdóttir, Ástrún Davíðsdóttir, Ástþór Skúlason.

Baldur Hallgrímsson, Baldur Kristinsson, Benedikt Þorsteinsson (BP), Benóný Halldórs-son, Bergþóra Bachmann, Bergsveinn Þórsson, Bjarni Böðvarsson, Bjarni Einarsson, Björn Arnarson (BA), Björn Hjaltason (BH), Björn Júlíusson, Björn P. Kristjánsson, Björn Magnússon, Björn Sverrisson, Boði Stefánsson, Broddi R. Hansen, Bryndís Karlsdóttir, Brynhildur Einarsdóttir, Brynjar Svansson, Brynjúlfur Brynjólfsson (BB).

Christian Roth.

D. Waring (DW), Dagný Karlsdóttir.

Edda Björnsdóttir, Edda Magnúsdóttir, Egill Einarsson, Egill Freysteinnsson, Eileen C. Rees, Einar P. Eggertsson, Einar T. Finnsson, Einar Ólafsson, Einar Tryggvason, Einar Ó. Þorleifsson (EÓÞ), Einar Þórðarson, Eiríkur Sveinsson, Elías V. Jensson, Elínborg Pálsdóttir (EP), Ellert Vig-

fússon, Elvar I Ágústsson, Emil Richter, Erling Ólafsson (EO), Erlingur Pálsson, Erpur S. Hansen (ESH), Eyjólfur Guðjónsson, Eysteinn Gíslason.

Frank-Ulrich Schmidt, Freddy Laustsen, Friðjón Árnason.

Garðar Svavarsson, Gaukur Hjartarson (GH), Geir Garðarsson, Geir Stefánsson, Georg M. Baldursson, Gerhard Ó. Guðnason, Gísli Aðalsteinsson, Gísli Baldursson, Gísli Ingólfsson, Gísli Jónsson, Gísli Kristjánsson, Gísli Vigfússon, Greet Boomhouwer, Gréta D. Þórðardóttir, Gróa Eyjólfsdóttir, Guðgeir Ingvarsson, Guðjón Gamalielsson (GG), Guðmundur H. Brynjarsson, Guðmundur A. Guðmundsson (GAG), Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur A. Guðnason, Guðmundur Ó. Sigurgeirsson, Guðmundur K. Stefánsson, Guðný Valberg, Guðrún Ormsdóttir, Guðrún Reykdal, Gunnar Gunnarsson, Gunnar P. Hallgrímsson (GPH), Gunnar E. Hauksson, Gunnar Tómasson (GT), Gunnlaugur Ingólfsson, Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Theodórsson, Gunnlaugur Þráinsson (GP), Gústaf Sæland, Gústav Guðmundsson, Gylfi Sigurjónsson.

Hafðis Ólafsson, Hafsteinn Guðmundsson, Hafsteinn Jóhannesson, Halla Þórðardóttir, Halldór Hafliðason, Halldór Olgeirsson, Halldór Ólafsson, Halldór W. Stefánsson, Hallgrímur Gunnarsson (HG), Hallgrímur Helgason, Hallgrímur Jónsson, Hannes P. Hafsteinsson (HPH), Haraldur Guðmundsson, Haraldur Sigurðsson, Haraldur Tómasson, Haraldur Þórarinnsson, Harpa Jónsdóttir, Haukur Baldvinsson, Haukur Brynjólfsson, Hálfán Þjórnnsson (HB), Hálfán Ó. Hálfánarson, Hávarður Bergþórsson, Hávarður B. Sigurðsson, Heiðbjört Kristmundsdóttir, Heimir Bessason, Heimir Eiríksson (HE), Heimir Gíslason, Helgi Ársælsson, Helgi Guðmundsson, Helgi Þórsson, Helmut Hinrichsen, Herfríður Valdimarsdóttir, Hermann Bárðarson, Hermann Einarsson, Hermann Guðmundsson, Hildur Karlsdóttir, Hilmar Árnason, Hilmar Össurarson, Hjálmar Ö. Arnarson, Hjörleifur Jóhannesson, Hjörtur Kjerúlf, Hjörtur Tryggvason, Hlíðar Kjartansson, Hrafn Heimisson, Hrafn Óskarsson, Hrafnkell Guðjónsson, Hreiðar Sigurðsson, Hreimur Garðarsson, Hugh Boyd, Hörður Geirsson, Hörður Karlsson.

Ian Francis, Ib Petersen, Indíana Ólafsdóttir, Indriði Aðalsteinsson, Inga Hallsteinsdóttir, Inga Skarphéðinsdóttir, Ingi Sigurjónsson, Ingigerður Jónsdóttir, Ingimar Sveinsson, Ingólfur Arnarson, Ingólfur Guðnason (IG), Ingólfur Reimarsson, Ingunn Gunnlaugsdóttir, Ingvar Hreinsson, Ingþór Friðriksson.

Jakob Guðlaugsson, Jan Jacobs, Jens Magnússon, Jóhann Bjarnason, Jóhann Brandsson, Jóhann Gunnarsson, Jóhann G. Gunnarsson, Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Jóhann Þorsteins-

son, Jóhann Þórsson, Jóhanna B. Magnúsdóttir, Jóhannes Eggertsson, Jóhannes Ó. Garðarsson, Jóhannes Jensson, Jón Einarsson, Jón Fornason, Jón Grímsson, Jón Guðmundsson, Jón Gunnarsson, Jón B. Hlíðberg, Jón Ingimarsson, Jón Jónsson, Jón E. Jónsson, Jón K. Jónsson, Jón Magnússon, Jón Oddsson, Jón Ólafsson, Jón Sighvats-son, Jón H. Sigurbjörnsson, Jón Steinsson, Jón Þorbergsson, Jón Þórðarson, Jónas Finnbogason, Jónas Helgason, Jónas Jónsson, Jónas G. Jónsson, Jónas Þorgrímsson, Jökull B. Þórarinnsson.

Karl Olsen, Karl Sigurðsson, Karl Skírnisson, Karlínna Sigmundsdóttir, Katla Svavarsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Kjartan Magnússon (KM), Kristinn Pálsson, Kristín Ágústsdóttir, Kristín Marisdóttir, Kristján Egilsson, Kristján Lillendahl (KL), Kristján Ólafsson, Kristleifur Þorsteins-son, Kristmundur Skarphéðinsson.

Lárus Helgason, Leifur Guðmundsson, Linda Ólafsdóttir, Lis Bergs, Loftur Jónsson, Lúðvík Gizurarson, Lögreglan í Árbæ, Lögreglan í Hafnarfirði.

Magnus Brandel, Magnús Guðmundsson (MG), Magnús Magnússon, Margrét Blöndal, Marta Gylfadóttir, Matthías Lýðsson, Michael Kæie Poulsen (MKP).

Nigel S. Jarrett.

Ólafur Einarsson (OE), Ólafur Ingimundarson, Ólafur K. Nielsen (OKN), Ólafur Oddsson, Ólafur Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Ólafur Torfason, Ólöf Magnúsdóttir, Óskar Friðriksson, Óskar J. Sigurðsson, Óskar Sævarsson.

Páll Leifsson (PL), Páll Skjöldal, Páll Sturlaugsson, Pálmi Ragnarsson, Pálmi H. Sigurðsson, Petra Sveinsdóttir, Pétur H. Benediktsson, Pétur Brynjólfsson, Pétur V. Jónsson (PVJ), Pétur Pétursson, Pétur Þorvaldsson.

R. Youngman, Rafn Sigurðsson, Ragnar Eiðsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Ralph Tiedemann, Reimar Ásgeirsson, Rósa Finnsdóttir, Rósa Ívarsdóttir, Rúnar Eiríksson.

Samson Harðarson, Sigfús J. Árnason, Sigrún S. Ingólfssdóttir (SSI), Sigrún Jónsdóttir, Sigurbjörn Hjaltason, Sigurður Blöndal (SBl), Sigurður Eiríksson, Sigurður Georgsson, Sigurður Gíslason, Sigurður Guðmundsson, Sigurður Gunnarsson (SG), Sigurður Haraldsson, Sigurður Helgason, Sigurður Ægisson, Sigurfinnur Jónsson, Sigurgeir Sigurðsson (SS), Sigurjón Hafsteinsson, Sigurjón Jósepsson, Sigvaldi Ásgeirsson, Sigþór Gíslason, Skarphéðinn Þórisson (SP), Skjöldur Jónsson, Skúli Gunnarsson, Skúli Jónsson, Sólveig Sigurðardóttir, Stefanía B. Hannesdóttir, Stefán Gíslason, Stefán Guðmundsson, Stefán Jónsson, Stefán Kristjánsson, Stefán Sigurðsson, Steinar Björgvinsson, Steinar Eldýi, Steinþór Vigfússon, Sten Asbirk, Stephanie Warren, Susanne Beug, Sveinbjörn Guðmundsson, Sveinn Filippusson, Sveinn Hjálmarsson, Sverrir Thorstensen (STh), Sy Baldwin, Sæmundur Kristjánsson.

Thor Klausen, Tómas G. Gunnarsson (TGG), Tómas I. Ólrich, Trausti Tryggvason, Tryggvi Eyjólfsson, Tryggvi Stefánsson.

Valgeir Sigurðsson, Vigdís Ágústsdóttir, Vignir Björnsson, Vignir M. Sigurðsson, Viktor Sigurjónsson.

Wilhelm Woodtli.

Þorgeir Vigfússon, Þorsteinn Einarsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Þorsteinn T. Þórðarson, Þorvaldur Björnsson, Þór Adalsteinsson, Þóra Jóhannsdóttir, Þórir Snorrason, Þóroddur Helgason, Þórólfur Sveinsson.

Ævar Petersen (ÆP).

Örlygur Kristfinnsson, Örn Einarsson, Örn Ólafsson, Örn Óskarsson (ÖÖ), Örn Þorleifsson.

HEIMILDIR

Gunnlaugur Pétursson 1992. Fitjatíta finnst hér á landi. Bliki 12: 1-8.

Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Erling Ólafsson 1992. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1989. Bliki 11: 31-63.

Ólafur K. Nielsen 1991. Efjutíta syngjandi á Tjörnesi. Bliki 10: 51-54.

Tómas G. Gunnarsson 1992. Gráprastavarp í Laugarási í Biskupstungum 1990. Bliki 11: 65.

Þórir Snorrason 1992. Brandendur í Eyjafirði 1990. Bliki 12: 9-10.

SUMMARY

Rare birds in Iceland in 1990

This 12th report lists 82 rare or vagrant bird species recorded in Iceland in 1990, and additional five species from previous years. These records have been accepted by the Icelandic Rarities Committee.

Common vagrants and winter visitors: Unusually many Grey Herons *Ardea cinerea* were observed this year. Many King Eiders *Somateria spectabilis* were seen in late spring and summer, which is rather unusual. The peak month has been April. A number of Goldeneyes *Bucephala clangula* spent their winter in SW Iceland as usual, but only a few Bar-tailed Godwits *Limosa lapponica* were reported in the autumn. The number of Curlews *Numenius arquata* wintering in Iceland was similar to previous years. A few Waxwings *Bombuscia garrulus* were seen in January, but a considerable number in the autumn. In early November many Rooks *Corvus frugilegus*, mainly immatures, were reported, and a few stayed until April 1991.

What characterizes the year is the influx of Crossbills *Loxia curvirostra*, which began in early June. Many hundreds of birds were seen all over the country (estimated more about 790 altogether). Their numbers decreased during the summer, but a few birds were seen into 1991. Last influx oc-

curred in 1985, but the 1990 influx is probably the largest ever reported.

Rare breeding birds: A pair of Shelduck *Tadorna tadorna* with six young were found in Eyjafjörður (N Iceland) in summer 1990 (Þórir Snorrason 1992). This is the first breeding record of that species. Ruddy Duck *Oxyura jamaicensis* bred also for the first time, at Mývatn (N Iceland). A pair was seen in early July, a nest with four eggs was found in late July, and three young were dead in the nest in early August. Apart from this pair, six other birds were seen (3 females and 3 males) at Mývatn in July and August. Lapwing *Vanellus vanellus* bred in Biskupstungur (S Iceland), laid four eggs, that never hatched. An unsuccessful breeding attempt was also reported from Eyjafjörður (N Iceland). A pair of Swallow *Hirundo rustica* nested in Fljótshverfi (S Iceland) and raised three young. Rock Pipit *Anthus petrosus* bred again at the same locality in SE Iceland as in 1989. Adult was seen carrying food, but young were not found. A small colony of House Sparrows *Passer domesticus* has been present at the farm Hof í Öræfum (SE Iceland) since 1985. A pair of Fieldfares *Turdus pilaris* bred at Laugarás í Biskupstungum (S Iceland), and raised at least two young (Tómas G. Gunnarsson 1992). Curlews *Numenius arquata* were seen once again at the 1987 and 1988 breeding locality in NE Iceland, but no nest was found.

New species: No new species was recorded in Iceland in 1990, for the first time in many years (probably since 1929).

Rare species: Several very rare species (with 5 records or less last 10 years) were observed in 1990. They are *Aix galericulata* (third record), *Polysticta stelleri*, *Bucephala albeola*, *Porzana porzana*, *Pluvialis dominica*, *Calidris pusilla* (second record), *Calidris minutilla* (third record), *Actitis macularia* (third record), *Larus sabini*, *Moacilla citreola* (third record), *Larus collurio*, *Zonotrichia albicollis*, *Emberiza melanocephala* (third record), and the subspecies *Anser a. bifrons albifrons* (third record) and *Branta bernicla bernicla* (third record). Also *Falco peregrinus* from 1986, and *Chlidonias leucopterus* (second record) from 1989. Other rare species (6-10 records last 10 years) include *Aythya collaris*, *Falco subbuteo*, *Crex crex*, *Calidris minuta*, *Limicola falcinellus*, and *Rhodostethia rosea*.

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated in italics), (2) locality, (3) number of birds (if more than one), (4) sex and age, if known, (5) date, (6) observers (in parentheses, some abbreviated). – If a specimen of a bird is preserved at the Icelandic Museum of Natural History, the catalogue number is given [RMxxxxx].

The three numbers in parentheses after each species name indicate, respectively: the total

number of birds (individuals) seen in Iceland (1) before 1979, (2) in the period 1979-1989, and (3) in 1990 (the present report). In some cases, the number of birds recorded before 1979 have not yet been compiled and is thus indicated by a bar (-). For a few very common vagrants or winter visitors no figures are given.

The report includes records of *Turdus merula* and *Turdus pilaris* from 1st September 1989 to 31st August 1990, but for all other species the calendar year applies.

The following abbreviations are used: *karlf* = male, *kvenf* = female, *par* = pair, *fullu* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *fa* = found dead, *fnd* = found freshly dead, *fla* = found long dead, *✕* = collected or found dead (species identification confirmed with a specimen), *amk* = at least, *off* =

et al., *um* = about, *til* = until, *á fyrsta vetri* = first winter, *ársgamall* or *á fyrsta sumri* = first summer, *á öðrum vetri* = second winter, *á öðru sumri* or *2ja ára* = second summer. Names of months are abbreviated. Number of birds is usually given in words.

Data from the last report is used in preparing histograms and distribution maps for some of the winter visitors.

Gunnlaugur Pétursson, Gautlandi 21, 108 Reykjavík.

Gunnlaugur Þráinsson, Melbæ 40, 110 Reykjavík.

Erling Ólafsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Skeiðandarbliki við stökkandarhreiður

Ég sá skeiðandarblika 1. maí 1991 á tjörn við Ferjukletta í Óslandi á Höfn. Þar voru líka nokkrar stökkendur og fleiri fuglar. Næstu vikur gekk ég þarna fram hjá á hverjum morgni og hélt skeiðandarblikinn sig alltaf á sömu slóðum.

Þann 11. maí sá ég að einhver órói var í blikanum. Hann elti stökkandarkollu en fljótlega kom grænhöfði (stökkandarbliki) aðvifandi og reyndi að komast upp á milli þeirra. Þessi eltingaleikur stóð nokkra stund og endaði með því að allir þrír fuglarnir flugu upp, hnituðu nokkra hringi yfir áður en þeir settust nokkurn spöl frá tjörninni. Þar stilltu þeir sér upp í röð með nokkru millibili, og var kollan í miðjunni. Að því búnu fór ég heim til að ná í myndavél. Þegar ég kom aftur var stökkandarblikinn einn eftir á áðurnefndum stað en skeiðöndin var komin á tjörnina. Kolluna sá ég ekki.

Næsta morgun, þann 12. maí, sá ég skeiðandarblikann sitja milli þúfna austan við veginn út í Ósland en milli blikans og vegarins var skurður með vatni. Blikinn hélt þarna til í sex daga, eða til 18. maí. Stundum var stökkandarbliki einnig nálægur, en ef styggð kom að þeim flugu þeir upp og settust saman nokkurn spöl frá.

Þann 19. maí var austan rigning. Um morguninn var blikana ekki að sjá á venju-

bundnum stað en skeiðandarblikinn var úti í mýri lengra út með veginum. Á bakaleiðinni athugaði ég þúfnasvæðið áðurnefnda og fann þar andarhreiður með 7 eggjum sem voru ísköld í rigningunni. Ég tók eitt þeirra en breiddi yfir hin. Heima mældi ég eggid og bar saman við önnur andaregg. Eftir þá athugun taldi ég þetta vera stökkandaregg. Premur klukkustundum síðar fór ég aftur á vettvang. Fugl lá á hreiðrinu sem mér fannst vera stökkönd eftir lit að dæma. Þó var ekki gott að greina tegundina örugglega því mikid gras var í þúfunni og ég vildi ekki styggja fuglinn af hreiðrinu. Seinna sá ég fyrir vist, að þetta var stökkönd og fékk Björn Arnarson til að staðfesta það með mér þar eð ýmsir þóttust sjá þarna skeiðandarkollu.

Skeiðandarblikinn hélt sig við hreiðrið til 30. maí, og var grænhöfði líka nálægur. Eftir 30. maí var skeiðandarblikinn einungis á tjörninni þar sem hann sást fyrst og dvaldi þar í 6 daga, en hvarf eftir það.

Þess má geta að eggid sem ég tók 19. maí var alveg nýtt og engin egg bættust í hreiðrið eftir það. Þeim hafði því ekki verið ungað út þegar blikinn yfirgaf hreiðrið en því miður skoðaði ég aldrei í hreiðrið eftir þetta.

Benedikt Þorsteinsson, Ránarslóð 6, 780 Höfn

Varp hettumáfa við Blönduós

Í júlí og ágúst er alltaf fjöldi af nýfleygum ungum hettumáfs *Larus ridibundus* við ós Blöndu. Foreldrarirnir eru þá að kenna þeim að leita sér ætis, sem þá er nóg af. Mín skoðun er sú, að frá því ég hóf fyrst athuganir á þessu svæði (árið 1961), hafi alltaf komið svipaður fjöldi af fullorðnum fuglum í ósinn á vorin. Það er hins vegar breytilegt, hvar hópurinn slær sér niður til að verpa. Éó fara þeir aldrei mjög langt frá ósnum. Vil ég nú greina nánar frá því samkvæmt eigin athugunum.

Árið 1980 fann ég eitt hettumáfshreiður með tveim ungum á tjörn rétt sunnan við Svangrund. Þar verptu þeir af og til næstu ár.

Á árunum 1982-1984 verptu allmargir hettumáfar (milli 15 og 20 pör) við Starartjörn norður og austur af Hnjúkum. Árið 1985 var þar eitt hreiður, en síðan hefur ekki sést hreiður þar.

Vorið 1990 sáust engir fuglar á þessum stöðum, en samt voru óvenju margir varp-fuglar á ferðinni við ósinn.

Um mánaðamótin maí-júní 1990 voru miklar leysingar. Kom þá allmikil tjörn á Bakkakotsmóum, en þar verpa kríur *Sterna paradisaea*. Var bæði fróðlegt og gaman að sjá hvernig hettumáfarnir notuðu þetta tækifæri. Þeir voru heldur fyrri til að verpa en kríurnar og völdu sér hreiðurstaði allt í kringum tjörnina, eins og hettumáfa er vani.

Um það leyti sem kríurnar byrjuðu að verpa, var tjörnin horfin. Slógust þær um hreiðurstaðina við hettumáfana og reyndu að reka þá burtu. Þegar það bar ekki árangur, dreifðust kríurnar á nýja hreiðurstaði.

Gaman var að fylgjast með framhaldinu. Allt virtist falla í sátt og samlyndi, þegar kríurnar fóru að liggja á. Báðar tegundir hjálpuðust við að verja varpið fyrir óvinum (eins og mér og fleirum). Fleiri fuglar sóttu í varpið til að njóta verndar þeirra, svo sem grágæs *Anser anser*, spói *Numenius phaeopus*, stelkur *Tringa totanus*, heiðlóa *Pluvialis apricaria*, lóupræll *Calidris alpina*, sandlóa *Charadrius hiaticula* og þúfuttittlingur *Anthus pratensis*. Ekki fann ég hreiður þessara tegunda þetta vor, en fuglar voru greinilega í varpi. Ég hef áður fundið hreiður þeirra á þessum slóðum.

SUMMARY

Black-headed Gulls *Larus ridibundus* nesting in the Blönduós area, N Iceland

The number of Black-headed Gulls *Larus ridibundus* seen in the estuary of the river Blanda appears not have changed during the past 30 years. However, the locations of the nesting colonies are variable.

Kristinn Pálsson, Húnabraut 10, 540 Blönduós.

Eggjaát hjá kindum

Ég og maðurinn minn eigum nokkrar kindur okkur til gamans, og átti faðir minn þær á undan okkur. Síðustu 10 ár hefur það verið mitt aðalyndi, ásamt fuglaskoðun og fuglamerkingum, að hugsa um féð og fylgjast með háttum þess og atferli. Er það auðveldara fyrir það, hve fátt það er, eða um 30 talsins.

Þann 29. júní 1983 varð ég vitni að atburði, sem kom mér mjög á óvart. Ég var að reka fimm ær ásamt lömbum þeirra frá bænnum, en féð hafði gert sig heimakomið í túnið mitt um nóttina. Ég var komin með það

nyrst í ás, sem heitir Selás, austan við bæinn í Engidal, og ætlaði yfir læk, sem rennur fyrir enda ássins. Ég var fast á eftir fénu og sá því þegar heiðlóa flögraði upp við fætur þess. Það skipti engum togum, ærnar æddu allar fimm að hreiðrinu, og fyrstu tvær hámuðu í sig eggin með sælusvip. Þetta gerðist í einni svipan, svo ég hafði engan tíma til að aðhafast neitt til bjargar hreiðrinu. Satt að segja fylltist ég óhugnaði, og mér datt í hug, hvort ég væri nú búin að uppgötva verstu eggjaræningjana.

Ári seinna var ég að eltast við einlembda

tvævetlu, sem hafði tekið sig út úr fjárhópn- um og ekki viljað heim um kvöldið. Allt í einu flaug upp grafandarkolla í svo sem 10 metra fjarlægð frá okkur. Ærin þaut að staðnum, þar sem kollan hafði komið upp. Ég stókk líka af stað, minnug þess sem gerst hafði árið áður, og tókst að bjarga fimin eggjum af átta, sem í hreiðrinu voru. Hin þrjú voru brotin eftir rolluskömmina.

Ég fleygði brotnu eggjunum og lagaði hreiðrið til eins vel og ég gat. Daginn eftir vitjaði ég um hreiðrið, en eggin voru þá köld og rök. Svo var einnig nokkrum dögum síð- ar. Ég var undrandi á því, að öndin skyldi yfirgefa hreiðrið. Ég hef fúndið ótal anda- hreiður sem þó voru aldrei yfirgefin. Ég hafði bjargað grafandahreiðri frá hrafn- nokkru áður, en fuglinn yfirgaf það samt. Ég fór að þhuga, "hvort ekki væri sama hvaða skepna (mannskepnan eða önnur) fyndi hreiðrin.

Vorið 1985 fann ég rjúpuhreiður með 13 eggjum í stórrí mosaþíflu ekki langt frá bæ- num. Ég vitjaði oft um rjúpunu, og alltaf lá hún sem fastastí á eggjunum. Svo var það um það leyti, sem ég taldi að ungarnir ættu að fara að litá dagsins ljós, að ég kom' að hreiðrinu gálómu. Eins og við vitum, sem höfum áhuga á fuglum, og skoðum hreiður þeirra, þá skilja rjúpur ætíð eftir tóma eggja- koppa í hreiðrúni sínum, þegar ungarnir eru farnir. Þetta hreiður var tómt og það sem meira var, í mosaþífunni voru djúp spor eft- ir kindur. Ég vissi hvað hafði gerst og kenndi sárt í brjósti um rjúpunu mína.

Einnig hef ég tvisvar orðið vitni að því, að kindur hafa leitað að hreiðrum. annað skipti flaug grátittlingur upp rétt hjá þeim en í hitt skiptið hrossagaður. bæði skiptin snérust kindurnar í ótal hringi og leituðu með snöppuna alveg við jörð. Þær minnta mig á sjálfa mig, þegar fugl flýgur upp við tærnar á mér. Þá leita ég svona eins og þær, þótt í öðrum tilgangi sé.

Ég hef sagt nágörðnum mínum í sveitinni frá þessu, en enginn hefur séð neitt þessu

líkt. Til þess er að taka, að þeir eru allir stórbændur og hafa alltaf mjög margar kind- ur að reka. Þeir sjá þá kannski ekki hvað þær fremstu eru að aðhafast.

Stungió hefur verið upp á steinefnaskorti, sem ástæða fyrir þessu sérkennilega atferli kindanna. Þó hef ég ekki trú á því. Fáhr minn (og síðar ég) hugsaði mjög vel um kindurnar sínar og gaf þeim steinefna- blöndu, salt og fleira gott.

Önnur skýring hefur mér dottið í hug. Þó tel hana ekki næga fyrir eggjaði ána. Hún er sú, að faðir minn gaf ánum stundum dálit- ið sérstaka fæðu. Hann stundaði töluvert sil- ungsveigar, og það sem gekk af silungnum (slög, bein og fleira) sauð hann og hræði saman við fôðurbæti eins og t.d. fiskimjöl. Þetta gaf hann ánum á garðann á vetrum, en á sumrin fengu þær þennan meinholla graut (en ófagra) í dalla heim við hús. Hann fór aldrei út í hagann til að færa ánum þessa sér- stöku fæðu. Einhver veginn finnst mér ekki trúlegt, að fæð hafi vanist á eggjað á þennan hátt. Þó er aldrei að vita.

Eitt enn vil ég nefna í þessu sambandi. Kindur læra bæði góða og vonda siði hver af annarri. Ef sett er á gimbur undan á, sem ef- ur egg, má telja það vist, að hún étur líka egg. Þetta hefur reynslan kennt mér.

Að lokum þætti mér ákaflega gaman að fá fréttir af því, ef einhver hefur séð eða heyrt um álíka atferli og ég hef sagt frá í þessu greinarkorri.

SUMMARY

Domestic sheep eat wild bird eggs

During the years 1983-85 I observed on three occasions eggs of wild birds (Gold n Plover *Pluvialis apricaria*, Pintail *Anas acuta*, Ptarmigan *Lagopus lagopus* mu s) being eaten by domestic sheep.

On two more occasions, as birds (M adow Pipit *An hus pratensis*, Snipe *Gallinago gallinago*) were flushed off their n sts, sheep were se n rushing to and obviously searching for nests.

Kristlaug Pálsdóttir, Engidal, 641 Húsavík.

Tildra í varphugleiðingum

Tildran *Arenaria interpres* er kunnur fargestur hér á landi vor og haust. Þær tildirur sem hingað koma verpa á heimskautaeypjum Kanada og á Grænlandi en hafa vetrarsetu á Bretlandseyjum og allt suður til Afríku (Cramp & Simmons 1983). Allnokkuð af tildrum fer ekki lengra en hingað að hausti en dvelur hér vetrarlangt. Slæðingur af tildrum hefst jafnvel við í íslenskum fjörum á sumrin (Bjarni Sæmundsson 1936, Árni Waag Hjálmarsson 1982).

Í mörgum eldri yfirlitsverkum er talað um tildru sem íslenskan varpfugl, enda er þess getið í ýmsum gömlum heimildum að egg hennar hafi fundist hérna (Newton 1863, Yarrell 1884, Slater 1901). Greining þessara meintu íslensku tildrueggja er þó í hæsta máta vafasöm. Þau voru oftast keypt af söfnurum sem vissu að tildruegg voru eftirsótt. Hagnaðarvonin lá í fyrirrúmi, og hikuðu þeir ekki við að segja kaupendum rangt til um tegund þeirra eggja sem þeim hafði áskotnast. Ennfremur virðast ýmsir hafa einfaldlega gert ráð fyrir því að tildirur yrpu hér á landi fyrst þar sáust í fjörum á sumrin (sbr. heimildir í Timmermann 1949). Tildruhreiður hefur þó aldrei fundist hérlandis svo óyggjandi sé.

Sumarið 1987 voru við Michael Shelton og Gunnlaugur Práinsson við fuglaathuganir í Breiðafjarðareypjum. Þann 21. júní komum við Ytri-Máfey, sem er eyja í heimalöndum Flateyjar. Á höfðanum sunnan í eyjunni hélt sig stök tildra uppi í grasi, ekki niðri í fjöru eins og venja er um tildirur. Hegðaði hún sér eins og hún ætti egg eða unga; kom fljúgandi til okkar, flaug oft í stóra hringi en kom ætíð til baka. Hún gaf stöðugt frá sér hljóð, gjörólík þeim sem heyrast í tildrum í fjörum. Okkur duldist ekki, að þessi fugl varði óðal þarna uppi í eyjunni.

Nú földum við okkur í um 200 m fjarlægð frá höfðanum þar sem tildran sást fyrst. Hélt fuglinn uppteknum hætti og flaug í stóra sveiga, m.a. yfir okkur, nokkurs konar könnunarflug. Settist fuglinn við og við á höfðann, enda virtist athygli tildrunnar beindist mest þangað. Staðurinn var hins vegar í hvarfi frá okkur, þannig ekki sást hvort tildran læddist á hreiður. Þýðingarlaust reyndist líka að koma henni að óvörum. Aðrir fuglar, kríur *Sterna paradisaea*,

stelkar *Tringa totanus* og teistur *Cepphus grylle*, voru farnir að gefa frá sér varnarhljóð löngu áður en við komum til hennar.

Við komum okkur einnig fyrir á báti skammt undan eyjunni, en með sýn yfir höfðann, þar sem tildran hélt sig einkarlega. Fljótlega settist tildran á þúfu og hreykti sér að hætti vaðfugla sem standa vörð á óðali. Um 5 mínútum síðar flaug stelkur upp rétt hjá henni og elti tildran hann þegar í stað. Eftir um 20 m settust þau aftur og réðist tildran á stelkinn, en annar stelkur blandaði sér í málið. Stelkarnir færðu sér lítið eitt og tildran enn á eftir, en síðan féll allt í ljúfa löð á ný. Færði tildran sig upp á næstu háþúfu og stóð þar vörð, en við svo búið hurfum við á brott.

Svo skemmtilega vill til, að Cramp og Simmons (1983) getur þess sérstaklega, að tildirur eigi það til að ráðast á stelka sem gerast of nærgöngulir á varpóðali þeirra. Lýsing þeirra er nákvæmlega eins og það sem við urðum vitni að.

Tildran virtist ekki vera í fullum varpbúningi, litir í haus og á hálsi voru frekar óljósir og flekkir á bringu enn brúnleitir, eins og sjá má í vetrarbúningi tildru. Greinilega var um karlfugl að ræða, enda kollurinn að mestu hvítur, en aldrei urðum við varir við kvenfugl. Héldum við, að hann lægi einungis svo fast á hreiðri, en nákvæm leit þar sem tildran hélt sig mest leiddi ekkert í ljós.

Við komum í eyjuna aftur 24. júní. Strax í lendingu kom tildran, fljúgandi ofan af eyjunni í átt til okkar. Settist hún í fjöruna milli Innri- og Ytri-Máfeyja og hóf að tína æti. Hélt hún uppteknum hætti um hrið eða bara stóð kyrr. Stöku sinnum heyrðist í henni þetta klingjandi skroll sem heyrir svo oft í tildrum í fjörum. Við komum okkur hins vegar fyrir á eins lítt áberandi stað og unnt var, þó með yfirsýn bæði til tildrunnar í fjörinni og höfðans, þar sem hún leitaði mest á þremur dögum áður. Næstu klukkustund flaug tildran aðeins tvisvar hringflug yfir svæðið og settist á háa útsýnisstaði. Gaf hún frá sér sömu hljóð og í fjörunni áður, en ekki hin einkennandi varphljóð sem við heyrðum 21. júní. Yfirgáfum við síðan fuglinn eftir að hann hafði flogið aftur niður í fjöruna milli Innri- og Ytri-Máfeyjar og hafði ætisleit. Sást aðeins þessi eina tildra, og

nú sem fyrri daginn, fundum við engin ummerki um hreiður.

Að kvöldi 27. júní var komið í eyjuna í algjöru logni og stillu. Hvergi var tildruna að sjá, hvorki uppi í grasi né niðri í fjöru. Sömu sögu er að segja, þegar komið var í eyjuna 17. júlí. Er nokkuð ljóst, að þarna var um stakan karfugl að ræða, sem hefur haldið óðal um tíma. Er ekki vitað hversu lengi hann var búinn að vera áður en við sáum hann fyrst 21. júní. Fólk í dúnleitum í seinni hluta maí tók a.m.k. ekki eftir honum.

HEIMILDIR

- Árni Waag Hjálmarsson 1982. Vaðfuglar. Bls. 117-148 í Fuglar. Rit Landverndar 8. Reykjavík.
Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Reykjavík.
Cramp, S. & K.E.L. Simmons 1983. The Birds of the Western Palearctic. Vol. 3. Oxford.
Newton, A. 1863. Notes on the ornithology of Iceland. App. A í: S. Baring-Gould. Iceland: its scenes and sagas. London.
Slater, H.H. 1901. Manual of the Birds of Iceland. Edinburgh.
Timmermann, G. 1949. Die Vögel Islands. Rit Vísindafélags Íslendinga 28. Reykjavík.
Yarrell, W. 1884. A History of British Birds. Vol. III, revised and enlarged. London.

SUMMARY

Turnstone *Arenaria interpres* holding territory in Iceland

The Turnstone *Arenaria interpres* is a common passage migrant in Iceland. Some birds winter, but fewer still spend non-breeding summers on the coast (Bjarni Sæmundsson 1936, Árni Waag Hjálmarsson 1982). Contrary to statements in the old literature (see e.g. Newton 1863, Yarrell 1884, Slater 1901) Turnstones have never conclusively been proved breeding in Iceland.

In summer 1987 a territorial male Turnstone was observed on a small island in Breiðafjörður, W.-Iceland. The bird showed prominent territorial behaviour; it was excited by the presence of humans, flew in circles, perched on hummocks within a very limited area, uttered breeding calls, and attacked Redshanks *Tringa totanus*. In spite of attempts to locate the nest there was never any indications that there was one, nor a mate. The bird was first observed on 21 June, and again on 24 June. On 27 June it was gone and, again on 17 July, the bird was not to be seen.

Ævar Petersen, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

Veðurhamfarir spilla fuglabyggðum

Aðfaranótt 9. janúar 1990 geisaði aftaka-veður af suðri og síðan suðvestri við suðurströnd landsins. Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum mældist meðalveðurhæð mest 95 hnútar, en 120 hnútar í sterkustu hviðum, hvort tveggja með því mesta sem mælst hefur á þeim stað. Sjórókið yfir veðurstöðina var með ólíkindum á köflum. Var sem í þoku sæi og skyggni varla 100 m. Þó er stöðin í 120 m hæð yfir sjó. Ljóst var þá þegar, að mikið gekk á til hafsins. Eftir að veðrið gaf saúst ummerki þess glögglega. Á fjörum lá t.d. fjöldi dauðra fiska, en áhrif á fuglalíf-ið voru öllu meiri.

Sunnan í Stórhöfða er langur, breiður bekkur er nefnist Stóra Lambhilla. Hún er í um 30 m hæð yfir sjó, var algróin og mikil lundabyggð þar. Lauslega áætlað er hillan um 6000 m². Þegar undirritaður leit þangað niður eftir að veðrið gekk niður, brá honum

í brún. Stórar spildur af gróðurþekjunni voru horfnar, urð og berar klappir hingað og þangað um alla hilluna. Dýpti skorningurinn sem myndaðist var um 1,5 m á dýpt. Lauslega mælt runnu burt 1200 – 1300 m² af gróðurþekjunni, eða u.þ.b. fimmtungur af hillunni, sumsstaðar yfir hana þvera þar sem hún er 30 m breið.

Mest af þessu svæði var grafið lundahol-um og hluti þess þéttsetinn. Í ágústmánuði 1991 taldi ég lundaholur í 25 m² reit á hillunni þar sem varp er þéttast. Þar voru þá 39 holur. Ef þéttleiki hola er áætlaður um helmingur af þessari tölu á svæðinu sem fór til spillis í hamförunum, þá gætu hafa horfið hátt í þúsund holur. Talsvert af lunda hefur því neyðst til að færa sig um set, þó aldrei sé verpt í allar holur.

Í þessu veðri gekk sjór einnig yfir eyjuna Hænu í Smáeyjum, en hún er 65 m á hæð.

Hún var vel gróin að norðanverðu, en eftir veðrið var hún orðin mjög gróðursnauð. Hænu var áður mikið fýlavarp og töluverð lundabyggð. Sumarið eftir (1990) varp lítið af þessum fuglum eyjunni (Már Jónsson, Vestmannaeyjum).

Þetta er talið mesta aftakahafrótt aldarinnar. Við Surtsey mældist mest ölduhæð 22,89 m, en það er jafnframt orkumesta alda sem mælst hefur heiminum (Gísli Viggósson, Hafnamálastofnun). Árið 1910 fluttist Gunnar P. Jónathansson, þá á 10. ári, ásamt foreldrum sínum og systkinum í Stórhöfða. Hann segist ekki muna eftir nema minniháttar skemmdum á Stóru Lambhillu af sjógangi áður. Það er svipað reynslu undirritaðs, sem man minniháttar skemmd 14. desember 1977.

Að liðnu sumri 1991 var þegar nokkur gróður kominn í sárin á Stóru Lambhillu. Þykir mér trúlegt, að þau verði að mestu gróin að liðnum 20 árum frá áfallinu, verði friður fyrir frekari hamförum. Árið 1960 rauf bjarghrun gróðurþekjuna um hilluna

þvera, og það sár gréri að fullu á tveim áratugum.

SUMMARY

Weather wrecks seabird colonies

During inclement weather on 9 January 1990 part of a Puffin *Fratercula arctica* colony at Stórhöfði on Heimaey island, Vestmannaeyjar, was destroyed. The mean wind force reached 95 knots, with the occasional bursts up to 120 knots. At Surtsey island wave height was recorded 22.89 m, the most powerful wave measured in the world.

The colony measured ca 6000 m² in area prior to the disaster, about a fifth of which, with estimated as many as a thousand Puffin burrows, was swept away. On the small island of Hæna (65 m a.s.l.) much of its grassy north side was also destroyed, where only sparse nesting of Puffins and Fulmars *Fulmarus glacialis* took place the following summer.

Óskar J. Sigurðsson, Stórhöfða, 900 Vestmannaeyjar.

Landnám jaðrakans í Húnavatnssýslum

Í Árbók Ferðafélags Íslands 1939 segir, að jaðrakans *Limosa limosa* hafi orðið vart í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum á síðari árum, og ef til vill norðan heiða í Húnavatnssýslum. Þegar komið var fram til 1964, segir í fuglabók AB (1964), að jaðrakann hafi tekið að verpa á Norðurlandi. Fuglabók Fjölna (1971) segir síðan, að jaðrakann hafi breiðst út um hluta Norðurlands.

Við lestur þessara heimilda, kom mér í hug, að fróðlegt væri að athuga, hvernig jaðrakann hefur numið land í Húnavatnssýslum undanfarna áratugi og sífellt fært sig norðar á bóginn.

Ég hef haldið dagbók um fugla á Blönduósi frá árinu 1961. Eftirfarandi dagbókarfærslur gefa nokkra hugmynd um, hvernig jaðrakann hefur aukið útbreiðslu sína:

13.júní 1966: Sá fyrst jaðrakana, en þá var hópur hjá Geitaskarði í Langadal.

26.júní 1966: Einn var í ætisleit í Orrastaðaflóa.

13.júní 1967: Sá ég þá við Buðlungatjörn

í Langadal, nokkra í æti.

12.júlí 1969: Einn var með hávaða og læti í flóanum við syðri enda Laxárvatns, vafalítið með hreiður eða unga, enda kjörlendi hans þar.

1.júlí 1972: Sá einn, sem virðist heima- vanur, hjá Kagaðarhóli á Ásum.

22.maí 1973: Tveir sáust hjá Buðlungatjörn í Langadal, en þeir voru þar í æti.

24.júlí 1976: Tveir fullorðir fuglar með tvo nýfleyga unga voru við norðurenda Laxárvatns hjá Sauðanesi.

6.júní 1979: Fimm sáust í hópi hjá Hólabæ í Langadal.

19.júlí 1980: Þar sást í Orrastaðaflóa, rétt við þjóðveginn.

16.maí 1981: Einn sást í Kötlum austan við Hnjúka og síðar um sumarið fundust þrír ungar fram hjá Tindum.

28.maí 1983: Einn var í austanverðu Vatnsskarði.

8.júní 1983: Þrír voru á túninu í Hnausum í Þingi.

15.júlí 1984: Einn var með hávaða og

læti hjá stíflunni við Svínavatn, þar sem Laxá rennur úr vatninu, greinilega með unga eða egg í nágrenninu.

13.júní 1987: Ég sá einn á flugi hjá Hólmavatni við Vatnahverfi.

18.júní 1987: Einn var á Hnjúkaflóa.

20.júní 1987: Þar var við Hafratjörn hjá Kagaðarhóli.

5.júní 1989: Einn var við Blöndu fyrir neðan Holtastaði og einn á flugi við Flóðið hjá Þórdísarlundi í Þingi.

22.júní 1989: Einn var á flugi hjá Svagrund í Engihlíðarhreppi.

9.ágúst 1989: Þrír voru í ætisleit á túni hér rétt neðan Blöndubruar á vesturbakka Blöndu, 2 fullorðnir fuglar og einn fleygur ungi.

15.maí 1990: Einn flaug hér kvakandi yfir Blönduós.

2.júní 1990: Ég sá einn á flugi hjá Vatnshorni í Línakradal í V-Húnavatnssýslu.

8.ágúst 1990: Tveir voru á flugi við Sef-tjörn við Hólmavatn hjá Vatnahverfi, greini-

lega þar. Ég varð þó ekki var við hreiður eða unga, en þarna er mikið kjörlendi jað-rakans.

Niðurstaðan af þessum athugunum mínum er sú, að jaðraninn sækir sífellt norðar á bóginn, af hvaða ástæðum sem það er.

SUMMARY

Black-tailed Godwit *Limosa limosa* colonization in Húnavatnssýslur counties, N Iceland

The Icelandic ornithological literature indicates a general spread of the Black-tailed Godwit *Limosa limosa* from the south into N Iceland during this century. The present note gives a diary account of the continued increase in sightings in Húnavatnssýslur counties during the past 30 years.

Kristinn Pálsson, Húnabrait 10, 540 Blöndu-
ós.

Sjósvala á Ölfusá

Það er alþekkt, að hinar smávöxnu sæs-völur sem verpa á eyjum og annesjum hér við land, hrekist undan illviðrum á land upp á haustin og finnast þá oft fjarri kjörlendi sínu, hafinu. Sjósvalan (*Oceanodroma leucorhoa*) virðist fremur lenda í hrakning-um en stormsvalan (*Hydrobates pelagicus*), þó hún sé stærri og kraftmeiri fugl (Boyd 1954, Cramp & Simmons 1977). Fyrstu upp-lýsingar um hrakninga hjá sæsvölu hérlandis, eru frá árinu 1793 (Sveinn Pálsson 1945). Ekki er ætlunin að rekja hrakningasögur af þessum fuglum hér, það verður væntanlega gert síðar, heldur segja frá sjósvölu á heldur óvenjulegu róli.

Þann 24. júní 1990 var ég við fuglaathug-anir í Flóa og ók m.a. að Kaldaðarnesi, sem stendur á bakka Ölfusár gegnt Arnarbæli í Ölfusi, um 7 km neðan við Selfoss og 9-10 km frá árósum. Áin er þarna lygn og um 750 m breið, en sandeyrar stóðu víða upp úr þennan dag. Um kl. 14.00 sá ég sjósvölu á flugi í ætisleit yfir ánni. Ekki gefst oft kostur

á að fylgjast með þessum fuglum hafs og nætur við „daglegt“ amstur þeirra. Þær leita venjulega ætis á hafi úti fjarri ströndum, elta ekki skip og sjást því oftast aðeins bregða fyrir á flugi. Því fylgdist ég með fuglinum í um 2 klst. í 22× fjarsjá. Fer hér á eftir lýsing á því sem fyrir augu bar.

Fuglinn sást fyrst við sandeyri í ánni og flögraði í ætisleit, bæði yfir eyrinni og ánni, og tindi fæðu upp af yfirborði vatnsins. Hann stefndi síðan út ána, og hélt sig oftast rétt ofan vatnsborðs, „hljóp“ á því og sveif á víxl. Hann tók sjaldan vængjatök og tyllti sér stundum andartak á vatnið, en þó eitt sinn í um 10 sekúndur. Hann tók stundum sveiflur til baka, eins og háttur er hjá tegundinni, en flaug annars upp í vindinn. Kaldi eða stinn-ingskaldi blés úr norðaustri og hafði það greinilega nokkur áhrif á fluglag fuglsins, sem var fyrir vikið ekki eins reikult og venja er á varpstöðvum. Sjósvalan hélt sig oft nærri fýlum (*Fulmarus glacialis*), en slæðing-ur af þeim sat á ánni, og virtist hún áreita þá

Sjósvala *Oceanodroma leucorhoa* í Elliðaey í Vestmannaeyjum, 5. ágúst 1990. Ljós. Jóhann Óli Hilmarsson.



eða ergja. Hún flaug stuttan spöl með lóuþrælum (*Calidris alpina*) yfir sandeyrinni og sást einnig í samfloti með hettumáfum (*Larus ridibundus*). Síðast sást hún við Hraknes, um 2 km austan Kaldaðarness og var því að nalgast Selfoss, en hafði þá farið vítt og breitt um ána milli Laxakletts, Hellholts og Kaldaðarness meðan á athugun stóð.

Ekki er ástæða til að fjölyrða mikið um þessa athugun og hvers vegna sjósvalan álpaðist upp Ölfusá. Hrakningar undan sunnanvindum og djúpum lægðum, sem ekki er óalgengt á haustin, koma ekki til greina í þessu tilviki, því norðanátt hafði ríkt frá því síðdegis þann 22. (Veðráttan júní 1990). Ungfuglar eru tæplega komnir til landsins svo snemma sumars (óbirtar ath.), og því var líklega um fullorðinn fugl frá varpstöðvum í Vestmannaeyjum að ræða. Sæsvölur flakka stundum langt útfyrir venjubundnar slóðir án þess að ástæður liggi í augum uppi, enda miklir og góðir flugfuglar (sbr. Jóhann Óla Hilmarsson og Erp Snæ Hansen 1989). Fæðuleit hundruði kílómetra frá varpstöðvum er vel þekkt hjá pipunösum, þ. á m. sjósvölunni.

Ólafur Karl Nielsen las yfir uppkast að pistli þessum.

HEIMILDIR

Boyd, H. 1954. The "wreck" of Leach's Petrels in the autumn of 1952. *British Birds* 47: 137-163.

Cramp, S. & K.E.L. Simmons (ritstj.) 1977. *The Birds of the Western Palearctic*. Fyrsta bindi. Oxford University Press, Oxford. 722 bls.

Jóhann Óli Hilmarsson & Erpur Snær Hansen 1989. Hafsvala í Bjarnarey. *Bliki* 8: 9-14.

Sveinn Pálsson 1945. *Ferðabók. Dagbækur og ritgerðir 1791-97*. Reykjavík. 813 bls.

SUMMARY

An unusual inland record of a Leach's Petrel

A Leach's Petrel (*Oceanodroma leucorhoa*) was recorded foraging over river Ölfusá, SW-Iceland, on 24 June 1990. The river is of glacial origin and the water is silty. The observation site is 9-10 km from the mouth of the river, which is ca 750 m wide at this point, with sandbanks and gentle flow.

The bird was observed for 2 hours flying over and "running" on the water surface, and also the sandbanks, picking up food particles from the surface, sometimes close to Fulmars (*Fulmarus glacialis*), which were resting on the river.

Northerly winds had been blowing for the last two days, so this bird was not blown (or "wrecked") inland by a southerly storm, as sometimes happens to this species and the Storm Petrel (*Hydrobates pelagicus*) in autumn. Wandering non-breeders have probably not arrived in Icelandic waters at this time, so the bird was most likely a breeder from the colonies in Vestmannaeyjar (Westmann Islands) off the south coast of Iceland.

Jóhann Óli Hilmarsson, Box 12049, 132 Reykjavík

Fuglatímarit í Bókasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands

Í skránni sem fylgir hér á eftir eru upplýsingar um öll tímarit eða ritraðir, 162 talsins, sem fjalla um fugla og til eru í Bókasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Meirihluti þeirra, alls 115 rit, berst safninu reglulega, önnur eru hætt að koma út (25), en þau eru merkt * framan við heiti, eða safnið er hætt að fá þau (22). Mörg rit hafa skipt um heiti í tímans rás. Flest ritin koma frá Bretlandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum, en talsvert berst einnig frá Norðurlöndunum og öðrum Evrópulöndum. Eitt er frá Suður-Afríku. Alls eru rit frá 27 þjóðlöndum.

Þær upplýsingar sem hér eru skráðar eru heiti rits, útgáfustaður (borg og land) og forði, þ.e. hvað til er á stofnuninni af viðkomandi riti. Númer árgangs kemur fyrst, en síðan útgáfuár í sviga (nema þegar rit hefur ekkert árgangsnúmer). Ef þankastrík (-) er aftast merkir það, að ritið berist safninu enn, annars er sýnt númer og ártal síðasta árgangs sem er til. Ef x kemur fyrir í upplýsingum um forða, merkir það að talsvert vanti af heftum í ritröðina.

Mörg fleiri tímarit í Bókasafni Náttúrufræðistofnunar innihalda greinar um fugla, einkum þau sem fjalla um vistfræði eða náttúrufræði almennt. Til að komast að því hvort viðkomandi rit sé til er bent á „Samskrá um erlend tímarit í íslenskum bókasöfnum og stofnunum“, sem Landsbókasafn Íslands gefur út.

Að lokum er áhugafólk um fugla eindregið hvatt til að notfæra sér Bókasafn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

SUMMARY

Bird serials in the library of the Icelandic Museum of Natural History

The accompanying list contains the bird journals, bulletins and other serial publications held at the Icelandic Museum of Natural History. Altogether 162 serials are listed, from 27 countries, mostly Great Britain, Germany, and the United States. At present 115 of these are received on a regular basis (those marked with “-” after publication year), others (25) have ceased publication (marked star “*” in front of name) or have been cancelled (22). Many journals have changed names. An “x” after volume number or publication year relates to incomplete series. A number

of other journals, which contain bird papers, are also held at the library, in particular ecological or general natural history ones.

Þelína Héðinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 Reykjavík.

- Aberdeen University Bird Club.* (Aberdeen, Skotland): 1(1972)-23(1975)
- Acta Ornithologica.* (Warszawa, Pólland): 5(1958)-
- Acta Ornithologica Lithuanica.* (Vilnius, Litháen): 1(1989)-
- Airc.* (Lisboa, Portúgal): 1(1990)-
- Alauda.* (Paris, Frakkland): 15(1947)-
- Angewandte Ornithologie.* (Wiesbaden, Þýskaland): 1(1961)-
- Anser.* (Eldra heiti: *Meddelanden från Skånes Ornithologiska Förening*). (Lund, Svíþjóð): 2(1963)-
- Anzeiger der Ornithologischen Gesellschaft in Bayern.* (Yngra heiti: *Ornithologischer Anzeiger*). (München, Þýskaland): 24(1985)-29(1990)
- Aquila.* (Budapest, Ungverjaland): 50(1943)-
- Ardea.* (Leiden, Holland): 58(1970)-
- Ardeola.* (Madrid, Spánn): 1(1954)-9(1963)
- Audubon Magazine.* (New York, Bandaríkin): 75(1973)-80(1978)
- **Audubon Field Notes.* (New York, Bandaríkin): 4:2,6(1950), 6:4-6(1952), 7:1-3(1953)
- Auk.* (Washington, Bandaríkin): 11(1894)-61(1944)x, 65(1948)-
- **Auspicium.* (Stuttgart, Þýskaland): 1(1959)-7(1986)
- Aves. Zoological record.* Section 18. (Philadelphia, Bandaríkin): 58(1921)-
- Avicultural Magazine.* (Hertfordshire, England): 57(1951)-
- Avocetta.* (Parma, Ítalía): 4(1980)-
- **Beiträge zur Fortpflanzungsbiologie der Vögel mit Berücksichtigung der Oologie.* (Berlin, Þýskaland): 7(1931)-19(1943)
- Belgian Birding Magazine.* (Wilrijk, Belgía): 1(1990)-2:1(1991)
- Berichte aus der Vogelmarte Hiddensee.* (Greifswald, Þýskaland): 1(1981)-
- Berichte der Deutschen Sektion des Internationalen Rates für Vogelschutz.* (Wilhelmshaven-Rüstersiel, Þýskaland): 1(1961), 7(1967)-13(1973)

- Bird Census News*. (Beck, Holland): 1(1988)-
- Bird Conservation International*. (Cambridge, England): 1(1991)-
- Bird Crime in Europe. The Eurogroup against bird crimes*. (Sandy, England): 1(1992)-
- **Bird Migration*. (Oxford, England): 1(1958)-2 (1963)x
- **Bird Notes and News*. (London, England): 11 (1924)-12(1927)
- Bird Ringing Office. Report*. (Yngri heiti: *Report on Swedish Bird-Ringing*). (Stockholm, Svíþjóð): 1967-1971
- Bird Study*. (Oxford, England): 1(1954)-
- Bird's Eye View*. (Valletta, Malta): 1(1977)-
- Bird-Banding*. (Yngri heiti: *Journal of Field Ornithology*). (Boston, Bandaríkin): 20(1949)-50 (1979)
- Birding World*. (Holt, England): 4(1991)-
- **Birdland*. (Liverpool, England): 5(1951)-7(1953)
- Birds*. (Sandy, England): 1(1966)-
- Birds of Prey Bulletin*. (Berlin, Þýskaland): 1(1983), 3(1986)-
- **Birds of the World*. (London, England): 1(1969)-9(1971)
- Birdscope*. (Sameinað Living Bird Quarterly). (New York, Bandaríkin): 1(1987)-4(1990)
- Bliki*. (Reykjavík, Ísland): 1(1983)-
- Bollettino Dell'Attività di Inanellamento*. (Bologna, Ítalía): 1(1981)-
- British Birds*. (London, England): 1(1907)-x
- BTO News*. (Tring, England): 1(1965)-
- Bulle in de Liason*. (Paris, Frakkland): 1(1962)-
- Bulletin of the British Ornithologists Club*. (London, England): 4(1894)-
- Bulletin of the Jourdain Society*. (Andover, England): 1(1946)-10(1983)x
- Bu'et del Grup Calala D'Anellament*. (Barcelona, Spánn): 1(1981)-
- Calidris*. (Förjastaden, Svíþjóð): 12(1983)-
- Ciconia*. (Bitche, Austurríki): 3(1979)-
- Cinclus*. (Yngri heiti: *Fauna Norvegica. Ser. C. Cinclus*). (Oslo, Noregur): 1(1978)
- Club van Zeetrekwaarnemers. Verslag*. (Alkmaar/Heiloo, Holland): 34(1987)-
- Colonial Waterbird Group. Newsletter*. (Corpus Christi, Bandaríkin): 6(1982)-
- Colonial Waterbirds*. (Eldri heiti: *Conference of the Colonial Waterbird Group. Proceedings*). (Corpus Christi, Bandaríkin): 4(1981)-
- Communications of the Baltic Commission for the Study of Bird Migration*. (Taptý, Eistland): 2(1963)-11(1977)x
- Condor*. (Berkeley, Bandaríkin): 53(1951)-
- Conference of the Colonial Waterbird Group. Proceedings*. (Yngri heiti: *Colonial Waterbirds*). (Corpus Christi, Bandaríkin): 1(1978)-3 (1980)
- Corax*. (Kiel, Þýskaland): 1(1965)-
- Cyanopica*. (Porto, Portúgal): 1(1968)-
- Dansk Ornitologisk Forenings Tidsskrift*. (Köbenhavn, Danmörk): 1(1906)-
- **Danske Fugle*. (Viborg, Danmörk): 1(1920/1924)-4(1932/1937)
- **Danske Fugle*. (Skjern, Danmörk): 20(1968)-32 (1980)
- Deutscher Bund für Vogelschutz e.V. Jahresheft*. (Stuttgart, Þýskaland): 1966-1974
- Deutscher Falkenorden*. (Yngri heiti: *Greifvögel und Falkenerei*). (Blomberg, Þýskaland): 1962, 1966, 1969-1987
- Dutch Birding*. (Amsterdam, Holland): 1(1980)-
- **EBBA News*. (New York, Bandaríkin): 26 (1963)-32(1969)
- Egg Rock Update*. (Ithaca, Bandaríkin): 1981-
- Egretta*. (Wien, Austurríki): 8(1965)-
- Euring Data Bank. Annual report*. (Arnhem, Holland): 1(1976)-9(1984)
- Euring Data Bank*. [Reports]. (Arnhem, Holland): 1975-
- Fair Isle Bird Observatory. Annual report*. (Edinburgh, Skotland): 1949x-
- **Fair Isle Bird Observatory. Bulletin*. (Edinburgh, Skotland): 1(1952)-5(1967)
- Fauna Norvegica. Ser. C. Cinclus*. (Eldri heiti: *Cinclus*). (Oslo, Noregur): 2(1979)-
- Feltornithologen*. (Yngri heiti: *Fugle*). (Lyngby, Danmörk): 1(1959)-22(1980)
- Frægreiðing frá Föroya Fuglafröðifélag*. (Argir, Færeyjar): 1(1987)-
- Fugle*. (Eldri heiti: *Feltornithologen*). (Köbenhavn, Danmörk): 1(1981)-
- Game Bird Breeders, Aviculturists, Zoologists and Conservationists Gazette*. (Salt Lake City, Bandaríkin): 8(1959)-21(1972)
- Giervalk - Gerfaut*. (Bruxelles, Belgía): 45 (1955)-
- Greenland White-fronted Goose Study. Research Report*. (Aberystwyth, Wales): 1(1982/3)-
- Greifvögel und Falkenerei*. (Eldri heiti: *Deutscher Falkenorden*). (Melsungen, Þýskaland): 1988-
- Ibis*. (London, England): 1(1859)-
- Il-Merli*. (Valletta, Malta): 18(1977)-
- Informe sobre la Campana de Anticamamento de Aves en Espana*. (Madrid, Spánn): 1983-
- International Council for Bird Preservation. British Section. Annual Report*. (London, England): 1948-
- **International Council for Bird Preservation. Circular*. (London, England): 1(1981)-19 (1986)
- International Council for Bird Preservation. Bulletin*. (Yngri heiti: *International Council for Bird Preservation. Bulletin. Annual Report*). (London, England): 5(1939)-12(1979)
- International Council for Bird Preservation. Bulletin. Annual Report*. (Eldri heiti: *International Council for Bird Preservation. Bulletin*).

- Yngra heiti: *World Bird Conservation. ICBP report*). (London, England): 13(1980)-20 (1987)
- International Council for Bird Preservation Newsletter*. (Eldra heiti: *International Council for Bird Preservation. The President's Letter*. Yngra heiti: *World Birdwatch*). (London, England): 1(1979)-6(1984)
- International Council for Bird Preservation. The President's Letter*. (Yngra heiti: *International Council for Bird Preservation Newsletter*). (London, England): 1(1963)-45(1978)
- **International Waterfowl Research Bureau. Bulletin*. (Eldra heiti: *International Wildfowl Research Bureau. Bulletin*). (Slimbridge, England): 33(1972)-40(1980)
- International Wildfowl Research Bureau. News*. (Slimbridge, England): 1(1989)-
- International Wildfowl Research Bureau. Bulletin*. (Eldra heiti: *International Wildfowl Research Bureau. Newsletter*. Yngra heiti: *International Waterfowl Research Bureau. Bulletin*). (Slimbridge, England): 27(1969)-32(1971)
- International Wildfowl Research Bureau. Newsletter*. (Yngra heiti: *International Wildfowl Research Bureau. Bulletin*). (Slimbridge, England): 1(1955)-26(1968)
- Irish Birds*. (Dublin, Írland): 1(1977)-
- Irish Ringer's Bulletin*. (Dublin, Írland): 1(1974)-
- Israel Bird Ringing Centre. Ringer's Newsletter*. (D.N. Tsfon Yehuda, Ísrael): 2(1990)-
- IWRB Goose Research Group Bulletin*. (Rönde, Danmörk): 1(1991)-
- IWRB Seaduck Bulletin*. (Rönde, Danmörk): 1(1992)-
- Journal für Ornithologie*. (Berlin, Þýskaland): 79 (1931)-
- Journal of Field Ornithology*. (Eldra heiti: *Bird Banding*). (Manomet, Bandaríkin): 51(1980)-
- Journal of Raptor Research*. (Eldra heiti: *Raptor Research*). (Hastings, Bandaríkin): 24(1990)-
- Laboratory of Ornithology. Newsletter to Members*. (Ithaca, Bandaríkin): 9(1958)-27(1982)
- Larus*. (Zagreb, Júgóslavía): 1(1947)-
- Limicola*. (Norheim, Þýskaland): 1(1987)-
- Limosa*. (Eldra heiti: *Orgaan der Club van Nederlandse Vogelkundigen*). (Arnhem, Holland): 10(1937)-
- Lintumies*. (Turku, Finnland): 18(1983)-
- Living Bird Quarterly*. (Eldra heiti: *Living Bird*). (Ithaca, Bandaríkin): 1(1982)-
- Living Bird*. (Yngra heiti: *Living Bird Quarterly*). (Ithaca, Bandaríkin): 1(1962)-19(1981)
- Loodusevaatlusi [Nature Observations]*. (Tallinn, Eistland): 1971-
- **Maine Audubon Society. Bulletin*. (Brunswick, Bandaríkin): 1(1945)-14(1958)
- Mergus*. (Brugge, Holland): 1(1987)-
- Migrazione e Caccia*. (Bergamo, Ítalía): 27 (1986)-
- Naturschutz heute*. (Eldra heiti: *Wir und die Vögel*). (Kornwestheim, Þýskaland): 17(1985)-
- Naval Birdwatching Society (Royal). Bulletin*. (London, England): 109(1983)-
- Newsletter of the World Working Group on Birds of Prey and Owls*. (London, England): 1(1984)-
- **Norsk Ornithologisk Tidsskrift*. (Stavanger, Norvegur): Ser. 1(1920)-4(1934)
- Nos Oiseaux*. (Neuchatel, Sviss): 31(1919)-
- Notatki Ornitolologiczne*. (Warszawa, Pólland): 3(1962)-8(1967)
- Observer. Quarterly Journal of The Point Reyes Bird Observatory*. (Eldra heiti: *Point Reyes Bird Observatory. Newsletter og Point Reyes Bird Observatory. A Quarterly Journal*). (Stinson Beach, Bandaríkin): 87(1989)-
- Oiseau et la Revue Francaise d'Ornithologie*. (Paris, Frakkland): 56(1986)-
- Oologists' Record*. (London, England): 16(1936)-43(1969)
- Op Het Vinketouw*. (Heteren, Holland): 1(1968)-
- Orgaan der Club van Nederlandse Vogelkundigen*. (Yngra heiti: *Limosa*). (Zutphen, Holland): 1(1928)-9(1936)
- Orkney Ringing Group. Newsletter*. (Kirkwall, Skotland): 29(1987)-
- Orkney Ringing Group Report*. (Kirkwall, Skotland): 1983-
- **Ornis*. (Wien, Austurríki): 1(1885)-12(1904)
- Ornis*. (Eldra heiti: *Vöge der Heimat*). (Zürich, Sviss): 1989-
- Ornis Fennica*. (Helsinki, Finnland): 32(1955)-
- Ornis Hungarica*. (Budapest, Ungverjaland): 1(1991)-
- Ornis Scandinavica*. (Copenhagen, Danmörk): 1(1970)-
- Ornis Svecica*. (Lund, Svíþjóð): 1(1991)-
- Ornithologische Beobachter*. (Basel, Sviss): 46 (1949)-
- **Ornithologische Berichte*. (Eldra heiti: *Ornithologische Monatsberichte*). (Darmstadt, Þýskaland): 1(1947)-3(1950)
- Ornithologische Mitteilungen*. (Stuttgart, Þýskaland): 6(1954)-30(1978)
- Ornithologische Monatsberichte*. (Yngra heiti: *Ornithologische Berichte*). (Berlin, Þýskaland): 46(1938)-52(1944)
- Ornithologische Monatsschrift*. (Yngra heiti: *Die Vogelwelt*). (Berlin, Þýskaland): 1899-1926x
- Ornithologischer Anzeiger*. (Eldra heiti: *Anzeiger der ornithologischen Gesellschaft in Bayern*). (München, Þýskaland): 30(1991)-
- Ornithologischer Verhandlungen*. (Eldra heiti: *Verhandlungen der ornithologischen Gesellschaft in Bayern*). (München, Þýskaland): 25 (1991)-
- **Ornithologisches Jahrbuch*. (Hallein, Austurríki): 1(1890)-29(1919)
- Ornitologia*. (Moscow, Sovétríkin): 2(1959),

- 4(1962), 19(1984)-20(1985)
Pacific Seabird Group Bulletin. (Arcata, Bandaríkin): 1(1974)-
Peregrine Fund Newsletter. (Ithaca, Bandaríkin): 1(1973)-
Point Reyes Bird Observatory. Newsletter. (Yngra heiti: *Point Reyes Bird Observatory. A Quarterly Journal*). (Stinson Beach, Bandaríkin): 12(1969)-83(1988/89)
Point Reyes Bird Observatory. A Quarterly Journal. (Eldra heiti: *Point Reyes Bird Observatory. Newsletter*. Yngra heiti: *Observer. Quarterly Journal of The Point Reyes Bird Observatory*). (Stinson Beach, Bandaríkin): 84(1989)-86 (1989)
Raptor Research. (Yngra heiti: *Journal of Raptor Research*). (Hastings, Bandaríkin): 17(1983)-20 (1986)
**Report of the Joint Committee of the British Trust for Ornithology and the Royal Society for the Protection of Birds on Toxic Chemicals*. (Sandy, England): 1.2.5.6(1960-1966)
Report on Swedish Bird-Ringing. (Eldra heiti: *Bird Ringing Office. Report*). (Stockholm, Svíþjóð): 1972-
Revista Italiana Ornithologia. (Milano, Ítalía): 52 (1982)-
Ring. (Wrocław, Pólland): 1(1954)-97(1978)x
Ringer's Bulletin. (London, England): 2(1962)-
Ringing and Migration. (Tring, England): 1(1975)-
Ringmerkaren. (Trondheim, Noregur): 1(1989)-
Roskarlen. (Norrtälje, Svíþjóð): 1(1979)-
Safring News. (Cape, Suður-Afríka): 14(1985)-
Scottish Bird News. (Edinburgh, Skotland): 1(1986)-
Scottish Birds. (Edinburgh, Skotland): 1(1958)-
Sea Swallow. (London, England): 27(1976/1977)-
Seabird. (Eldra heiti: *Seabird Group. Seabird Report*). (London, England): 7(1984)-
Seabird Group. Newsletter. (London, England): 30(1980)-
Seabird Group. Seabird Report. (Eldra heiti: *Seabird Group Bulletin*. Yngra heiti: *Seabird*). (London, England): 1969-1971, 1975-1981
Seabird Group. Seabird Bulletin. (Yngra heiti: *Seabird Group. Seabird Report*). (London, England): 5(1967)-7(1969)
Seevögel. (Hamburg, Þýskaland): 1(1980)-
Shooting and Conservation. (Eldra heiti: *WAGBI Magazine*). (Wrexham, England): 1981-
Skånes Ornithologiska Förening. Meddelanden. (Yngra heiti: *Anser*). (Lund, Svíþjóð): 2(1963)-12(1973)
**SLKV-Bulletin*. (Birmensdorf, Sviss): 1(1977/1979)-9(1987)
Studi sulle Migrazioni degli Uccelli. (Bergamo, Ítalía): 1(1977)-
Sula. (Alkmaar, Holland): 1(1987)-
Sylvia. (Praha, Tékkóslóvakía): 1(1936)-15(1958)
Uccelli d'Italia. (Ravenna, Ítalía): 1(1976)-5 (1980)
**Uragus*. (Tomsk, Sovétríkin): 2(1927)-8(1928)x
Vår Fuglevärld. (Stockholm, Svíþjóð): 1(1942)-
Vår Fuglefauna. (Trondheim, Noregur): 1(1978)-
**Veldornitologisch Tijdschrift*. (Gent, Belgía): 2(1979)-10(1987)
Verhandlungen der Ornithologischen Gesellschaft in Bayern. (Yngra heiti: *Ornithologische Verhandlungen*). (München, Þýskaland): 24(1984-1989).
Vögel der Heimat. (Yngra heiti: *Ornis*). (Einsiedeln, Sviss): 53(1983)-59(1989)
**Vogelring*. (Rotenburg an der Fulda, Þýskaland): 8(1936)-11(1939)
Vogelwarte. (Eldra heiti: *Vogelzug. Beihefte zum Journal für Ornithologie*). (Ludwigsburg, Þýskaland): 15(1948)-
Vogelwelt. (Eldra heiti: *Ornithologische Monatschrift*). (Berlin, Þýskaland): 70(1949)-
Vogelzug. Beihefte zum Journal für Ornithologie. (Yngra heiti: *Vogelwarte*). (Berlin, Þýskaland): 1(1930)-14(1943)
Wader Study Group Bulletin. (Edinburgh, Skotland): 1(1972)-
WAGBI Magazine. (Yngra heiti: *Shooting and Conservation*). (Chester, England): 1975-1981
**WAGBI. Report and Yearbook*. (Chester, England): 1963-1974
**Watervogels*. (Alkmaar, Holland): 1(1976)-6 (1981)
Wildfowl and Wader Counts. (Slimbridge, England): 1983-
Wildfowl and We lands. (Slimbridge, England): 100(1989)-
Wildfowl Trust. Annual Report. (Yngra heiti: *Wildfowl*). (London, England): 1(1948)-18 (1965)
Wildfowl. (Eldra heiti: *Wildfowl Trust. Annual Report*). (London, England): 19(1966)-
Wilson Bulletin. (Lawrence, Bandaríkin): 60 (1948)-
Wir und die Vögel. (Yngra heiti: *Naturschutz heute*). (Kornwestheim, Þýskaland): 6(1974)-16 (1984)
World Bird Conservation. ICBP Annual Report. (Eldra heiti: *International Council for Bird Preservation. Bulletin. Annual Report*). (Cambridge, England): 21(1988)-
World Birdwatch. (Eldra heiti: *International Council for Bird Preservation Newsletter*). (London, England): 7(1985)-
World Pheasant Association. Journal. (Suffolk, England): 1(1975/76)-11(1985/86)
World Pheasant Association. Newsletter. (Suffolk, England): 1(1975)-18(1982)
Zprávy Mos. (Prerov, Tékkóslóvakía): 1975-
Ökologie der Vögel. (Stuttgart, Þýskaland): 1(1979)-

Fuglaskoðunarferðir FÍ

Í 25 ár hefur Ferðafélag Íslands staðið fyrir fuglaskoðunarferðum „suður með sjó“ einu sinni á ári. Þar sem ég hef verið einn af fararstjórum nokkur undanfarin ár datt mér í hug að segja aðeins frá þessum ferðum.

Þær hófust um 1967 og hefur verið farið árlega síðan. Þetta eru dagsferðir, sem hafa oftast verið farnar á laugardögum fyrstu eða aðra helgi í maí, að minnsta kosti hin síðari ár.

Fyrri hluti maí er góður tími til fuglaskoðunar. Á þessum tíma eru langflestir farfuglarnir komnir til landsins, sumir þó nýkomnir eins og kría. Þá er mikil umferð farfugla og varpfuglarnir ekki komnir á varpstöðvarnar neitt að ráði. Margar tegundir umferðarfarfugla má einnig sjá á þessum tíma, svo sem margæsir, og ýmsir vetrargestir eru enn til staðar, svo sem bjartmáfar og jafnvel fjöru-spóar.

Fjöldi þátttakenda í þessum fuglaskoðunarferðum hefur verið nokkuð breytilegur. Á árunum 1967 til 1992 tóku 14 til 85 þátt í ferðunum. Fjöldinn ræðst nokkuð af veðri, en einnig af öðrum fuglaskoðunarferðum á svipuðum tíma. Útivist hefur verið með ár-vissar ferðir í maí, og bæði Hið íslenska

Náttúrufræðifélag og Fuglaverndarfélag Íslands hafa nokkrum sinnum staðið fyrir fuglaskoðunarferðum á svipuðum tíma. Í fjöldamörg ár, eða frá byrjun til 1985, var Grétar Eiríksson aðalfararstjóri. Um tugur annarra fuglaskoðara hafa einnig verið fararstjórar og leiðbeinendur. Ferð með 60-80 manns nægir ekki að hafa einn leiðbeinanda, og alls ekki ef tvær rútur þarf undir þátttakendur. Ef vel ætti að vera þarf að vera einn leiðbeinandi fyrir hverja 10-15 þátttakendur.

Ferðirnar eru farnar frá Reykjavík. Oftast er farið kl. 10 að morgni og komið aftur kl. 18 til 19 að kvöldi. Komið er við á fyrirfram ákveðnum stöðum, þótt stundum sé nýjum stöðum bætt við en öðrum sleppt. Á síðari árum hafa eftirfarandi staðir verið heimsóttir: Bessastaðatjörn og Kasthúsatjörn á Álftanesi, höfnin í Hafnarfirði (skoðað úr bíl), Hvaleyrarlón og Ástjörn við Hafnarfjörð (stundum), Sandgerði, Garðskagi, síkin í Garði (stundum), Hafnir, Hafnaberg, Arfadalsvík vestan Grindavíkur og Járngerðarstaðatjörn í Grindavík (skoðað úr bíl). Viðkoman á Hafnabergi er tímafrekust, en hún tekur um einn og hálfan klukkutíma, enda

Tafla 1. Tegundir sem sástu í fuglaskoðunarferðum Ferðafélags Íslands suður með sjó á árunum 1970 til 1992.

Ár:	70	71	72	73	74	75	76	77	78	79	80	81	82	83	84	85	86	87	88	89	90	91	92	Fj
Dagur í maí:	3	2	7	6	5	11	9	15	7	13	11	10	9	8	13	12	11	10	7	7	12	11	9	
Fjöldi þátttakenda:	44	57	47	45	25	69	26	64	25	57	21	60	64	59	71	85	51	60	14	27	44	44	37	
1 Lómur											x	x				x								3
2 H mbrlmi										x	x	x	x	x	x	x							x	8
3 Flórgoði										x		x	x		x		x						x	6
4 Fyll	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
5 Skrofa		x					x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	18
6 Súla	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
7 D laskarfur	x						x	x	x	x			x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	17
8 Toppskarfur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
9 Ált		x	x			x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	19
10 Helðagæs									x	x	x		x				x					x	x	8
11 Blesgæs																	x							3
12 Grágæs					x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	19
13 Hellsngi			x						x			x					x							4
14 Margæs								x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	14
15 Rauðhöfðaðnd		x		x	x			x	x	x			x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	16
16 Gargönd								x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	13
17 Urtönd								x		x							x	x		x				5
18 Stökkönd	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
19 Grafönd													x											1

Ár:	70	71	72	73	74	75	76	77	78	79	80	81	82	83	84	85	86	87	88	89	90	91	92	Fj
20 Taumönd						x					x													2
21 Bláönd										x														1
22 Skeiðönd											x													1
23 Skúfönd	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
24 Duggönd	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
25 Æðarfugl	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
26 Straumönd					x		x		x	x	x	x	x	x	x				x	x	x			13
27 Hávella					x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	19
28 Toppönd		x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	21
29 Fálki				x																				1
30 Rjúpa		x	x			x																x		4
31 Tjaldur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
32 Sandlóa	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
33 Heiðlóa	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
34 Rauðbrystingur			x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	20
35 Sandería	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
36 Sendlingur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
37 Lóupræll	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
38 Hrossagaukur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
39 Jaðrakan				x					x	x	x		x	x			x	x	x		x			10
40 Spói	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
41 Fjöruspói	x			x							x													3
42 Stelkur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
43 Tildra	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
44 skjói										x														1
45 Kjói	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
46 Skúmur							x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	17
47 Hettumáfur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
48 Stormmáfur									x			x	x	x	x		x		x				x	9
49 S íamáfur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
50 Silfurmafur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
51 Bjartmáfur	x										x	x	x	x	x	x	x			x	x	x	x	13
52 Hv ímáfur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	22
53 Svartbakur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
54 Rita	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
55 Kría		x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	21
56 Skeggberna																		x						1
57 Langv a	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
58 Stuttnefja	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	21
59 Álka	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
60 Teista	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
61 Lundi	x	x		x	x	x	x	x			x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	21
62 Hringdúfa																x								1
63 Landsvala				x															x					2
64 Þúfuttíllingur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
65 Maríu erla		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x			x	x	x	21
66 Músarrindill																x								1
67 Steinþepill		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	21
68 Skógarþröstur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	22
69 Hrafn	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
70 Stari	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	23
71 Snjóttíllingur							x	x	x	x				x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	15
Samtals	36	39	38	43	42	43	44	46	54	52	54	52	56	46	52	53	56	53	51	52	53	49	52	

Tíðni (í ferðum):	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23
Földi tegunda:	8	2	3	2	1	1		2	1	1			3	1	1	1	2	1	3	1	6	11	20

er um 20-30 mínútna gangur þangað af veg-inum.


Frá árinu 1970 hefur verið skráð hvaða tegundir fugla hafa sést í ferðunum; sjá töflu 1. Það er alltaf keppikefli fararstjóra og þátt-takenda í svona ferðum að sjá sem flestar tegundir fugla og slá fyrri met. Þó gerist það sjaldan að allir þátttakendur sjái allar teg-undirnar, sem eru að sjálfsögðu mismunandi algengar á svæðinu. Sumir fuglar sjást aðeins örsamma stund, og ef um flækingsfugla er að ræða, er eins víst að aðeins einn sjái við-komandi tegund. Flestar hafa tegundirnar orðið 56 (árin 1982 og 1986). Í kringum 1970 sáust innan við 40 tegundir, enda var þá far-ið snemma í maí, og sennilega heimsóttir aðrir staðir en nú er gert. Smám saman fjölgaði tegundunum og eftir 1978 hafa þær verið um eða yfir 50, að meðaltali 53. Árið 1983 var vont veður og því ekki farið á Hafnaberg. Þess vegna sáust „aðeins“ 46 tegundir. Árið 1991 var einnig heldur slakt ár, þrátt fyrir sémilegt veður (t.d. vantaði steindepil). Á 1. mynd sést fjöldi tegunda eftir árum.

Sennilega hefur hámarksfjöldi tegunda þá þegar verið náð, ef tekið er tillit til svæðis og árstíma. Breytileiki milli ára tengist fyrst og fremst veðri, fjölda flækingsfugla sem sést og heimsóknum á staði þar sem sjaldséðra varpfugla er að vænta (t.d. flórgoða á Ás-tjörn). Því má gera ráð fyrir að í dagsferð um Suðurnes snemma í maí (með viðkomu á Hafnabergi) sjást 53 tegundir, með þriggja tegunda frávik.

Ef rýnt er í tegundaskrána kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Alls hefur 71 tegund sést á þessum 23 árum. Nokkrar algengar íslenskar tegundir vantar, svo sem smyril, óðinshana og auðnutitting. Smyrill verpur á innanverð-um Reykjanesskaga, og er furðulegt að hann hafi aldrei sést. Óðinshani er ekki kominn til landsins á þessum tíma, þannig að ekki er von að hann sjást. Auðnutittlingar verpa í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu, en þar hefur aldrei verið staldrað við á réttum stöð-um. Nokkrar tegundir eru mjög sjaldséðar, hafa sést einu sinni eða tvisvar. Sumar þeirra eru sjaldgæfir umferðarfuglar (s.s. blesgæs og ískjóí), sjaldgæfir varpfuglar (s.s. fálki), verpa ekki á svæðinu (s.s. grafönd, skeiðönd og músarrindill) eða eru flækingsfuglar (s.s. taumönd, bláönd, skeggþerna, hringdúfa og landsvala). Nokkrar tegundir eru heldur al-gengari (s.s. lómur, himbrimi, flórgoði, heiðagæs, helsing, urtönd, rjúpa, jaðrakan, fjöruspói og stormmáfur). Aðrar tegundir hafa sést í yfir helmingi ferðanna, og um 40 tegundir eru árvissar eða því sem næst.

Fuglaskoðunarferðir Ferðafélags Íslands og Útivistar eru einu reglulegu ferðirnar af því tagi sem fólki býðst um þessar mundir. Ég vil því hvetja alla, sem vilja sér kynna fugla og læra að þekkja þá, að taka þátt í ferðunum. Þar gefst auk þess tækifæri að rabba við aðra fuglaskoðara og kynnast reynslu þeirra.

Gunnlaugur Pétursson



1. mynd. Fjöldi tegunda sem sáust í fuglaskoðun-arferðum Ferðafélags Íslands suður með sjó á árunum 1970 til 1992.

Axlarfjaðrir og fleiri fjaðrir

Inngangur

Á undanförunum árum hafa komið út allmargar fuglabækur á íslensku, ýmist frum-samdar eða þýddar. Einhvers staðar í flestum þessara bóka er lýsing á líkamshlutum fugla með viðeigandi heitum. Flestum þessara heita ber allvel saman milli bóka, og í flestum tilvikum er gefið heiti á mikilvægum líkamshlutum, einstökum fjöðrum eða fjaðrabýrpingum. Éó er hér undantekning hvað varðar fjaðrir sem nefndar hafa verið í erlendum greiningarbókum „scapulars“ og „tertials“, en litur og lögum þessara fjaðra eru meðal mikilvægustu greiningareinkenna ýmissa fuglategunda, svo sem máfa og vað-fugla.

Mismunandi heiti

Í *Fuglum* m eftir Bjarna Sæmundsson (1936) er allmikil lýsing á líffærafræði fugla. Þar er gefinn sá grunnur að heitum sem not-uð hafa verið í seinni verkum um fugla. Þar er þó ekki minnst á „tertials“ sérstaklega, né heldur „scapulars“. Hins vegar eru þær fjaðrir sem nefnast „parapteron“ kallaðar „axlarfjaðrir“ (bls. 9).

Í fyrstu greiningarbók um fugla á íslensku, *Fuglum Íslands og Evrópu* eftir Roger Tory Peterson o.fl., í þýðingu Finns Guðmunds-sonar, (1. útgáfa 1962) er skýringarmynd af spörfugli. Þar eru „scapulars“ nefndar „axlarfjaðrir“, en „tertials“ eru ekki sýndar. Þetta á um allar fjórar útgáfur þessarar bók-ar. Í texta í 4. útgáfu (1989, í þýðingu Óskars Ingimarssonar) eru „tertials“ nefndar „innri armflugfjaðrir“ (sjá meðal annars lýsingu á dílastelk á bls. 112).

Í bókinni *Fuglum*, í þýðingu Óskars Ingi-marssonar & Þorsteins Thorarensen (1984), er mynd af spörfugli (á bls. 10), þar sem „tertials“ eru nefndar „vængkrikafjaðrir“. Það nafn hefur annars verið notað um „axillaries“ (t.d. í *Fuglum Íslands og Evrópu*), þ.e. fjaðrir sem eru upp við bók *undir* væng, (þær sem eru svartar á grálóu svo dæmi sé nefnt). Á sömu mynd eru „scapulars“ nefndar „axlarfjaðrir“.

Í *Fuglahandbókinni* eftir Þorstein Einarsson (1987) er mynd af silfurmáfi, þar sem líkamshlutur er lýst. Þar eru „scapulars“ nefndar „axlarfjaðrir“. „Tertials“ eru ekki skýrðar sérstaklega, en eru sýndar sem hluti

armflugfjaðra á neðri væng en ekki á efri væng. Undirritaður hefur ekki fundið beina tilvitnun í „tertials“ í textanum.

Í *Fuglum á Íslandi og öðrum eyjum í Norður Atlantshafi* eftir Søren Sørensen & Dorete Bloch (1991), í þýðingu Erlings Ólafssonar, er líkamshlutur og fjöðrum lýst með mynd af lóupræl. Þar er gefið sérstakt heiti á „tertials“ og þær nefndar „axlarfjaðir“, en „scapulars“ eru hins vegar nefndar „axlarþökur“.

Nánar um fjaðrabýrpingar


Af ofangreindu má ráða að heitið „axla-fjaðrir“ eða „axlarfjaðrir“ (axlir ýmist í eign-arfalli eintölu eða fleirtölu) hefur verið not-að um allt að þrjár gerðir fjaðrabýrpinga, og „tertials“ hafa gengið undir allt að þremur nöfnum.

Eins og skýrt verður hér á eftir, er þessi ónákvæmni eða heitaruglingur ekki alfarið af innlendum toga. Ástæðan fyrir þessu er að nokkru leyti ósamræmi í notkun heitisins „tertials“ í erlendum fræðiritum, sem síðan hefur komist inn í erlendar greiningarbækur. Hér verður gerð grein fyrir hvar viðkomandi fjaðrabýrpingar eru á fuglum:

„Scapulars“: Þetta er býrping fjaðra, sem vaxa út úr skinni á axlarblöðum („scapula“). Þær eru því réttilega nefndar „axlarfjaðrir“, enda hefur það heiti verið talsvert notað. Þannig virðist óþarfi að gefa þeim nýtt nafn svo sem „axlarþökur“. Litur þessara fjaðra er gott greiningareinkenni ýmissa tegunda, svo sem vaðfugla.

„Tertials“: Heitið hefur verið notað í er-lendum greiningarbókum síðari áratuga um nokkrar (3-4) innstu armflugfjaðrirnar. Þær vaxa efst út úr öðru framhandleggsbeininu eða ölninni (ulna) nærri „olnboganum“, ef nota má það heiti á samskeyti bógs (upp-handleggsbeins) og alnar (og geislabeins) í fuglum. Þær eru oft lengri, og hafa aðra lög-un og lit, en hinar armflugfjaðrirnar. Þetta eru þær „tertials“, sem notaðar eru við greiningu á vaðfuglum, máfum, öndum og sumum öðrum tegundahópum. Þannig er ljóst að heitið „axlarfjaðrir“ á ekki við um þessar fjaðrir, enda vaxa þær út úr beini nærri „olnboganum“ en ekki við öxl. Þessar fjaðrir ætti því að nefna „alnarfjaðrir“, frem-

Á þessum vaðfugli sést hvar axlarfjaðrir („scapulars“) og alnarfjaðrir („tertials“) eru. Teikning: Arndís Ögn Guðmundsdóttir.



ur en samsetta heitinu „innstu armflugfjaðrir“.

„Parapteron“: Þetta er samheiti fjaðra, sem vaxa út úr upphandleggsbeininu, stundum efst þar sem það tengist bolnum, þ.e. við öxlina, enda kallar Bjarni Sæmundsson þessar fjaðrir „axlarfjaðrir“ (sjá skýringarmynd á bls. 9 í „Fuglunum“), sem nú er hins vegar notað um „scapulars“. Í mörgum erlendum fræðiritum er heitið „tertials“ (eða „tertiales“) notað um fjaðrir sem vaxa út úr skinninu sem liggur yfir upphandleggsbeininu eða bóglegg (humerus), eða um flugfjaðrir sem vaxa út úr upphandleggsbeini sumra tegunda. Þetta eru hins vegar „parapteron“-fjaðrir, samkvæmt skilgreiningunni að ofan, og ekki þær „tertials“ sem getið er í erlendum greiningarbókum. Þannig kom ruglingur til sögunnar þegar á síðari hluta nítjándu aldar, og enn er deilt um það meðal fræðimanna um hvaða fjaðrir skal nota heitið „tertials“. Yfirleitt eru ekki tilvitnanir í „parapteron“-fjaðrir í greiningarbókum, en þær mætti kalla „bógfjaðrir“.

Samantekt

Undirritaður leggur til að þær fjaðrir sem nefndar eru „tertials“ í erlendum greiningar-

bókum um fugla verði kallaðar „alnarfjaðrir“, og notað verði heitið „axlarfjaðrir“ (eignarfall eintölu af öxl) á þær þyrpingar fjaðra sem nefndar eru „scapulars“.

Ef minnst er á „parapteron“-fjaðrir (eða „tertials“ í þeim skilningi) í fuglabókum ætti að nefna þær „bógfjaðrir“ á íslensku.

HEIMILDIR

Bjarni Sæmundsson 1936. ⁴slensk dýr III. Fuglarnir. Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.

Óskar Ingimarsson & Þorsteinn Thorarensen (þýð.) 1984. Fuglar. Undraveröld dýranna 9. Fjölvaútgáfan og Veröld, Reykjavík.

Peterson R.T., G. Mountfort & P.A.D. Hollom 1962, 1964, 1972, 1989. Fuglar Íslands og Evrópu („Fuglabók AB“). Þýðendur Finnur Guðmundsson (1.-3. útgáfa) og Óskar Ingimarsson (4. útgáfa). Almenna Bókafélagið, Reykjavík.

Sørensen, S & D. Bloch 1991. Fuglar á Íslandi og öðrum eyjum Norður Atlantshafi. Þýðandi Erling Ólafsson. Skjaldborg, Reykjavík.

Þorsteinn Einarsson 1987. Fuglahandbókin. Greiningarbók um íslenska fugla. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík.

Gunnar augur Pétursson

Fuglagáta

Einn þáttur er talinn ómissandi í ýmsum erlendum fuglatímaritum. Hann felst í því að birt er mynd af einhverjum fugli og eiga menn að spreyta sig á því að greina hann til tegundar (kallað t.d. „Mystery photograph“ eða „Quizbird“). Svarið er síðan gefið í næsta hefti tímaritsins (ásamt stað, stund og ljósmyndara) og fjallað um þau greiningar-einkenni viðkomandi tegundar sem sjást á myndinni. *Bliki* fetar nú í þessi fótspor, og birtist hér mynd af fugli nokkrum sem lesendur geta reynt að greina. Ef hægt er að finna myndir við hæfi, verður þetta fastur þáttur í *Bliki*. Slíkar myndir geta verið af innlendum jafnt sem útlendum fuglum, teknar hér á landi eða erlendis. Tegundirnar geta verið torgreindar eða auðgreindar, en myndirnar lýsa jafnan þeim erfiðleikum sem menn geta lent í við fuglaskoðun úti í náttúrunni. Ef menn eiga myndir sem þeir telja að eigi erindi í þennan þátt, eru þær vel þegnar.



Fuglagáta Nr.1. Greinið tegundina.
Mystery photograph No.1.

FRÉTTIR

8. Norræna fuglafræðiráðstefnan

Blika hefur borist eftirfarandi tilkynning frá Finnlandi:

Okkur er ánægja að bjóða fuglafræðingum að taka þátt í 8. Norrænu fuglafræðiráðstefnunni, sem haldin verður nærri Jyväskylä í Mið-Finnlandi, dagana 11.-14. ágúst 1993. Við takmörkum ekki umræðuefni við ákveðna þætti, heldur bjóðum norrænum aðilum á öllum sviðum fuglafræði að skýra frá síðustu niðurstöðum rannsókna sinna. Lögð verður áhersla á þau svið þar sem norrænar fuglafræðirannsóknir ná sem lengst á alþjóðlegum grundvelli.

Ráðstefnan hefst miðvikudaginn 11. ágúst 1993, kl. 15.00 og stendur til kl. 12.00 laugardaginn 14. ágúst. Gistingargjald ásamt fæði á ráðstefnustaðnum (Alkio-opisto í Korpilampi) er 630 Finnisk mörk og þátttökugjald 100 mörk. Ráðstefnustaðurinn er í miðju finnska vatnahéraðinu við vatnið Peijänne,

30 km suður af Jyväskylä.

Við biðjum alla sem óska þátttöku að senda bréf fyrir lok mars 1993 til:

*The 8th Nordic Congress of Ornithology,
Rauno Alatalo,
Department of Biology,
University of Jyväskylä,
Yliopistonkatu 9,
SF-40100 Jyväskylä
Finland*

Vinsamlega takið fram ef þið óskið að koma efni á framfæri, með því að skrá bráðabirgðaheiti þess, og hvort þið óskið eftir að halda fyrirlestur eða vera með veggspjald („poster“).

Við sendum nánari upplýsingar í bréfi aprílbyrjun 1993, en nauðsynlegt er að endanleg skrásetning ásamt úrdráttum berist okkur fyrir lok maí 1993.

RITFREGN

Atlas des Oiseaux de France en Hiver.

Útg. Société Ornithologique de France. 1991.

Höfundur D. Yeatman-Berthelot með hjálp G. Jarry.

575 bls.

Verð 350.- franskir frankar + 28.- í póstburðargjald, eða alls um kr. 4160.- (í nóvember 1992).

Á síðasta ári kom út yfirlitsverk um útbreiðslu fugla í Frakklandi. Þetta er eitt að mörgum yfirlitsverkum sem gefin hafa verið út um útbreiðslu fugla, sérstaklega síðasta áratuginn. Það sem er óvenjulegt við franska ritið er, að það fjallar um dreifingu fugla af vetrarlagi. Flest útbreiðslurit fjalla um varpfugla.

Ritið, eða „atlas“-inn eins og verk af þessu tagi eru jafnan kölluð, er byggt á athugunum 1400 fuglaskoðara, enda liggja um milljón færslur til grundvallar því. Textinn eru ritaður af 109 höfundum.

Eins og tíðkast um verk af þessu tagi, var útbreiðslukönnunin unnin eftir reitakerfi, en það var byggt á lengdar- og breiddarbaugum skv. UTM-vörpun. Í þessu kerfi er hver reitur u.þ.b. 20x27 km að stærð, og er Frakklandi deilt í um 1100 reiti. Útbreiðsla tegundanna er sett fram með kortum, sem gefa einnig gróft mat á fjölda einstaklinga af hverri fuglategund í hverjum reit.

Upplýsingum var safnað á fjórum vetrum, frá 1977/78 til 1980/81. Langan tíma tók að vinna kortin, rita texta og gefa verkið út eftir að útivinnu lauk, eða u.þ.b. 10 ár. Af þessu sést hve firnamikil vinna liggur að baki verki sem þessu. Það leiðir óhjákvæmilega hugann að því, hvort sambærilegt íslenskt rit sjái nokkurn tímann dagsins ljós, þar sem

fuglaáhugamenn eru margfalt færri en í Frakklandi, en munurinn á stærð landanna er alls ekki jafn mikill. Íslendingar hafa enn ekki séð sér fært að leggja út í skipulega heildarkönnun á dreifingu varpfugla landsins, hvað þá á vetrarfuglunum. Svipað rit um varpfugla Frakklands kom út fyrir löngu, eða 1976, og var byggt á gögnum sem safnað var á árunum 1970 til 1975.

En gluggum nánar í franska ritið. Yfir vetrarmánuðina sjást reglulega 246 fuglategundir í landinu, en 56 til viðbótar eru óreglulegir vetrargestir. Alls tekur verkið því til 302 tegunda. Af þeim er svartþröstur útbreiddasta tegundin, en hann sást í um 98% reitanna. Því næst kom gráspör. Langalgengast var að á bilinu 61 til 80 tegundir sæust í reit, eða í tæpum helmingi allra reita. Átta tegundir sáust fæstar í reit, en 164 í þeim sem hafði flestar tegundir. Til samanburðar má geta, að á 40 ára tímabili hafa samanlagt sést um 110 fuglategundir í talningum um jólaleytið á Íslandi. Í einni talningu hafa sést flestar rúmlega 70 tegundir og það á öllu landinu. Það er því ljóst, að Frakkland státar af verulega fjölbreyttari fuglafánu en Ísland að vetrarlagi, enda á mun suðlægari breiddargráðu.

Hvað snertir vetrarfuglafána Frakklands okkur Íslendinga? Fuglar eru þau dýr sem lausust eru við öll landamæri, og íslenskir varpfuglar sækja talsvert til Frakklandsstranda á veturna. Okkur er í mun að vita hvernig þessum fuglum farnast á vetrarstöðvunum. Yfirlitsverk af þessu tagi er þess vegna áhugavert þeim sem láta sig varða íslenska fugla, lifnaðarhætti þeirra og vernd.

Ævar Petersen



CONTENTS

Gunnlaugur Pétursson: A Semipalmated Sandpiper <i>Calidris pusilla</i> in Iceland	1
Pórir Snorrason: First breeding record for Shelduck in Iceland	9
Ævar Petersen: American Merlin visits Iceland	11
Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson & Erling Ólafsson: Rare birds in Iceland in 1990	15
Black-headed Gulls <i>Larus ridibundus</i> nesting in the Blönduós area, N Iceland ...	55
Domestic sheep eat wild bird eggs	55
Turnstone <i>Arenaria interpres</i> holding territory in Iceland	57
Weather wrecks seabird colonies	58
Black-tailed Godwit <i>Limosa limosa</i> colonization in Húnavatnssýslur counties, N Iceland	59
An unusual inland record of a Leach's Petrel	60
Bird serials in the library of the Icelandic Museum of Natural History	62
Miscellaneous	66
Mystery photograph	71
Announcements	71
Book review	72



EFNI

Gunnlaugur Pétursson: Fitjatíta finnst hér á landi	1
Pórir Snorrason: Brandendur í Eyjafirði 1990	9
Ævar Petersen: Amerískur smyrill finnst hérlendis	11
Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Þráinsson og Erling Ólafsson: Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1990	15
Skeiðandarbliki við stökkandarhreiður	54
Varp hettumáfa við Blönduós	55
Eggjaát hjá kindum	55
Tildra í varphugleiðingum	57
Veðurhamfarir spilla fuglabyggðum	58
Landnám jaðrakans í Húnavatnssýslum	59
Sjósvala á Ölfusá	60
Fuglatímarit í bókasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands	62
Fuglaskoðunarferðir FÍ	66
Axlarfjaðrir og fleiri fjaðrir	69
Fuglagáta	71
Fréttir	71
Ritfregn	72